



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998



Landamerkjaskrá
fyrir Geithellum í Hofssókn innan Suðurmúlasýslu.

Geithellrar eiga allt land í Geithellradal austan Geithellraár, utan frá sjó og inná Öræfi þangað sem vötnum hallar til austurs og er Geithallraáin takmarkalína að sunnan frá uppsprettu þeirri, er hún rennur úr; út á svo kallaðan Gribbalda yzt og austast á Múlahrygg, þar eru hlaðnar 2 vörður og hin þriðja yzt út við leirur austan við Múlahólma, þegar þessar 3 vörður standast á eptir beinni sjónhending af sjó á Gribbalda þá er hin rjetta landamerkjalinna milli Múlalands og Geithellna sjeð, hvernig sem áin fellur eptir hólmanum. – Milli Melrakkaness og Geithellra en þessi landamerki að norðan fjallseggjar innan af skerjum og útá Melrakkanessfjall og að austan: Stekkáin beina sjónhending frá því hún fellur fram af efsta klettabelti í fjallinu sem sjest að neðan og í ós áarinnar við sjóinn, þe[gar] þessi lína er dregin beint af sjó liggur hún rjett utanvið austasta [ho]rn Stekkhólmanna og í áarósinn og svo vörður er hlaðnar eru [...] utan við Stekkána í beinni línu þarsem hún fellur ofan af [fj]allsbrún. – Geithellrar eiga selveiði alla fyrir sínu landi og reka [...] bæi að landi, selveiði í firðinum, lúru og silungsveiði eins [...] [...]hólma svokallaðan Skeljateigur. – Þess ber að geta, að [...] frá Geithellnalandi og innan þessarra takmarka liggur s[vokall]aðr fátækrapartur Geithellnahrepps eign. Nú er þessum par[ti] úr skipt og hefur hann sín landamörk fyrir sig, svo hvort [...] eykst eða eyðist er það hreppsins tap eða ávinningur [...] er þessum parti er skipt er sjerstakt kot, svo kallað Kamb[...] á nú allt land milli Kambfells og Þrándaráar, allmik[ið] [...] og gott, töluvert skógi vaxið, auk þess á það eptir jarða[...] og jarðardýrleika tilkall til afrjettarlands Geithelladals [...] frá Þrándará og allt á sker upp eptir þeim takmörkum [...] [s]em greind.

Þann 24. marz 1883

[Eig]endur Geithellra: Einar Magnússon, Sig. Ásmundsson Hildur [Brynjólfsdóttir]

Framanskriafaðri landamerkjaskrá eru við eigendur jarðarinnar Múla samþykkir að hún sje rjett.

S. Sigurðsson. G. Sigurðsson

Fyrir hönd fátækraeignarinnar í Geithellum

H.O. Brím (hreppsnefndaroddviti)

Þessari framanritaðri landamerkjaskrá erum við eigendur jarðarinnar Melrakkaness samþykk að hún sje rjett. –

Sigríður Eyjólfsdóttir. Jón Sigurðsson. Guðmundur Eyjólfsson. Björn Bjarnason. Halldóra Bjarnadóttir. Þórkatla Eyjólfsdóttir.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi þann 30. júní 1883.

Jón Johnsen.

[Blaðsíðurnar eru rifnar sem skýrir eyður og hornklofa í texta]



Landamerkjaskrá
fyrir Teigarhorni í Geithellnahreppi. –

Ár 1877 laugardaginn 30. júní riðu í viðurvist prófasts í Suðurmúlasýslu og sýslumanns eptirnefndir menn hreppstjóri H.O. Brím á Rannveigarstöðum vegna prófasts Th. Erlendssonar á Hofi, bóndi Jón Jónsson í Borgargarði, Þorvaldr Stígsson bó[ndi í] Kelduskógum og Sveinbjörn Gunnlaugsson í Berufirði á la[ndamerki jar]ðarinnar Háls í Geithellnahreppi og Teigarhorns í sama hr[eppi t]il þess að ákveða hvar skuli vera landamerki milli hinnar [fyr]nefndu og síðarnefndu jarðar, sem nú af stiptyfirvöldum Íslands [s]amkvæmt Konungbrjefi dags. 21. febr. 1876 er seld Herra Kamme[...] N.P.S. Weiwadt á Djúpavog, sem einnig sjálf er viðstaddr þessa ár[eið].

Landamerki að innan eru glögg og þegar fast ákveðin, nefnilega: grj[...] ndrinn í Valvallarskriðu og þá skriðu uppá fjallsegg, þaðan inn [...]jar að upptökum Búlandsár, síðan ræður Búlandsáin takmör[kum] [ep]tir hún kemur yzt úti dalinn og beygist niður til Berufjarða[r] [á] holti, sem þrír jarðfastir stórir steinar (Þrímenningar) stand[...] hættir áin að vera takmarkalína, og takmörkin mynda línu, sem dregin er frá ofanefndum Þrímenningum (2 stærri steinunum ytri) beina stefnu í vörðuna fyrir innan Gottsteinsmýri; þaðan fyrir ofan Gottsteinsmýri og úti vörðuna á stóra steini, sem stendur í melnum uppfrá Folaldakambi, þaðan beina stefnu í vörðuna utarlega á sama mel, þá í vörðu innan við Djúpabotn, þaðan fyrir ofan hann í vörðu á Klapparmel, rjett fyrir utan og ofan Djúpabotn og neðan við Nautalág, þaðan í vörðu á hæsta mel út og uppaf Dvergsteini, þá beina stefnu í vörðu uppaf Nautahúsbotnum, frá henni beina stefnu í vörðu fast út undir Hálsamótum, þar sem klettarnir falla þver hnýft ofaní Merkilækjargil, þaðan beina stefnu í vörðu sem hlaðin var fyrir innan Merkilæk; úr því ræður Merkilækur, þartil hann rjett fyrir innan [Efr]eyjarnes fellur úti Berufjörð. –

Að framanskriðuð takmörk skuli framvegis vera landamerki jarðarinnar Teigarhorns eru allir hlutaðeigendr sem viðstaddir eru sáttir á. –

Staddir á Djúpavogi 30. júní 1877

H.O. Brím. – Jón Jónsson. – Þ. Stígsson. – Sveinbjörn Gunnlaugsson (handsalaði)

Viðstaddir:

Jón Johnsen. – Þ. Þórarinsson. – N.P.E. Weywadt.

Gjörningur þessi samþykkist.

Stiptyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 18. oktbr. 1877

Bergur Thorberg.

P. Pjetursson

Ofanskriðuð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir umráðamenn aðliggjandi jarða, sem eru: Urðarteigur, Háls og Búlandsnes. –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Djúpavogarmantalsþingi 30. júní 1883.
P. Þórarinnsson (umráðamaður Urðarteigs)
Br. Jónsson (umráðamaður Hálskirkju)
H.O. Brím (umráðamaður Búlandsness)

Þinglýst í Djúpavogarmantalsþingi 30. júní 1883
Jón Johnsen

[fyrri síðan í bókinni er rifin á jöðrum sem skýrir eyður og hornklofa í texta]



Landamerkjaskrá
fyrir Melrakknesi í Hofssókn innan Smsýslu.

Jörðin Melrakknes á allt land norður að Knarhúsá, beina sjónhending frá þar sem áin fellur í sjóinn uppí skarð í fjallinu efst, þar sem hún fellur framaf og sjest að neðan af alfaravegi; þaðan beint uppí fjallseggjar og svo út í Melrakknesfjall í Stekká, þarsem hún fellur framaf efsta klettabelti í fjallsbrúninni sem sjest að neðan, beina línu í ós áarinnar þar sem hún fellur í sjóinn, þegar þessi lína er dregin beint af sjó liggur hún rjett utanvið austastahorn Stekkshólmannna og í áarósinn og svo vörður sem hlaðnar eru og Stakkáin þar sem hún fellur ofanaf fjallsbrúninni. – Melrakknes á alla selveiði, lúru og silungsveiði fyrir sínu landi og reka ef nokkurn bæri að landi. – Einnig á jörðin nokkurn vog út frá landi rekafjöru áfasta við Hofsfjöru; úti á þessum sandi er ekki hægt að setja mark fyrir sjóargangi og eru því mið á landi, sem er: Votaberg á Ósnestanga á að bera á Kambárfoss, þá eru rjett fjörumörk milli Melrakkness og Hofs að sunnan; þaðan að sunnan á Melrakknes alla rekafjöru austur að Melrakknesós, einnig þar grashólma við ósinn, svokallaða Hrómundsey og fyrir austan ósinn Sandrif allt austur að austan Hvalskeri, af skerinu og beint út yfir rifið í sjó, þar eru rétt fjörumörk að austan milli Melrakkness og Hofs. – Ennfremur ber þess að geta að jörðin Melrakknes á afrjettarland á Hamarsdal sunnan Hamarsáar frá Kálfauragili (Gufugil) að utan og á sker upp og inn, nema hvað Bragðavellir eiga í sameining við Melrakknes fjórðapart afrjettarlandsins. –

Þann 12. apríl 1883.

Eigendur jarðarinnar Melrakkness:

Guðmundr Eyólfsson. – Sigríður Eyjólfsdóttir. –

Þórkatla Eyjólfsdóttir. – Jón Sigurðsson

Björn Bjarnason. – Halldóra Bjarnadóttir

Framanritaðri landamerkjaskrá erum við eigendur jarðarinnar Geithella samþykkir:

Einar Magnússon. – Sigurður Ásmundsson

Hildur Brynjólfsdóttir.

Eigandi jarðarinnar Bragðavalla er þessu samþykkur

Jón Þorsteinsson

Að svo kölluð Hvalsker sjeu fjörumörk milli Þvottáreyja og Melrakknesfjöru samþykkist hérmeð af mér undirrituðum.

Hof í Álptafirði 19-4-83

Br. Jónsson

Þinglýst á Djúparvogarmanttalsþingi 30. júní 1883

Jón Johnsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjaskrá
fyrir Bragðavöllum í Hálssókn innan Smsýslu.

Bragðavellir eiga allt land útað Knarhúsá, þarsem hún fellur í sjóinn, þaðan beina línu uppí skarð efst í fjallinu þarsem hún fellur framaf og sjest neðan af alfarvegi, úr skarðinu beint uppí fjallseggjar og svo inn fjallseggjar að Kálfauragili (Gufugili), þaðan beint ofaní Hamarsá, svo er Hamarsá landamerkjaliná út á Einstígsfoss, af fossinum beina línu út á Klettahyl, af hylnum beint í stein sem stendur sunnantil á Hamarsleirum. Bragðavellir á selveiði, lúru og silungsveiði meðfram sínu landi í firðinum; einnig reka ef nokkurn bæri að landi; þess ber að geta, að jörðin Bragðarvellir á í sameiningu við Melrakknes fjórða part afréttarlands frá Gufugili og inn og uppá sker sunnanmegin Hamarsáar.-

Þann 18. apríl 1883

eigandi jarðarinnar Bragðavalla

Jón Þorsteinsson

Þessari landamerkjaskrá erum við samþykkir eigendur Melrakkness að hún sje rjett. –

Jón Sigurðsson. – Björn Bjarnason. –

Guðmundur Eyjólfsson. – Sigríður Eyjólfsdóttir

Þórkatla Eyjólfsdóttir. – Haldóra Bjarnadóttir

Samþykkur því, að Hamarsá útá Einstígsfoss, af fossinum beina línu útá Klettahyl, af hylnum beint í stein sem stendr sunnantil á Hamarsleirum, þaðan rjett í sjó og þetta séu glöggvari landamerki og betri milli Hamars og Bragðavalla en þau eg hef sett milli Hamars og Bragðavalla, þarsem talað er um Hofsprestakallsjarðir, og svo er að orðum kveðið að Hamarsá ráði milli Hamars og Bragðavalla, votta eg hérmeð og bíð sýslum. í Sms að lagfæra. –

Hof í Álptafirði 19. apríl 1883

Br. Jónsson

Þinglýst á Djúpavogarmannspingi 30. júní 1883

Jón Johnsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjaskrá:

Veturhús eiga allt land millum Hraungils og Steinár; þannig að Steiná ræður landamerkjum að austan, hún fellur niður hlíðar og rennur í Hamarsá rjett fyrir utan Veturhús. – Hraungil er stórt og auðkennilegt gil og liggur þvert niður hlíðar að sljettu, það er skamman veg fyrir utan Hamarsbætur; Hraungil ræður mörkum að vestan og á Hamar allt land þar fyrir innan. –

Búlandsnesi 29. júní 1883.

eptir fullmakt frá umboðsmanni Páli Ólafssyni á Hallfreðarstöðum

H.O. Brím

Samþykkur nefndri landamerkjaskrá

Hof 30-6-1883

Br. Jónsson. –

Þinglýst í Djúpavogarmannspingi 30. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerkjaskrá
fyrir Skála.

Ár 1883, þann 26. maí voru undirskrifaðir jarðeigendur tilstaðar á landamerkjum að utan milli jarðanna Skála og Gautavíkur innan Beruneshrepps og Sms., að setja og uppyngja landamerki milli tjeðra jarða; landamerki eru þannig neðst við sjó að utan er merki hinn svokallaði langiklettur, hið ytra og efra horn á honum þar að skilur flóð frá öðrum kletti, úr tjeðum kletti bein lína í stein innan á Búðarmelnum og nú er kallaður merkisteinn og hlaðið vörðu á steininn, úr honum bein lína í hraunhorn sem er utan á svokallaðri Fögrukinn og er nú hlaðið vörðu í tjeð hraunhorn og kallast merkivarða; úr þeirri vörðu bein lína í læk sem kemur ofan úr svonefndum Klofaklettum og er miðað frá sjó í lækinn þar sem hann hverfur ofan í svokallað Hrafnagil, síðan ræður bein lína úr læknum í áðurnefndum Klofaklettum og á fjall upp; þessi landamerki eru samhljóða að öllu verulegu áreið sem var gjörð þann 29. okt. 1855. –

Landamerki að innan milli Skála og Kelduskóga eru þessi: merkiárós við sjó ræður og úr honum bein lína í innri enda og efri á svo kölluðu Snjófannargili og úr því bein lína í svonefnt Stangarskarð, allir tangar á nefndri merkiá falli í faðma. –

Skála 26. maí 1883

Bjarni Þórarinsson. – E. Sigurðsson

Þ. Þórarinsson (umráðamaður Kelduskóga og 4^{hndr} úr Skála)

Þ. Þorláksson (ábúandi á Gautavík)

Snjólfur Þórðarson (eigandi að 3^{hndr} úr Gautavík)

Þinglýst í Djúpavogarmantalsþingi 30. júní 1883.

Jón Johnsen



Landamörk
jarðarinnar Geldings eru:

1. að utan Gilsá, þaðan sem hún fellur í Nyrðridalsá, eins og hún rennur frá uppsprettum skammt fyrir neðan svokallað lambaskarð í Gilsárdalsdrögum. –
2. að innan eða milli Geldings og Þorvaldsstaða svokallaðr Marklækur einsog hann rennur frá marklækjar uppsprettum og þartil hann fellur í nyrðridalsá, en frá marklækjar uppsprettu bein sjónhending upp þartil vötnum hallar vestur af Geldingsmúla og svo eptir fjallsbrún í áður nefnt lambaskarð. –
3. að neðan eða milli Geldings, Dýsastaða og Tóarsels nyrðridalsá frá marklækjarósi til þess er Gilsá fellur í hana. –

Geldingi 26. júní 1883

Jónas P. Bóasson (jarðeigandi og ábúandi)

Árnibjörn Árnason (eigandi Dýsastaða 10 hundraða)

Þórðr Guðmundsson (eigandi 2 ½^{hndr} úr Tóarseli, og umráðamaðr að ½ úr sömu jörð)

Sigurðr Guðmundsson (eig. að Þorvaldsstöðum og eig. og umráðam. að 10^{hndr} úr Dýsast.hól

Þorgr. Jónsson (eigandi 6^{hndr} úr Gilsá)

Einar Gíslason (eigandi að 4^{hndr} úr Þorvaldsst.)

Sveinn Björgólfsson (umráðamaðr 1/3 hundraða úr Gilsá)

Jón Guðmundsson (eig. að 1½^{hndr} úr Tóarseli)

Daníel Sigurðsson (eig. að 1½^{hndr} úr Tóarseli)

Guðjón Jónsson (eigandi að 3^{hndr} úr Gilsá)

M. Bergsson (eigandi 3^{hndr} úr Gilsá)

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerki
jarðarinnar Gilsá eru:

Þannig: Tinnudalsá (að utan), þar sem hún fellur í Dalsá, eptir henni allri, í upptök hennar og allt uppí fjallseggjar, (sem aðskilur Gilsárland frá Eydalalandi), eptir fjallseggjum í Reindalsheiðarskarð og þaðan í upptök Gilsár, eptir henni allri, að innan, (sem aðskilur Gilsárland frá Geldingslandi) þar til hún fellur í Dalsá, síðan eptir Dalsá allt þar til Tinnudalsá fellur í hana, sem aðskilur Gilsárland frá Kleyfarlöndum. –

Gilsá, Bjargi og Gilsárstekk 20. júní 1883

Sveinn Björgólfsson (umráðamaðr 1/3 úr Gilsá)

Guðjón Jónsson. – Þorgr. Jónsson (eigandi 2/3 úr Gilsá).

M. Bergsson (prestr til Eydala)

Sólrún Sveinsdóttir (eigandi að 7 ½^{hndr} úr Kleyf)

Jón Arnason (eigandi 3^{hndr} úr Kleyf)

Árni Arnason (eigandi og umráðam. að 3^{hndr} úr Kleyf)

Jón Arnason (umráðamaðr 4 ½ hundruðum úr Kleyf)

Jónas P. Bóasson (eigandi Geldings)

Þinglýst á ~~Djúpvogar~~^{Eydala} manntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerki
jarðarinnar „Ánastaða“ eru:

milli Ánastaða og Þorgrímsstaða: Hesthálsárgil að neðan en Rauðihryggur að ofan. –
milli Ánastaða og lands þess, sem Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel eiga fyrir sunnan
Breiðdalsá: járnhryggur, sem liggur upp fjallið fyrir utan Álfhól. –

Ánastöðum 29. maí 1883

Sigurður Hallsson (ábúandi á Ánastöðum)

Ofangreind landamerki samþykkja.

Þorgrímsstöðum 29. maí 1883

Guðm. Finnbogason (ábúandi)

Björn Einarsson. – Einar Gíslason. – Hóseas Bjarnarson. – Jón Finnbogason (eigendr og
umráðmenn Höskuldsstaða og Sels)

Þinglýst í Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen

[Skástrikað yfir skjalið]

Sbr. nýtt landamerkjabréf bls. 92



Landamerkjaskrá

Innri- og Ytrikleyfar ásamt Kleyfarstekks eru:

að utanverðu: Tinnudalsá millum Eydala og Kleyfa; að norðanverðu: Norðurdalsá millum Gilsár og Kleyfa; að innanverðu: Merikambur, í Hlíðarklettunum að sunnanverðu millum Kleyfa og Dýsastaða, og úr honum beina sjónhending norður yfir fjall í skógarhól eptir því sem merkjavörður tilvísa og þá beint í Dalsá; en sunnanmegin beina sjónhending úr fyrrnefndum Merikambi í svokallaða illukeldu í blánni, þar sem hún fer að dreifa sjer, sem stefni á svokallað miðmundagil í Tröllhömrum í Suðurfjalli; svo aptur út blána, millum Randversstaða og Kleyfa beina sjónhending frá nefndri keldu og í ker það sem er innanvert við Axartjörn, svo ræður kíllinn sem úr henni fellur merkjum í Randverstaðakíl og hann svo aþtr þartil hann fellur í Breiðdalsá, eptir það ræður Breiðdalsá merkjum þaðan frá allt þartil að Tinnudalsá fellur í hana. – Samþykkt og undirskrifað af eigendum og umráðamönnum Kleyfanna og næstliggjandi jarða þann 15. júní 1883. –

M. Bergsson (prestr til Eydala, samþykkir landamerki milli Randversstaða og Framkleyfar í blánni). –

Jón Árnason. – Árni Árnason. – Sólrún Sveinsdóttir (handsalað) – Sigurdr Guðmundsson

Jón Árnason. – Árnibjörn Árnason. – Þorgr. Jónsson

Sveinn Björgólfsson (umráðamaðr 6^{hndr} úr Gilsá)

Guðjón Jónsson (eigandi 3^{hndr} úr Gilsá).

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerkjaskrá
Þorgrímsstaða í Breiðdal eru:

við Höskuldsstaðasel: Merkidalur og Merkigil, er liggur niður úr merkidalnum og í merkilág, sem er niður við Breiðdalsá, og sjer maðr úr henni fossinn í Anastaðagili. –

við Vatnsskóga: á Breiðdalsheiði er Tjarnarás, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna.

–

við Ánastaði: Hesthálsárgil að neðan, en, Rauðihryggur að ofan. –

Þorgrímsstöðum 29. maí 1883

Guðm. Finnbogason

Ofanskrifuðum landamerkjum samþykkir

Höskuldsstaðaseli 29. maí 1883

Björn Eiríksson. – Jón Finnbogason

Samkvæmt máldögum Þingmúlakirkju, þeim er eg hef undir höndum er eg framanskrifuðum landamerkjum samþykkur.

Þingmúla 6. júní 1883

Páll Pálsson.

Ofangreind landamerki samþykkir

Ánastöðum 29. maí 1883

Sigurður Hallsson (ábúandi)

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerki

Hvalness í Stöðvarfirði eru þessi:

1. að sunnan milli Hvalness og Snæhvamms svonefndur: Merkikambur í Hvalnesskriðum.
2. að norðan milli Hvalnes og Stöðvar ræður sjónhending að innan, úr arfarveginum, þar hún ofan fellur, rjett útúr „Kringlunni“ fyrir norðan hól þann, er „Þúfan“ stendur á, og svo rjettsýnis úti sjó. –

Þessum landamerkjum til staðfestu eru nöfn og innsigli hér undirskrifaðra umráðamanna og ábúanda.

Jón Austmann (prestr að Stöð) (L.S.)

P. Stefánsson (sameigandi Snæhvamms) L.S.

E. Eyjólfsson (sameigandi) L.S.

Benidikt Benidiktsson (ábúandi á Hvalnesi)

Guðmundur Guðmundsson ábúandi: fyrir hönd prestsins í Þingmúla.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerki

Prestssetursins Stöðvar í Stöðvarfirði eru þessi:

1. að austan – milli Stöðvar og Kirkjubólssels: úr fornum farvegi syðri Vallarár og framí Stöðvará og svo rjettsýnis úti sjó, og uppí hærztu fjallatinda þarsem vötnum hallar. –
2. að sunnan milli Stöðvar og Hvalness: ræður sjónhending að innan úr árfarvegnum þar hún ofan fellur rjett útúr „Kringlunni“ fyrir norðan hól þann er „Púfan“ stendur á og svo rjettsýnis úti sjó. –
3. að norðan og vestan ráða fjöll landamerkjum milli Stöðvarfjarðar, Breiðdals og Fáskrúðsfjarðar. –

Þessum landamerkjum eru til staðfestu nöfn og signet [h]ér undirskrifaðra umráðamanna og ábúanda.

Jón Austmann (prestr að Stöð) (L.S.)

Þórður Árnason (bóndi á Kirkjubólsseli) (L.S.)

Guðmundur Guðmundsson (ábúandi á 2/3 úr Hvalnesi, sem er Þingmúla kirkju eign (handsalað nafn)

Benidikt Benidiktsson (ábúandi 1/3 úr Hvalnesi). –

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883

Jón Johnsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki

Stöðvar kirkjujarðarinnar Kolmúla

Liggjandi við Reiðarfjörð eru þessi:

að innan eða milli næstu jarðar Hafranness og Kolmúla ræður „Grákambur“ innaná Kolmúlatindi og „Hafnarþúfa“ utanvert við „Djúpavog“. –

að utan eða milli Vattarness og Kolmúla ræður „Skarðá“ landamerkjum. –

Þessu til sönnunar eru hjer undirskrifuð nöfn hlutaðeiganda. –

Jón Austmann (prestur að Stöð)

Indriði Sturluson. – Þorðr Grímsson (bændur á Vattarnesi)

Hálfván Þorsteinsson. – Guðm. Einarsson (bændur á Hafranesi).

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 7. júní 1883

Jón Johnson



Landamerki

eignarjarðar minnar Rima í Mjóafirði eru:

[... að] austan [frá upptökum] til óss [...] [rifið neðan af blaðsíðunni]

að vestan, frá upptökum til óss; þó skulu landamerkin ætíð um þannig við sjóinn, að miðja Merkibássins ráði hvort sem lækurinn fellur í sjóinn utarlega, framarlega eða í miðjum básnum.

– Á aðrar hliðar ræður sjór hið neðra og fjallaeggjar hið efra.

Land jarðarinnar Rim er þá allt það næst sem liggur innan téðra takmarka og á engin önnur jörð eða maðr nokkurt ítak í jörðinni Rim, né heldur Rimi í nockurri annarri jörð. –

Fins. 6. júní 1883

O. Guðmundsson (eigandi Rima)

Vilhjálmur Hjálmarsson (eigandi Brekku)

A. Vilhjálmsson (eigandi Hofis)

Þinglýst í Skorrastaðarmanntalsþingi 7. júlí 1883

Jón Johnsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki

eignarjarðar minnar Brekku í Mjóafirði eru:

Merkilækur að austan frá upptökum til óss, þó þannig að landamerkið við sjóinn sé ætíð í miðjum Merkibás, hvort sem merkilækurinn rennur við ytri Kambinn eða hinn innri, eða í miðjum básnum. Að vestan er merkið við sjó: Merkinef á Vígdeildarhamri, sem merkt er H.B. (Hesteyri og Brekka) og bein stefna þaðan til fjalls, sem landamerkjavörður sýna. – Á aðrar hliðar ráða sjór og fjallaeggjar.

Land jarðarinnar Brekku er því allt það svæði er liggur innan téðra takmarka og á engin önnur jörð eða maðr nokkurt ítak í Brekku, né heldur Brekka í öðrum jörðum. –

Brekku 6. júlí 1883

Vilhjálmur Hjálmarsson (eigandi Brekku)

G. Guðmundsson (eigandi Hesteyrar)

[rifið neðan af blaðsíðu]



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki

jarðarinnar Þrándarstaða í Eyðahreppi

innan Sms eru þessi: að austan eða utan móti Mýrneslandi úr vörðu sem stendr í láginni fyrir miðri Sandbotnablá, þaðan í grenisaxlarklett utantil, þaðan upp í fremri bug á Þrándarstaðaá, þaðan í vörðu á hálsbrún, sem ber við lopt, þegar miðað er að neðan, þaðan beina leið austur á heiði; að norðan úr vörðunni fyrir miðri Sandbotnablá, beina stefnu eptir miðri blánni vestur í vörðu sem stendur í enda áss þess, sem liggur út að tjeðri blá suðvestanverðri, þaðan beina leið í vörðu á Finnstaðalandamerkjum; að vestan úr næstumgetinni vörðu í merkistein utanundir Ekruhrauni, þaðan í vörðu á stórasteinshlíð, þaðan beina sjónhending og austur á heiði eptir því sem landamerki koma að neðan. – Þessu ofanskriðu eru allir hlutaðeigendur samþykkir. –

Mýrnesi 2. júní 1883.

Jón Rafnsson (eigandi Þrándarstaða)

Jón Magnússon (eigandi Mýrness)

Árni Jónsson (eigandi Finnstaða)

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 4. júní 1883

Jón Johnsen



Landamerkjaskrá
jarðarinnar Brennistaða í Eyðapinghá

Undirskrifaðir Árni Magnússon og Jón Magnússon lögfestum í dag óðals- og eignarjörð vora Brennistaði 9.76^{hndr} að dýrleika, liggjandi í Eyðahreppi innan Sms., lögfestum við hérmeð tjeðrar jarðar tún og engjar, holt og haga og allar landsnytjar, hverju nafni sem heita, er því landi fylgja eiga og fylgt hafa að fornu og nýju, og eignarrjettur vor framast stendur til. – Landamerki nefndrar jarðar eru þessi: að neðan móti Hjartarstöðum í Unalæk á móts við svo kallaðan Oddastein er stendur neðan við tjeðan læk en austur af dæld utanundir háu öxlinni, þaðan rjettsýnis, þaðan rjettsýnis austur í vörðu sem stendur hjá reiðgötu á Bleiksás, þar sem fyrst sjest heim að Hjartarst., svo eptir sjónhending upp í vörðu utanundir Breiðáshæð, þaðan upp fyrir utan hútuenni beina leið upp á milli Sandhauga, þaðan upp utan í Víðirdalshöfða í Núpsá, er síðan skilur löndin til fjalls þartil hún fellur fyrst til Hjeraðs. – en að neðan skilur tjeðr Unalækur land milli Gilsárteigs og Brennistaða (eptir skrifl. landamerkjasamningi þann 5. júlí 1819) fram á móts við Markstein, sem stendur austan á Langás. – Þaðan beina leið í Sjónaraxlarklett, þaðan í Unalækjargil framan undir Storás, síðan ræður Unalækur til fjalls upp þartil hann bugar til vesturs, þaðan sjónhending upp utanundir grjótsupsarenda (sic), þaðan í skarðið framan undir efrimúla, þaðan austur í Unaleiði, þartil vötnum hallar fyrst til Hjeraðs. – Fyrirbjóðum vér því hverjum manni héreptir að nota eður nýta láta nokkuð innan greindra takmarka sem nefndri jörðu tilheyrir, nema vort fullkomið leyfi fáist þartil lögfestum vjer að fullu og öllu land þetta eptir því sem lög standa til, að vitnis þeim sem orð vor heyra. –

Brennistöðum 31. maí 1883

Árni Magnússon (handsalar)

Jón Magnússon (handsalar)

(eigendur Brennistaða)



Undirskrifaðir Árni Magnúss. á Brennist. og Þórarinn Jónsson stendur til. – (einsog Brennistaða)

Landamerki nefndrar jarðar eru þessi: að norðan Gilsá að utan eða austan móti Hjartarstaðalandi frá Gilsá í vörðu utanundir háu öxl og þaðan í Oddastein, þaðan í Unalæk (sjá Brennistaða lögfestu) sem aðskilur Brennistaða og Gilsárteigslönd fram á móts við Merkistein á Langás, frá Marksteini beina leið í Sjónaraxlarklett, þaðan í Unalækjargil framanundir Stórás, eptir það ~~ferur~~ ræður Unalækur merkjum til fjalls, þartil hann bugar til vesturs. Þaðan sjónhending upp utanundir Grjótupsarenda, þaðan í skarðið framan undir efrimúla, þaðan í Unaleiði þartil vötnum hallar fyrst til Hjerað, að sunnan eptir því sem vötnum hallar milli Hjeraðs og Fjarða allt vestur að vatninu á Vestdalsheiði, að vestan Vestdalsheiðarvatn, og Gilsá sem hefur upptök sín úr vatninu. –

Fyrirbjóðum vér ... að vitni þeim sem orð vor heyra.

Gilsárteigi 31. maí 1883,
Árni Magnússon (hands.)
Þórarinn Jónsson (hands.)

Framanskriфаða lögfestu samþykki ég hérmeð. –

Hjartarstöðum 2. júní 1883.
Jóhannes Sveinsson

Við eigendr Brennistaða Árni Magnússon og Jón Magnússon samþykkjum framanskriфуð landamerki Gilsárteigs.

Árni Magnússon (hands.)
Jón Magnússon (hands.)

Framanskriфаðri lögfestu er eg samþykkur

G. Vigfússon (ábúandi á Eyðum)

Þinglýst á Egilstaðamanntalsþingi 4. júní 1883

Jón Johnsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjaskrá millum Búlandsnes og Hálskirkjulands og Teigarhorns. –

Búlandsnes á allt Búland útá yztu tanga beggjamegin, og svokallaðar Búlandsneseyjar: Grunnasundsey, Úlfsey, Hvaley, Úlfseyjar, Hólma, Tögl og Kjálk, Ormarshólma, Æðarsker, Hvaleyjarsker, Þúfuhólma, Falka þríshólma, Þottárshólma, Úlfseyjarstapa. – Búlandsnes á selveiði kringum öll nefnd sker og reka svo langt sem landhelgi nær að rjettum lögum og varp í eyjum. – Landamörk norðan Búlandsneshálsa og um Hálsana millum Teigarhorns eru: svokölluð hálsamót og Hálsamótalækur frá uppsprettu norðan í Hálsamótum og beina leið til sjávar eptir hlöðnum landamerkjavörðum. –

Sunnan Búlandsneshálsa á Búlandsnes land úr Votabergi fyrir innan og ofan Merki og um Merkistein og þaðan beina línu í Kolþúfu við sjó fyrir innan Stórhólamyri, þannig að Kolþúfa, Merkisteinn og Votaberg stentz á í beinni línu.

Framanskriðuð landamörk eru staðfest af Helga biskupi og hafa verið brúkuð og haldin rjett frá ómunatíð og fram á þennan dag. –

Búlandsnesi 8. janúar 1884.-

Fyrir Geithellnahrepp: H.O. Brím.-

Ábúendur Búlandsness og Borgargarðs:

H.O. Brím. – Jón Jónsson. – Þórunn Eiríksdóttir

Fyrir hönd Hálskirkju: Br. Jónsson. –

Eigandi Teigarhorns: Sophie Weywadt.

Þinglýst í Djúpavogarmannntalsþingi 23. júní 1884

Jón Johnsen



Landamerki
þjóðjarðarinnar „Vaðs“ í Skriðdal.

Að framan ræður neðan úr Grímsá „Merkilækur“ uppað „Þrætutanga“ þarsem bugurinn byrjar, og skal þar merkivörðu hlaða; úr þeirri vörðu ræður bein lína norður á Skarðshrygg. Að austan ræður Grímsá, að utanverðu ræður bein stefna frá „Spana“ ofaní Grímsá við Merkilækjarós, að ofanverðu ræður Skarðshryggslækur.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar eptir fullmakt

Vaði 16. júní 1884

B. Ívarsson.

Fyrir hönd Hallormsstaðar og Geirúfsstaða
samþykkur Páll Pálsson prestur til Hallormsst.

Jón Guðmundsson (eigandi Freyshóla)

Stefán Einarsson (eigandi Hafursár)

Sigurðr Einarsson (eigandi Hafursár).

Einar Jónsson (eigandi Stórasandfells)

B. Jónsson (prestur til Vallaness)

Þinglýst í Þingmúlamannatalsþingi 20. júní 1884

Jón Johnsen



Landamerki
kirkjujarðarinnar Geirúfsstaða eru:

að austan gagnvart Litlasandfelli ræður Grímsá, að inna gagnvart Mýrum bein lína úr Einbúamel uppí Merkistein á hálsbrúninni – utanvið Mekimel en framanvið Merkigrafnings – að norðan og ofan ræður hálsbrúnin að austan (stefnan er inn frá Skarðshrygg, austanvert við „Prestflóa“ og „Sandhóla“) og að utan gagnvart Vaði ræður Merkilækur uppað „Prætutanga“, þarsem bugurinn byrjar (og skal þar merkivörðu hlaða); úr þeirri vörðu ræður bein stefna norður á Skarðshrygg (og verður þá það af tanganum sem fyrir framan stefnu þessa er í Geirúfsstaðalandi).

Geirúfsstöðum 27. maí 1884

Finnur Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd Mýra og Hallormsstaðar samþykkir:

Pjetur Guðundsson, Páll Pálsson

Fyrir hönd Litlasandfells samþykkir

Þuríður Jónsdóttir.

Fyrir hönd Vaðs samþykkja á inntöku viðfestu Vaði

dags. p.t. Litlasandfelli 9. júní 1884

Páll Pálsson (prestur að Hallormsstað)

Páll Ólafsson (umboðsmaður). – B. Ívarsson

Þinglýst á Þingmúlamannatalsþingi 20. júní 1884

Jón Johnsen



Landamerki kirkjujarðarinnar Mýra í Skriðdal eru:

að austan gagnvart Flögu Arnhólsstöðum og Eyrarteigi ræður Grimsá, að innan gagnvart Flögu, bein stefna úr, „grafarlækjaros“ þar sem hann fellur í ána og í hraun það uppi hálsbrúninni sem „Þúfa“ er nefnd, að norðan og ofan gagnvart Hallormsstað ræður hálsbrúnin að austan, að utan móti Geirúlfstöðum bein (stefna) lína úr „Einbuavörðu“ uppi „Merkistein“ í hálsbrúninni, og liggur línan utanvið „Merkimel“, en framan við „merkigrafnung.“

Mýrum 28. maí 1884

Pjetur Guðmundsson.

Fyrir hönd Hallormsstaðar, Flögu og Geirúlfstaða, samþykkur

Páll Pálsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur

Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd Eyrarteigs

Jón Ívarsson.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884.

Jón Johnsen.



Landamerki kirkjujarðarinnar Flögu í Skriðdal:

að innan ræður merkilækurinn sem fellur ofan utan til úr „Grafarbotni“, og niður úr brekkunum og þaðan bein stefna í „Merkiþúfu“ sem nefndi er í blánni og ofan í Geitdalsá, en að utan ræður bein stefna úr hrauni uppí hálsbrúninni, sem „Þúfa“ er nefnd, og í „Grafarlækjsós“ þar sem lækurinn fellur í ána; að austan ræður Geitdalsá gagnvart Þingmúla, og að ofan móti Hallormsstað hálsbrúnin að austan.

Flögu 15. maí 1883.

GEinarsson.

Fyrir hönd Þingmúla og Hallormsstað samþykkir.

Þingmúla 31. maí 1884

Páll Pálsson

Fyrir hönd Mýra samþykkir

Pjetur Guðmundsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkir

Benedikt Eyjólfsson.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884.

Jón Jóhnsen



Landamerkjalysing
jarðarinnar Þorvaldsstaða í Skriðdal.

Að austan gagnvart Þingmúla ræður Geitdalsá, að utan gagnvart Flögu ræður „merkilækur“ sem fellur ofan utantil úr „Grafarbotn“ niður úr brekkunum, og þaðan bein stefna í „Merkjapúfu“ sem nefnd er í blánni og ofan í Geitdalsá; að ofan gagnvart Hallormsstað ræður „Hraungarður“ þar sem hann ber hæzt inná Geitdalslandi, og að innan gagnvart Geitdal ræður „Marká“ eins og hún nú fellur, alla leið ofan úr hálsbrún niður í Geitdalsá.

Þorvaldsstöðum 31. Maí 1884.

Benedikt Eyjólfsson

Fyrir hönd Geitdals samþykkur

Pjetur Guðmundsson

Fyrir hönd Þingmúla, Flögu og Hallormsstaðar samþykkur

Þingmúla 31. maí 1884.

Páll Pálsson.

Þinglýst á Þingmúlamannatalþingi 20. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamörk fyrir jörðinni Geitdal,

að utan ræður „Marká“ sem kemur ofan úr „Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður „Hraungarður“ allt inn að innri „Sauða sem hefur upptök sín úr „Hraungarðsslakka“ og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar „Búðartungur“ sem sra Páll Pálsson hefur á Þingmúla hefur uppglökkvað að Þingmúlakirkja egi.

Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstaðar, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið ut dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla.

Mýrum og Geitdal 14. júní 1884

Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson eigendur Geitdals.

Samþykkur Páll Pálsson.

Samþykkur Benedikt Eyjólfsson.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884

Jón Johnssen.

Samkvæmt máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkja: Búðartungur „efri og ytri“ sem eru innanvert við Geitdalsafrett.

Þingmúla 28. maí 1884.

Páll Pálsson.

Takmörkin á Búðartungum eru: að utan „Sauða“ norður á „Hornbrynju“, sem ræður svo að norðan, að innan „Hraun“ innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.

Páll Pálsson

Landamerkjalytingu þessari og eigarheimild eru samþykkir:

Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson, eigendur Geitdals.

Fyrir Hallormsstað Páll Pálsson.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrivarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrivarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Þingmúla 7. júní 1883.

Páll Pálsson

Framanskriðuð landamerki milli Þingmúla í Skriðdal og Þorgrímsstaða í Breiðdal samþykkir.

Þorgrímsstöðum 8. júní 1883.

Guðm. Finnbogason.

Framanskriðuð landamerki milli Berufjarðar í Beruneshr. og Þingmúla í Skriðdalshrepp samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðar kirkju.

Berufirði 8. júní 1884.

ÞÞorsteinsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur Antoníus Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd þjóðjarðarinnar Hauga samþykkur Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur GEinarsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkur Benedikt Eyjólfsson.

Fyrir hönd Geitdals samþykkir Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Fyrir hönd Tóarsels samþykkir Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson.

Þinglýst á Þingmúla manntalsþingi 20. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerki þjóðjarðarinnar Hauga í Skriðdal:

að utan ræður „Haugaá“ (Stuttadalsá), að innan ræður „Vatnsdalsá“, að neðan „Múlaá“, að ofan „Vatnsdalsvarp“ og „Stuttadalsvarp“.

Staddur að Þingmúla 9. júní 1884.

Páll Pálsson prestur á Þingmúla.

Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Þórður Guðmundsson á Tóarseli.

Sigurður Guðmundsson bóndi á Þorvaldsstöðum.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki milli Hallbjarnarstaða og Víðirlækjar-lands í Skriðdal og Þorvaldsstaða í Breiðdal eru: „Stuttadalsvarp“, eptir því sem vötnum hallar, og „Stafnsheiðarvarp“ innaf „Stafnsheiðardal, eptir sem vötnum hallar, en þar á milli ráða fjallaeggjarnar.

Þingmúla 31. maí 1884.

Páll Pálsson.

Sigurður Guðmundsson

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Hallbjarnarstaða mér hjáleigunni Víðirlæk eru: að framan „Stuttadalsá“, er greinir Haugaland á fjall upp, að vestan „Múlaá“ að norðan „Jóka“, inn að „Brúðardalsá“, þá „Stafnsheiðará“, innað „Stafnsheiði“, þaðan „Djúpadalsá“, á varp upp þar sem vötnum hallar, og skilja þessi síðastnefndu mörk Arnhólsstaðaland; að austan ráða „vörp“ og „fjallsroðlar“ eptir sem vötnum hallar.

Þingmúla 18. maí 1883.

Páll Pálsson

Fyrir hönd ábýlisjarðar minnar Arnhólsstaða hef jeg ekkert út á þessi landamerki að setja.

Arnhólsstöðum 18. maí 1883

Antoníus Björnsson.

S. Guðmundsson á Þorvaldsstöðum í Breiðdal. fylgisk:

Fyrir hönd Þingmúlastaðar

Páll Pálsson.

Þinglýst á Þingmúlamanntalsþingi 20. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamörk jarðarinnar Arnhólsstaða eru að innan áin „Jóka“, sem innst nefnist nefnist „Djúpadalsá“, og ræður hún á Djúpadalsvarp; þá ræður „Þórdalsheiði“, eptir sem vötnum hallar; að utan ræður „Eyrarteigsá“ frá fjalli, og skriða sú er hún áður rann eptir fram með Eyrarteigi, og beina stefnu á Mýrabæ norður í Grímsá. Að öðru leyti ræður Grímsá að norðan og fjall að austan eptir sem vötnum hallar.

Arnhólsstöðum 25. júní 1884.

Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd Hallbjarnarstaða er eg samþykkur framanskriafaðri landamerkjalytingu.

Þingmúla 25. júní 1883

Páll Pálsson.

Sömuleiðis fyrir Þingmúlaland.

Páll Pálsson.

Framanskriafað samþykkir Stuðla vegna.

Eyjólfur Þorsteinsson.

Sömuleiðis fyrir Áreyjarland,

Jóhann Edvarð Pjetursson.

Fyrir Eyrarteig samþykkir,

Jón Ívarsson.

Þinglýst á Þingmúlamannatalsþingi 20. júní 1884

Jón Johnssen



Landamerki jarðarinnar Eyrarteigs eru: að innan ræður „Eyrarteigsá“ eptir sem vötnum hallar, ofan frá „Hallsteinsdalsvarpi“ til Grímsáar og beina stefnu á Mýrabæ, að utan ræður „Þórisá“ frá upptökum sínum og ~~alla leið þegar~~ gilið þrýtur beina leið niður í „Grímsá“, að öðru leyti ræður „Grímsá“ að norðan; en að austan af „Hallsteinsdalsvorpum“ á „Ófærudalsvörp“ eptir sem vötnum hallar.

Eyrarteigi 26. júní 1884.

Jón Ívarsson

Fyrir hönd Arnhólsstaða er eg samþykkur ofanskrifaðri landamerkjalytingu
Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd Mýra og Areyja samþykkur
Páll Pálsson.

Fyrir Litlasandfell, eptir umboði
Páll Pálsson.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 20. júní 1884.
Jón Johnssen.



Landamerkjalyýsing Gunnlaugsstaða: að ~~utan~~ framan ræður „Gunnlaugsstaðalækur“ uppí krók fram og upp af bænum og inn fyrir svarðargrafir, svo sjónhending úr „vörðu“ neðan við lækinn austur í „Torfvallalæk“ í svokallað „Flagholt“ austan við lækinn, að austan ræður „Torfvallalækur“ úti „Helluvað“, að neðan ræður „Lagarfljót“, að utan ræður að neðanverðu úr „Lagarfljóti“ í framanverðan fremri „Einbúaklett“, þaðan sjónhending á framanverðan há „Gunnlaugstaðaás“, og þaðan á utanverðan Sjónarás, og þaðan beina leið á Helluvað.

Hafursá 15. júní 1884.

Framanskriðuðum landamerkjum eru samþykkir:

Sigurður Einarsson (eigandi Gunnlaugsstaða)

B. Jónsson prestur til Vallaness-prestakalls.

Samþykkur að því er snertir N^o 1., sem eru takmörkin milli Gunnlaugsstaða og Mjóaness, sem jeg er eigandi að.

Hallormsstað 17. júní 1884.

Páll Vigfússon.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Jóhnsen.



Landamerkjalyýsing Hafursá: að framan ræður frá „Lagarfljóti“, „Hafursá“ innað „Hallormsstaðavegi“ sem liggur á utanverðum „Húsabæjarhlíðum“ svo ræður vegurinn austur í „Skarðshrigglæk“ (Torfvallalæk), að austan ræður „Skarðhrigglækur“ (að öðru nafni Torfvallalækur) útá móts við „Vaðshús“, að austan utan frá „Lagarfljóti“, úr vörðubroti á „Þrætutanga“ upp undir Freyshólablá, og fram neðanvert við Freyshólatúnið og upp framanvert við túnið, stefna úr lamhústótt fram og niður á túninu á há „Freyshólaás“ framan við svarðargrafir, og við framanvert „Kæfusund“ á utanverðan „Háahnaus“ í „Grástein á melnum fram og niður af „Freyshólahúsinu“, svo beina línu yfir „Þýfin“ í stein austan við þau (fyrir utan byrgið) þaðan sjónhending yfir „Illaflóa“ austur í „Skarðshrigglæk“ í stefnu á Vaðshús. –

Hafursá 15. júní 1884.

Sigurður Einarsson.

Framanskriðuðum landamerkjum eru samþykkir:

Sigurður Einarsson, Stefán Einarsson eigendur Hafursár

Jón Guðmundsson eigandi Freyshóla.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar: Björn Ívarsson;

Sem eigandi Mjóaness Páll Vigfússon.

Fyrir hönd sra Páls á Þingmúla vegna Hallormsstaðarlands

Páll Vigfússon.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Lýsing á landamerkjum Mjófaness í Skógum; rituð eptir því sem hinir núverandi ábúendur segja að haldið hafi verið á þeirra tíð, og eptir því, sem hinn fyrrverandi eigandi jarðarinnar, Þorsteinn Mikkaelsson í Mjófanesi ljet halda um sína daga og lögfesti að framan, eða milli Freyshóla og Mjófaness. –

1. Að innan ~~ræður~~ (framan) milli Freyshóla og Mjófaness eru landamerki: úr vörðubroti á svokölluðum „Prætutanga“ beina línu framan undir „Sjónarhrauni“ yfir Skollaslakka^{botn} í miðjann „Stóraslakka“ á Freyshólafellinu. Þaðan beint utan í „Þvermel“ og yfir „Ljósumela“ beina stefnu í steinstríp sem stendur utan við ~~Kaplað~~ „Kaplalalsmynni“.
2. Að ~~utan~~ austan (suðaustan) ræður svokallaður „Torfvallalækur“ millum Mjófaness og Sauðhaga; en með því að lækurinn virðist að hafa breitt sjer stundum nokkuð í svokallaðri „Torfvallablá“, þá virðist rjettast að mörkin í tjeðri blá væru beinlínis milli þess, er lækurinn fellur í og úr blánni. –
3. Að utan eða milli Gunnlaugsstaða og Mjófaness, eru landamerki, eptir því sem notað hefur verið af ábúendum Mjófaness þessi: neðantil ræður svokallaður „Gunnlaugstaðalækur“ úr ós og uppí krókinn á læknum fram og upp af Gunnlaugsstaðatúninu, síðan ræður bein (stefna) lína úr vörðu fyrir neðan lækinn framanvið mógrafir innan við krókinn eptir sjónhending beint austur að Torfvallalæk í svokallað „Flagholt“ austan við lækinn. –

p.t. Mjófanesi 1. júní 1883

Páll Vigfússon (eigandi Mjófaness).

Undir framanskriafaða landamerkjalyýsingu bið jeg eigendur jarðanna: Freyshóla, Sauðhaga og Gunnlaugsstaða að rita nöfn sín ~~undir~~ og samþykki til að halda þau mörk, er hjer eru talin ut supra. Páll Vigfússon.

Jón Guðmundsson (eigandi Freyshóla).

Samþykkur mörkunum milli Sauðhaga og Mjófaness.

BJónsson prestur til Vallaness. –

Mörkum milli Hafursár, Gunnlaugsstaða og Mjófaness, er hjer eru talin er jeg samþykkur, sem eigandi Gunnlaugsstaða og Hafursár.

Sigurður Einarsson.

Hjer með játa jeg undirskrifaður, að jeg er samþykkur þeim landamerkjum milli Hafursár og Gunnlaugsstaða á aðra hlið en Mjóaness á hina, sem talin eru hjer í meðfylgjandi landamerkja(skjöllum)lýsingu Mjóaness.

Hallormsstað 17. júní 1884.

Páll Vigfússon

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Jónssen.



Landamerkjalyásing Freyshóla:

Að utan er stefna úr vörðubroti á „Prætutanga, beina línu framanundir „Sjónarhrauni“, yfir „Skollabotn“ í miðjann „Stóruslakka“ á Freyshólafellinu, þaðan beint utaná svokallaðan „Þvermel“ yfir „Ljósumela“ beina línu í steinstríp, sem stendur utanvið „Kapladalismynni.“

Að neðan er stefna fram fyrir neðan Freyshólablá og fram fyrir neðan Freyshólatúnið. –

Að framan, upp framanvert við túnið uppá há „Freyshólaás“ stefna úr lambhústópt á túninu framanvið svarðargrafir og við framanvert „Kæfusund“, á utanverðan „Háahnaus“, í gráan stein á melnum fram og niður af „Freyshólahúsinu“, svo beina línu yfir „Þýfin“ í stein austan austan við þau (fyrir utan byrgið), þaðan sjónhending yfir „Illaflóa“ í „Skarðshriggslæk“ í stefnu á Vaðshús. –

Að austan ræður „Skarðshriggslækur“ öðru nafni Torfvallalækur.

Freyshólum 15. júní 1884.

Jón Guðmundsson.

Framanskriðuður landamerkjum eru samþykkir:

Sigurður Einarsson, Stefán Einarsson eigendur Hafursár.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar

Björn Ívarsson.

Sem eigandi Mjófaness

Páll Vigfússon.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerki Strandar:

milli Gunnlaugsstaða og Strandar, sem er kirkjujörð undan Vallaness-prestakalli, eru þessi: að neðanverðu fremst á „Einbúakletti“ fremri, þaðan sjónhending á framanverðan há „Gunnlaugsstaðaas“, og þaðan beina leið á utanverðan Sjónarás, og þaðan beina línu í „Helluvað“.

Framanskriðuðum landamörkum eru samþykkir:

Sigurður Einarsson (eigandi Gunnlaugsstaða)

BJónsson (umboðsmaður Vallaness prestak.)

Landamerki milli kirkjujarðarinnar Strandar og Vallaness hafa verið haldin að fornu og nýju þessi: lág sú, sem „Merkilág“ er kölluð, og eptir sem láginn liggur sjónhending í hátt hraun, sem nefnt hefur verið „Stekkahraun“; og þaðan í stein sem stendur í „Votateg“ utarlega vestan við lækinn.

Þessum landamerkjum er umráðamaður ofantjeðrar jarðar samþykkur.

Bergur Jónsson (prestur til Vallaness).

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing

jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá.

Að norðan og vestan Grímsá.

Að framan Gilsá, að „Hjálpleysuvatni“, og síðan „Lambavallaá“ inn á „Hjálpleysuvarp“.

Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.

Tunghaga 14. júní 1884.

Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.

Einar Jónsson, Björn Árnason eigendur Stórasandsfells.

B.Jónsson prestur að Vallanesi.

Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.

Árni Auðunsson Úlfsstöðum.

Jón Vilhjálmsen, Vilhjálmur Jónsson eigendur Gíslastaða.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884

Jón Jónsson.



Landamerkjalysing jarðarinnar Keldhóla á Völlum eru:

að utan, neðan frá Ketilsstaðalandi gagnvart háahrauni á „Skarðsás“ upp ásinn framanvið svonefnt „Grænulágardý“ beint uppí klettinn, sem er fremstur neðan í neðsta hrauninu þaðan í „Timburlækjarbugtina“ utan undir „Timburhöfðanum, síðan sjónhending upp „Fögrukinnarbelti“ og þaðan framanvið há Þorleiftungarhraun og austur utan í „Aurbungunni ytri“ gagnvart Timburlækjarfossinum norðan í aurnum. –

Að innan milli Ketilsstaða og Keldhóla samkvæmt álitsgjörð af 31. júlí 1880, úr áður nefndu „Álahrauni“ á „Skarðsás“ upp svonefndan „Bugtanga“ við „Keldhólabakkalæk“, síðan upp með læknum upp fyrir utan svonefndan „Hrossadal“ beina línu þaðan á utanvert „Bjargið“ og í Timburlækjarfoss ög norðan á aurnum.

Af því Keldhólar eru hjáleiga úr Ketilsstaðalandi þá á Keldhóla ábúandi afrjett að tiltölu í Ketilsstaða afrjettarlandi.

Höfða 4. júní 1884.

Fyrir hönd eiganda Keldhóla Jóns Marteinssonar

Benedikt Rafnsson.

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur fyrir hönd Sigríðar Arnabjörnsdóttur sem eiganda að háflendunni Ketilsstöðum

Gunnar Pálsson.

Þessum landamerkjum er jeg eigandi háflendu Ketilsstaða samþykkur.

Sigurður Hallgrímsson.

Þessum landamerkjum er jeg milli Keldhóla og Útnyrðingsstaða er jeg samþykkur.

Jón Ólafsson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing jarðarinnar Útnyrðingsstaða á Völlum í Suðurmúlasýslu: á milli Útnyrðingsstaða og Höfða ræður Höfða á frá ofanverðum „Völusteinsás“, upp að mel þeim sem er fyrir utan og ofan Útnyrðingsstaðatúnið fyrir innan ~~túnið~~ ána, síðan upp holtin utan við bakkana á ytri „Stekkjarlæk“ utanundir svonefndu „Stekkjarkholti“, þaðan ræður nefndur lækur upp undir „háubrekku“, eptir það upp nefnda brekku framanverða upp utan við „Háukletta“ uppá hjallabryrnar þar sem þær eru hæstar, síðan samkvæmt nefndum mörkum sjónhending austur í „Miðhnútu“, þaðan í „Eyvindará“, sem ræður að austan inn á móts við læk þann sem fellur ofan af hnútu ~~þessi~~ næst fyrir utan „Köldukvísl“ þaðan frá læknum norður í utanverða „Aurbungu ytri“ og svo sjónhending ofan framan við há „Þorleifarhraun“ niður á „Fögrukinnarbelti“ og þaðan í bugtina á Timburlæknum utan undir „Timburhöfðanum“ í klett þann sem er fremstur neðan í neðsta hrauni eptir það sjónhending í „Grænulagardý“ eptir þetta ofan á móts við „Háahraun“ á „Skarðás“ þaðan úti „Völustein“ út ofanverðan „Völusteinsás“ í „Höfðaá“.

Útnyrðingsstöðum 17. júní 1884.

Jón Ólason (handsalað).

Framanrituðum landamerkjum er jeg ~~und~~ samþykkt sem eigandi að háflendunni úr Ketilsstöðum og Höfða.

Sigríður Arnabjörnsdóttir.

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg eigandi háflendunni Ketilsstöðum samþykkur.

Sigurður Hallgrímsson.

Fyrir hönd eiganda Keldhóla Jóns Marteinsonar

Benedikt Rafnsson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalýsing jarðarinnar Höfða á Völlum innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að framanverðu milli Ketilsstaða og Höfða ræður „Höfðaá“ úr Lagarfljóti alla leið móts við mel þann sem er utan og ofan við Útnyrðingsstaðatunið fyrir innan ána. Síðan liggja mörkin milli Höfða og Útnyrðingsstaða upp holtin utanvið árbakkana í ytri „Stekkjarlæk“ utan við undir svonefndu „Stekkjarholti“, þaðan ræður nefndur lækur uppundir „Háubrekku“. Eptir það ræður upp nefnda brekku framanverða, utan við Háukletta uppá hjallabryrnar þar sem þær eru hæðstar; síðan samkvæmt nefndum mörkum sjónhending austur „Miðhnútu“ þaðan í Eyvindará og ræður hún þaðan að Kollsstaðalandi. –

Milli Kollastaða og Höfða ræður fyrst að austan „Hnútulækur“ frá Eyvindará í „Hnútulækjarfoss“ framan við „Hnútusel“ (fornar rústir) þaðan sjónhending úr fossinum norður yfir hálsinn í „Sjónarásslakka“, eða með öðrum orðum í dæld þá sem myndast fyrir framan „Sjónarás“ ytra eptir því sem nú er kallað. Síðan í lækinn fram af Kollstaðagerði utan undir svokölluðu „Snasarhrauni“, og sjónhending ofan í Skyrhraun og Merkikeldu, og eptir sömu stefnu norður í „Skollahraun“ ytra, sem nú er kölluð „Grenihæð“ við Lagarfljót eptir það er Lagarfljót allt að Ketilsstaðalandi.

Ketilsstöðum 27. maí 1884.

Sigríður Árnabjörnsdóttir.

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg eigandi háflendu Ketilsstaða samþykkur
Sigurður Hallgrímsson

Framan rituðum landamerkjum er jeg samþykk sem eigandi að háflendunnar úr
Ketilsstöðum

Sigríður Árnabjörnsdóttir.

Sem eigandi Kollsstaðalands er jeg undirskrifaður samþykkur framan skrifuðum
landamerkjum Höfða (smbr. lýsingu Kollsstaðalands).

St. á Ketilsstöðum 27. maí 1884

Sæbjörn Egilsson.

Sem eigandi Útnyrðingsstaðalands er eg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum.
Jón Ólasson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Jóhnsen.



Landamerki jarðarinnar Kollsstaða ásamt hjáleigunni Kollstaðagerði í Vallahrepp innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að utanverðu eða milli Egilsstaða og nefndrar jarðar ræður „Hringtjarnarlækur“ frá því hann fellur í Lagarfljót og þangað sem hann fellur úr „Hringtjörninni“; þaðan eru landamerki í „Markstein“ þar rjett fyrir ofan á björgunum og svo í vörðu sem hlaðin er á neðsta „Hríshól“, nálægt því sem hann er hæðstur; síðan sjónhending framan við efsta „Hríshól“ í „Grástein“ sem stendur norðan í hálsinum; þaðan beint yfir hálsinn í „Illamel“, sem stendur fast niður við Eyvindará, og er þessi melur kollóttur og einstakur, og gagnvart hinum yztu melhólum sem eru Dalhúsa megin við Eyvindarána. –

Síðan ræður Eyvindará allt að takmörkum Höfðalands og Kollstaða en þau eru þessi: frá Eyvindará ræður lækur sá er rennur utan við undir „Hnútu“ uppá foss þann sem í honum er fyrir framan svokallaða „Hnútusel“; þaðan sjónhending norður yfir hálsinn og í slakkann á Sjónarsásnum, þaðan ofan í lækinn fram af Kollsstaðagerði rjett utan undir „Snasarhrauni“, svo beinlínis í „Skyrhraun“ og „Merkikeldu“ og síðan eptir sömu beinni línu í Skollahraun ytra allt í Lagarfljót sem ræður að vestan og norðan allt út að Egilsstaðalanda mörkum sem áður voru greind. –

St. Höfða 26. maí 1884.

Sæbjörn Egilsson.

Framanskrifaðri landamerkjalytingu eru við sem eigendur jarðarinnar Egilsstaða samþykkir.

Egilsstöðum 26. maí 1884.

Eiríkur Halldórsson

Halldór Einarsson

Sigfús Eiríksson.

Eg undirskrifuð samþykki framskrifuð landamerki sem eigandi jarðarinnar Höfða.

Sigríður Arnabjörnsdóttir.

St. að Höfða 26. maí 1884.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki jarðarinnar Egilsstaða á Völlum innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að framanverðu eða milli Egilsstaða og Kollsstaða ræður „Hringtjarnarlækur“ frá því sem hann fellur í Lagarfljót og til þess staðar, er hann fellur rennur úr Hringtjörninni; þaðan eru landamerki í „Markstein“ þar rjett fyrir ofan á björgunum, og svo í vörðu sem hlaðin er á neðsta „Hríshól“ nálægt því sem hann er hæðstur, síðan sjónhending framan við efsta „Hríshól“ í Grástein sem stendur norðan í hálsinum; þaðan beint yfir hálsinn í „Illamel“ sem er fast niður við Eyvindará og er þessi melur kollóttur og einstakur og gagnvart hinum yztu melhólum, sem eru Dalhúsamegin við Eyvindarána. Þaðan af ræður nefnd Eyvindará alla leið í Lagarfljót, þó eiga Egilsstaðir hólma sem er niður við Lagarfljót norðvestur af Finnstaðabæ utanvið ána. Lagarfljót ræður að norðan og vestan, en hólmar þeir sem í því liggja frammundan Egilsstaðanesi utanverðu tilheyra einnig þeirri jörðu.

Egilsstöðum 26. maí 1884

H. Einarsson, E. Halldórsson, Sigfús Eiríksson.

Framanritaðri landamerkjalyýsingu er jeg undirskrifaður samþykkur, sem eigandi Kollstaðalands.

Sæbjörn Egilsson.

Árni Jónsson Finnsstöðum.

Óli Halldórsson Dalhúsum.

Fyrir hönd eiganda Einars Þórðarsonar á Refsmýri ábúandi á Eyvindará

Guðjón Viglundsson

Gróa Eiríksdóttir á Eyvindará.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Finnstaða í Eyðapinghá eru þessi sem nú skal greina að framan motsvið Eyvindará fyrst úr keldudragi sem er fyrir framan ytra melshorn og uppí fremra melshorn og eru uppí „Stórhöfða“ rjettsýnis uppeptir höfðanum og uppí hraunið og steinninn sem stendur fyrir utan Uppsala^{túnið} stekka og uppí lækinn sem flóar utan undir Rauðuskriðu þaðan uppí heiði; að utanverðu ræður kíll úr Lagarfljóti að „Járnsíðulækjarósi“ og þaðan að „Merkisteini“ sem stendur upp með tjeðum læk, svo uppí vörðu sem stendur á klöpp framanvið svokallað „Merkisund“; þaðan beina leið í stóran stein utan undir „Ekruhrauni“ og svo beint uppí vörðu sem stendur á „Stórasteinshlíð“ framan við „Merkilækjarfoss“ og svo þaðan uppá heiði. En Eyvindaráin ræður að vestan nema Finnstaðir eiga svonefndann „Lambhólma“ sem er á milli kvísla í ánni, en Lagarfljót ræður að norðan nema Egilsstaðir eiga hólma norður af Finnstaðanesi til staðfestu,

Árni Jónsson eigandi Finnstaða.

Jón Magnússon fjárhaldsmaður eiganda Mýrness.

Einar Þórðarson, Gróa Eiríksdóttir eigendur Eyvindarár.

Eiríkur Halldórsson Egilsstöðum.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884

Jón Jóhnsen.



Landamerki jarðarinnar Mýrness í Eyðabínghá innan Suðurmúlasýslu, eru þessi: ~~mitt á milli~~ að utan mitt á milli Breiðavaðs og Mýrness frá vörðu við Lagarfljót í miðjan „Krosshöfða“, úr „Krosshöfða“ beina leið yfir svokallað „Snagagil“ í „Merkistein“ ofan við Glúmstaðablá, þaðan yfir miðjan Þræturanga í Tóuklett fram á hábrún og þaðan beint austur í heiði. Að norðan ræður Lagarfljót; að framan gangvart Finnstaðalandi er og ræður kíll nokkur frá Lagarfljóti í „Járnsíðulækjarós“, og þaðan í „Merkistein“, sem stendur upp með tjeðum læk, svo í vörðu sem stendur á klöpp, framan við svokallað „Merkisund“. Þaðan beina leið gagnvart Fossgerðislandi að utanverðu, í vörðu sem stendur á efri lækjarás og sem er takmark við Mýrnes, Fossgerðis og Þrándarstaðaland. Úr þessari vörðu liggja landamerki Mýrness gagnvart Þrándarstaðalandi að neðanverðu, úti vörðu sem stendur við Sandbotnablá, suðvestanverða; síðan beina stefnu eptir miðri tjeðri blá, úti aðra vörðu sem stendur fyrir henni miðri, að utanverðu þaðan liggja landamerki Mýrness og Þrándarstaða austur í „Greniaxlarklett“ utan til; þaðan uppí fremri bug á „Þrándarstaðaá“ og þaðan í vörðu á hálsbrún sem ber við lopt þegar miðað er að neðan, og þaðan beina leið austur á heiði.

Mýrnesi 11. júní 1884

Jón Magnússon umsjónamaður jarðarinnar.

Samþykktur fyrir Tókastaðaland

Guttormur Vigfússon umráðamaður Eyðastólsjarða.

S. Sigurðsson eigandi Breiðavaðs.

Hreppsnefndin fyrir Þrándarstaði fátækra eign Eyðahrepps. –

Sigurður Magnússon hreppsnefndarmaður.

Árni Jónsson eigandi Finnsstaða.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Breiðavaðs í Eyðarþinghá eru þessi: að utan úr „Bakkalækjarós“ að Lagarfljót og beina línu uppí garð við fremri enda „Hundstjarnar“, þetta gagnvart Fljótsbakka landi. Síðan meðfram Snjóholtslandi, samkvæmt áreið 1846, uppí „Merkistein“ merktur L.M. svo uppí vörðu á „Brúarás“ utanvið „Merkilág“, þaðan í klauf í miðsels kletti og síðast uppí stein á ásbrúninni fyrir ~~utan~~ framán Grænulág. Svo að ofan gagnvart Tókastaðandi frá áðurnefndum steini fram Holaklett þaðan fram í vörðu á utanverðri „Glúmsstaðablá“; síðan að framán gagnvart Mýrneslandi úr áðurnefndri vörðu ofan í aðra vörðu neðan við Snagagil, þaðan í vörðu á „Gatnaás“ og síðast í vörðu á miðjum „Krosshöfða“ svo þaðan beina leið ofan í Lagarfljót framánvið „Grafningsnes“.

Breiðavaði 16. júní 1884.

Sigurður Sigurðsson (eigandi)

Sigfús Oddsson umráðamaður Fljótsbakka.

Jón Magnússon umsjónarmaður Mýrness.

Sigfús Jónsson (eigandi Snjóhóls).

G. Vigfússon (umráðamaður Eyðastólsjarða).

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Okkur undirskrifuðum hefur komið saman um að landamerki Hjartastaðar í Eyðasókn innan Suðurmúlasýslu skuli vera sem hér greinir: að framan ~~ræður~~ móti Brennistaða og Gilsárteigs úr háu öxl utanverðri í svokallaðan „Oddastein“ norðan við Unalæk austur frá nefndri ~~vörðu~~ öxl, þaðan rjettsýnis í vörðu á kolapúfu, sem stendur við reiðgötur á „Bleiksás“ og fyrst sjest heim að Hjartarstöðum; svo þaðan sjónhending uppí rjóður utanundir „Breiðáshæð“, þaðan beint uppá milli Sandhauga og utaní ~~undir~~ „Víðirdalshöfða“ svo í Núpsá er þar eptir skilur lönd tjeðra jarða á fjall upp þartil vötnum hallar til hjeraðs. En að neðan og vestanverðu deilir Gilsá móti Eyða og Hleiðargarðslöndum, allt úti Núpsarós. En að utanverðu móti Hreimsstaðalandi ræður straxnefnd á landamerkjum, frameptir í garð þann sem liggur frá nefndri á, upp milli Timburhöfða og austur í Merkisund, þaðan ræður „Langgarður“ ut á móts við ytri vörðu í „Núpsgerðisás“, sem deilir löndum milli Hjartarstaða og Hamragerðis, frá síðast nefndri vörðu til annarar er stendur á hamrinum fram og upp af Hamragerði svo austur í vörðu, sem stendur á hamrinum upp við „Hurðarbaksá“; þaðan upp í vörðu þá, sem er ~~er~~ fyrir ofan slægjulönd, hverjar fjórar vörður næsttaldar standa í beinni línu ^{hver} frá annari ~~vötnum hallar~~, þaðan sjónhending á fjall (upp) austur þangað sem vötnum hallar að hjeraði.

Eigandi Hjartarstaða Sigurður Magnússon

Ritað undir af hlutaðeigendum

Árni Magnússon, Jón Magnússon Brennistaðir.

Þórarinn Jónsson Gilsárteig.

Magnús Rafnsson Hamragerði.

Magnús Jónsson Hleiðargarði.

G. Vigfússon umráðandi Eyðastólsjarða.

Vigfús Jónsson Hreimsstaðir.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalyýsing fyrir Hleiðargarði: að framan úr Gilsá eptir landamerkjagarði, er liggur beint í „Eyðavatnsfot“, þaðan eptir „Torfvörðum“ ut miðjan „Grafardal“ beina línu í „Himbrimatanga“, þaðan rjettsýnis út „Tröllaskarðsás“ og í vorðu þar er stendur á næsta holti fyrir austan „Tröllaskarð“, og svo þaðan samsvarandi Ketilsstaða landamerkjum austur í grafninga þá er liggja í „Selfljót“, næst fyrir utan „Miðaptansmel“. Að austan ræður Gilsá og Selfljót.

Hleiðargarði 13. júní 1884

Magnús Jónsson eigandi jarðarinnar.

Ritað undir að hlutaðeigendum

Guðbjörg Einarsdóttir (eigandi Tjarnarlands)

Magnús Guðmundsson (eigandi Ketilsstaða)

Sigurður Magnússon Hjartarstöðum

Vigfús Jónsson Hreimsstöðum

G. Vigfússon umráðand Eyðastólsjarða.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Eydalakirkjujarðarinnar Óss í Breiðadalshrepp innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að sunnanverðu millum Oss og Streytis Krossá er ræður frá sjó allt að upptökum í svokölluðum „Naphornsbrekkum“ efst uppí fjalli.

Að norðanverðu milli Óss og Eyja eru landamerki úr vorðu sem hlaðin er að utanverðu við „Götugil“ sem er næst fyrir utan svokallað Smalaskálagil“ varðinn stendur rjett ofan við alfaravegin frá varðanum ræður „Götugil“ niður í Breiðdalsárlón sem er landamerki millum Óss og Eydalalands og ræður Breiðdalsárós, sem nú fellur til sjávar sunnanvið Meleyrina; frá hinum áðunefnda varða er stefnan til fjalls fyrst út og upp í svokallaðan „Stórahól“, sem stendur fremra megin fast niður við „Djúpadalsá“ þar sem Djúpidalurinn hefst, eptir það ræður „Djúpadalsáin“ löndum alla leið uppí „Kross-skarð“, frá „Krossskarði“ er línan út sem fjöllum hallar allt til Krossár upptaka.

Eydölum 27. April 1884

MBergsson umráðamaður kirkjujarðarinnar Óss

Þessum landamerkjum Óss erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Gunnar Jósephsson ábúandi á Ósi.

Þorvaldur Jónsson ábúandi á hálfu Streyti.

Madm. Helga Guðmundsdóttir ábúandi á hálfu Streyti (handsalað)

Jón Bjarnason eigandi Eyja.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Eydalakirkjujarðarinnar Streytis í Breiðdalshrepp innan Suðurmúlasýslu eru þessi:

Að austanverðu millum Streyti og Óss eru landamerki „Krossá“ er ræður frá sjó allt að upptökum í svokölluðum Naphornsbrekkum efst í fjalli uppi. –

Að sunnanverðu milli Streytis og Núps eru landamerki úr stóru bjargi sem er nokkuð nær Núpi en miðja vega og heitir „Grásteinn“ lítið eitt fyrir ofan vegin, beinustu sjónhending til sjávar í varða, sem þar er hlaðin, frá honum aptur sama sjónhending yfir Grástein í fjallsegg upp og þaðan stefnuna hið efra sem fjöllum hallar til Krossár upptaka.

Eydölum 27. April 1884.

Mbergsson umráðamaður kirkjujarðarinnar Streytis.

Þessum landamerkjum kirkjujarðarinnar Streytis eru við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Guðrún Bjarnadóttir ábúandi á 3 hundruðum úr jörðinni Núpi. –

Lisibet Jónsdóttir ábúandi á 4^{hndr} úr Núpi. –

Bjarni Þórðarson ábúandi á Núpi. –

Þorvarður Jónsson ábúandi á hálfu Streyti.

Madam Helga Guðmundsdóttir ábúandi á hálfu Streyti.

Þinglýst á Eydalamannspingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Eydalakirkjujarðar Brekkuborgar eru þessi:

Að framanverðu hraun eitt sjerstakt all langt niður frá fjallsrótum, er nefnist „Skollabálkur“, úr hrauni þessu er bein sjónhending niður svonefnda „Axartjörn“, ræður hún síðan úti „Randversstaðakíl“ og hann svo niður í Breiðdalsá. Upp til fjalls er einnig bein sjónhending úr „Skollabálk“ uppeftir „Merkiflöt“ og þaðan í „Merkigil“ ytra utan undir svonefndum Tröllhömrum allt á fjall upp, og svo út eptir fjallinu, sem kallast „Brekuborgarmúli“ unz komið er þangað, hvaðan beina stjónhending skal taka niður í ytri „Merkikamb, og úr honum niður í klettasund það er sá lækur rennur sem kallast „Lambalækur“ og ræður hann síðan niður í Breiðdalsá og er hún – landamerki milli Brekkuborgar og Ytrikleyfar allt frá minni Randversstaðakíls og þar til Lambalækur fellur í hana.

Eydölum 29. apríl 1884.

MBergsson.

Ofanskriðuðum landamerkjum Brekkuborgar erum vjer hjer undirskrifaðir samþykkir.

Einar Einarsson eigandi 7 ½^{hndr} úr Innrikleyf. –

Árni Jónsson umráðandi Fagradals.

Sigtryggur Jónsson ábúandi ½ Randversstöðum.

Gísli Jónsson ábúandi á ½ Randversstöðum.

Sighvatur Jónsson Bessason ábúandi á allri Brekkuborg.

Jón Árnason umráðamaður Kleyfarstekks.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerki Eydala kirkjujarðarinnar Randversstaða í Breiðdalshreppi innan Suðurmúlasýslu.

Að utanverðu bein sjónhending úr Skollabálki niður í „Axartjörn“, og ræður hún fram í „Axartjarnarker“. – Úr því liggur línan fram Randversstaðarimann, sem uppsett merki vísa, síðan ræður svonefnd „Sóleyjarkelda“ allt fram að upphlaðinni vörðu sunnanmegin keldunnar.

Úr vörðunni er bein sjónhending í fremri „Merkigil“ allt á fjall upp og síðan út fjallseggjarnar unz komið er mots við efri enda ytra „Merkigils“ utan undir svonefndum Tröllhömrum. Úr þessu gili er bein sjónhending niður á „Merkiflöt“ eptir læk þeim, er þar rennur og þaðan beint niður í Skollabálk. –

Eydölum 24. apríl 1884.

Mbergsson umráðandi kirkjujarðarinnar Randversstaða.

Ofan og framanskriðuðum landamerkjum erum vjer hjer undirskrifaðir samþykkir. –

Einar Einarsson eigandi $7\frac{1}{2}$ ^{hndr} úr Innrikleyf.

Sigtyggur Jónsson ábúandi $\frac{1}{2}$ Randversstöðum.

Gísli Jónsson ábúandi á $\frac{1}{2}$ Randversstöðum.

S. Guðmundsson á Þorvaldsstöðum umráðamaður $\frac{1}{2}$ Dýsastaða.

Arnbjörn Arnason Dýsastaðaseli eigandi $\frac{1}{2}$ Dýsastaða.

Jón Árnason umráðamaður að $1\frac{1}{2}$ ^{hndr} úr Innrikleyf.

Gunnar Jónsson ábúandi á $\frac{1}{3}$ úr Skriðu.

E. Sigurðsson ábúandi á $\frac{2}{3}$ úr Skriðu.

Sighvatur Bessason á Brekkuborg.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki kirkjujarðarinnar Skriðu í Breiðdal innan Suðurmúlasýslu: að ~~austan~~ utanverðu er upphlaðin varða að sunnanverður við „Sóleyjarkeldu“, og það uppí „Merkigil“; þaðan á fjall upp og inn eggjar eða þar sem vötnum hallar allt inn í „Flöguskarð“, þaðan ræður áin sem rennur niður eptir Flögudal allt að Flögufossi, og þaðan bein sjónhending í efri enda innri „Gullgrófar“, síðan ræður grófin niður í „Flögumóabringur“. Úr neðri enda „Gullgrófar“ er bein sjónhending út eyrarnar í vörðu sunnanvið lítið tjarnardap, sem er sunnanvið „Litlaholt“, og þaðan frá vörðunni beint útí „Litlaholtskvísl“; eptir það ræður „Litlaholtskvísl“ merkjum þar til hún kemur í Breiðdalsá, og syðsta kvísl Breiðdalsár úr því útí Skotakíl. Frá Skotakíl (að neðanverðu) ráða vörður útí stóran bug á „Sóleyjarkeldu“, sem er út og yfir af Dýsastöðum, síðan ræður keldan landamerkjum útað fyrnefndri vörðu sunnanvert við kelduna.

Eydölum 23. júnímanaðar 1884.

MBergsson umráðandi kirkjujarðarinnar Skriðu.

Samþykkir framan og ofanskrifuðum landamerkjum eru við undirskrifaðir.

Gunnar Jónsson ábúandi á 1/3 úr Skriðu.

E. Sigurðsson ábúandi á 2/3 úr Skriðu.

Oddný Þórarinsdóttir ábúandi á 2/3 úr Flögu.

Guðlaug Jónsdóttir eigandi að 1/9 úr Ásunarstöðum.

Þorsteinn Eiríksson eigandi 4/9 úr Ásunarst.

Valgerður Finnbogadóttir ábúandi 1/3 úr Flögu.

Gunnlaugur Bjarnason eigandi að 4/9 úr Ásunarstöðum.

Sigtyggur Jónsson ábúandi á ½ Randversstöðum.

Gísli Jónsson ábúandi á ½ Randversstöðum.

Ásbjörn Árnason eigandi ½ Dýsastöðum.

Sigurður Guðmundsson umráðamaður ½ Dýsastöðum.

Fyrir hönd Berufjarðarkirkju er jeg samþykkur framanskrifuðum landamerkjum milli Skriðu og Flögu.

ÞÞórarinsson, prestur að Berufirði.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjaskrá Ásunarstaða í Breiðdal: að innan ræður „Merkihraun“ og „Merkivarða“ (fyrir utan veginn á Jórvíkurskarði) og þaðan niður eptir „Merkig[ilbotn]“ og „Gunnarsgili“; síðan ræður „Gunnarsgilslækur“ og Breiðdalsá út fyrir Flögunesbakka í vörðu á bakkanum í beinni stefnu niður af innri „Gullgróf“, þaðan úr neðri enda „Gullgrófar“ beina sjónhending út eyrarnar í vörðu sunnan við lítið tjarnardap, sem er fyrir sunnan „Litlaholtið“, og þaðan sömu línu úti „Litlaholtskvísl“ og ræður kvíslin úr því þar til Breiðdalsá tekur við og síðasta kvísl Breiðdalsáar að vörðu þeirri sem stendur fyrir utan Ásunarstaðanesið og stendur varða þessi í beinni stefnu við aðra vörðu á svonefndum „Grjótborgarhjalla“, þaðan beina línu norður yfir fell eptir eptir því sem vörður vísa allt norður á fellsbrún, og ræður norður fellsbrún landamerkjum að norðan innað áðurnefndum merkjum sem eru milli Jórvíkur og Ásunarstaða.

Ásunarstöðum 23. júní 1884.

Gunnlaugur Bjarnason eigandi að 4/9 úr Ásunarstöðum.

Guðlaug Jónsdóttir eigandi að 1/9 úr Ásunarstöðum.

Þorsteinn Eiríksson eigandi að 4/9 úr Ásunarstöðum.

Samþykkir framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir.

Þórarínsson umráðamaður Jórvíkur og Flögu.

Arnibjörn Árnason eigandi 1/2 úr Dýsastöðum.

Sigurður Guðmundsson umráðamaður 1/2 úr Dýsastöðum.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnsson.



Ár 1883 dag 27. aprílm. voru undirskrifaðir jarða eigendur og umráðamenn til staðar, til að setja og uppbygja landamerki kirkjujarðarinnar Jórvíkur í Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu og var samþykkt af öllum, að landamerki skyldu vera þannig: að innan milli Jórvíkur og Höskuldsstaða bein sjónhending úr miðjum áraurnum fyrir utan Höskuldsstaði uppúr árgilinu fyrir utan bæinn eptir ^{merki}vörðum í ytra „Klofagil“ og „Breiðatindskoll“, að utanverðu milli Jórvíkur og Ásunarstaða, „Gunnarsgil“ neðan frá Breiðdalsá og uppúr „Gunnarsgili“ uppí „Merkigontu“ og þaðan beina leið stefnu í „Merkihraun“ og þaðan í „Merkivörðu“ uppá hábrún og þaðan beina stefnu í vörðu á landamerkjum milli Jórvíkur og Tóarsels og Dýsastaða og frá þeirri landamerkjavörðu beina stefnu inneptir Jórvíkurskarði, þar sem vötnum hallar norður af og suður af inna „Breiðatindaskoll“; að sunnan ræður Breiðdalsá landamerkjum milli Jórvíkur og Flögu.

Jórvík 27. apríl 1883.

Þórarinnsson umráðamaður Jórvíkur og prestur að Berufirði.

Stefán Jóhannesson (ábúandi).

Eigendur Höskuldsstaða Einar Gíslason, H. Bjarnason.

Eigendur Tóarsels: Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson, Daníel Sigurðsson.

Eigendur Ásundarstaða Þorsteinn Eiríksson, Guðlaug Jónsdóttir, Gunnlaugur Bjarnason.

Árnibjörn Árnason eigandi ½ úr Dýsastöðum.

Sigurður Guðmundsson umráðandi ½ úr Dýsastöðum.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing Tóarsels: á milli Tóarsels og Dýsastaða eru landamerki úr kilviki í dalsárbrakknum og fram og upp í Skarðsáurinn, þar sem Skarðsá beygir út blána; (nú sett þar glöggt merki) en eptir það ræður „Skarðsá“ landamerkjum á Jórvíkurskarðs brún; en eptir það ræður fjallsbrún eptir því sem vötnum hallar; á Vatnsdalsvarp, og svo á hina síðu Tóarsels lands, ræður fyrst ~~og~~ Vatnsdalsá, og síðan dalsá, (eptir fornum farvegi) að fyrst greindum landamerkjum Tóarsels.

Tóaseli, 25. júní 1884

Eigendur Tóarsels Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson, Daníel Sigurðsson.

Stefán Jóhannesson ábúandi Jórvíkur.

Einar Gíslason ábúandi Höskuldsstaða.

Björn Eiríksson ábúandi Höskuldsstaðasels.

Guðmundur Finnbogason ábúandi Þorgrímsstaða.

Páll Pálsson prestur að Þingmúla

Jónas P. Bóasson eigandi að Geldingi.

Arnibjörn Arnason eigandi ½ úr Dýsastöðum.

Sigurður Guðmundsson Þorvaldsstöðum og umráðsm. ½ úr Dýsastöðum.

Einar Eiríksson ábúandi 4^{hndr} úr Þorvaldsstöðum.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884

Jón Johnssen.



Landamerki Dýsastaðalands: að utan í lækjar ós þann, er fellur í „Norðurdalsá“ utan við „Sauðeyrina“ og „Skógarhól“ sem er þar skamt fyrir ofan, svo vísa vörður til beina línu, suður yfir háls. „Merkikambur“ í Kúahjallabrún, innra „Háahraun“, í Hlíðarhraunum, „Merkisteinn“ að sunnverðu við Breiðdalsá, og úr honum bein lína, í vörðu þá, er stendur við „Illukeldu“, að sunnanverðu ræður „Illakelda“ að stórum bug hennar á móti Dýsastöðum, þaðan ráða vörður að Skolakíl, Skolakíll í Breiðdalsá, Breiðdalsá að Ásunarstöðanesi, utan við nesið stendur varða og fyrir utan hana tilheyrir Dýsastöðum þaðan ráða svokallað nestagl, að innan ræður þessi nýnefnda varða, og innan til á „Grjótborgarhjalla“ stendur varða, svo ræður bein lína upp yfir þverar urðir og kletta, að vörðu þeirri er stendur á suðurbrún fellsins, svo ráða vörður norður yfir fell á norður á brún þar sem vötnum hallar, svo ræður norður brún, inna Jórvíkurskarð eptir því sem vötnum hallar, að innan ræður „Skarðsá“ frá vatna upptökum á Jórvíkurskarði, og í „Skarðsáurinn“, þaðan ráða vörður að „Norðurdalsá“ og „Norðurdalsá“, eins og hún nú rennur, að fyrst nefndum landamerkjum.

Þorvaldsstöðum 20. júní 1884.

S. Guðmundsson umráðamaður ½ úr Dýsastöðum.

Dýsaseli 20. júní 1884.

Arnibjörn Arnason eigandi ½ Dýsastöðum.

Framanskriðuðum landamerkjum jarðarinnar Dýsastaðir erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Þorsteinn Eiríksson eigandi 4/9 Ásunarstöðum

Guðlaug Jónsdóttir eigandi að ~~4/9~~ 1/9 úr Ásunarstöðum.

Gunnlaugur Bjarnason eigandi 4/9 Ásunarstöðum.

Einar Einarsson eigandi 15/18 Innrikleif.

Jón Árnason (umráðamaður ¼ Kleyfanna.)

Árni Árnason (eigandi 4/18 Ytrikleif)

Árni Torfason eigandi 2/18 Ytrikleif.

Jón Árnason (á úr Kleyf).

Þórður Guðmundsson eigandi ½ Tóarseli.

Jón Guðmundsson eigandi 1½^{hndr} úr Tóarseli.

Daníel Sigurðsson

Jónas P. Bóasson eigandi Geldings.

MBergsson umráðandi kirkjujarðanna Randversstaða og Skriðu.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Þorvaldsstaða í Breiðdal eru þessi: að utanverðu fylgja merkin svokölluðum „Marklæk“ uppeftir og þvert uppá „Geldingsmúla“ svo upp eptir eggjum eptir sem vötnum hallar inná „Gagnheiði“ milli Stuðla og Þorvaldsstaða og þaðan einnig inneptir fjöllum inná „Stafnsheiði“ milli Skriðdals og Þorvaldsstaða og þaðan suður á Vatnsdalsvarp, rennur svo „Vatnsdalsá“ milli Tóarsels og Þorvaldsstaða landa sem þegar fram á dalinn kemur er venjulega kölluð „Norðurdalsá“ allt þar til Marklækur fellur í hana.

Þorvaldsstöðum 24. júní 1883.

Sigurður Guðmundsson.

Einar Eiríksson.

Daníel Sigurðsson.

Jónas P. Bóasson (Geldingi).

Jón Guðmundsson

Þórður Guðmundsson

Jóhanna Guðmundsdóttir (í Ameríku)

Páll Pálsson prestur að Þingmúla.

Þinglýst á Eydalsmannatalþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki jarðarinnar Snæhvamms eru: að austan svonefndur „Merkikambur“ utanvert í Hvalnesskriðum, og beint frá sjó uppí „Súlutind“, að sunnan í „Merkikamb“ niður við sjó utantil í „Skötuvík“ og þaðan uppí „Merkigil, sem er óslitið upp til tinda.

Þessum landamerkjum til staðfestu eru hlutaðeigandi nöfn.

Snæhvammi 27. júní 1884.

Þ. Stefánsson

Jón Austmann (vegna Kamba).

B.Þ. Nikulásson, B. Eyjólfsson, E. Eyjólfsson, Jón Erlendsson eigendur Þverhamars.

Páll Pálsson prestur að Þingmúla.

E. Eyjólfsson (ábúandi í Snæhvammi).

Þinglýst á Eydalamannþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Þverhamars jarðar eru sem fylgir: milli Þverhamars og Snæhvamms „Merkikambur“ niður við sjó utanvert við í „Skötuvík“, og bein stefna úr honum uppí „Merkigil“, sem er óslitið upp til tinda. Landamerki sem skilja Þverhamarsland frá Orsstaða og Eydalalandi er „Brunnlækur“, sem fellur frá tindum niður eptir endilöngu „Brunnlæksgili“ niður í „Kattmúsará“, og með henni í „Breiðdalsleirur“, og eptir þeim í „Breiðdalsós“ úti sjó, fyrir sunnan „Meleyri“, milli þessara áðurtaðra landamerkja er land allt af tindum ofan niður í sjó, með fyrirbyggjandi skerjum n.f.l.: „Axarskeri“, „Stampi“ og „Selvogum“ og selveiði, reka og öllum landsnytjum, óátalin Þverhamars eign, að frá skyldum reka sem með landsyfirrjettardómi var dæmdur Eydalakirkju á „Meleyri“ og sem eptir samningi 1852 45- 5. dag Novembr, milli Sra. Benediktson Þórðar^{arins}sonar prests til Eydala á aðra síðu, og eigendur Þverhamars á hina síðu bændanna Jóns Þórarínssonar og Höskuldar Bjarnasona og B.Þ. Nikulássonar skildu ná sunnan frá Eyrar oddanum og allt upp þangað til „Stapataglið“ með hálfri fjöru ber rjett við „Færivallaskriðu“ enda yfir „Selnesið“. En reki allur fyrir austan þetta merki tilheyrir Þverhamri, var sá samningur handsölum bundinn og staðfestur með undirskrifuðum nöfnum.

Þverhamri 10. júní 1884.

B.Þ. Nikulásson eigandi að 5^{hndr} 40 al. gamalt mat.

Jón Erlendsson eigandi að 3^{hndr} (gömlu mati)

Kristján Þorsteinsson eigandi 60 al (gamalt mat)

Guðmundur Bjarnason eigandi að 2^{hndr} (fornt mat)

Stefán Höskuldsson eigandi að 1^{hndr} og 100 al.

Björgólfur Eyjólfsson eigandi að 1^{hndr} 80 al fornt mat.

E. Eyjólfsson eigandi að 1^{hndr} og 80 al (fornt mat)

M.Bergsson prestur til Eydala samþykkur ofanskrifuðum landamerkjum Þverhamars.

Eyjólfur Eyjólfsson (ábúandi á Snæhvammi)

Þ.Stefánsson Snæhvammi.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki bænda eignarinnar Kirkjubólsliggjandi í Stöðvarfirði eru þessi: ¹⁾ að norðan ræður fremri „Vallá“ eptir sem hún fellur frá fjalli til fjöru; ²⁾ að austan ræður svokallað „Merkigil“, sem liggur beina stefnu frá sjó milli Gvendarness og Kirkjubólstorfunnar uppá klettabrún, ³⁾ Ræður bein stefna norður á svokölluðu „Hálsadalsvörp“ þaðan beina leið í utanverðan ytri „Heiðarhnúk“; svo ráða fjallseggjar að upptökum ofan nefndrar fremri „Vallár“, sem er sama og fremri „Eyrarskarða“.

Þessum landamerkjum Kirkjubólsliggjandi eru hlutaðeigenda nöfn og innsigli undirsett. –

Höskuldur Höskuldsson yngri, eigandi að í Gvöndarnesi.

Jón Árnason í Hvammi eigandi í Gvöndarnesi.

Baldvin Gunnarsson eigandi í Gvöndarnesi.

Guðmundur Einarsson eigandi í Gvöndarnesi.

Þorsteinn Sigurðsson eigandi í Gvöndarnesi.

Þorsteinn Sigurðsson eigandi Landa.

Sveinn Stefánsson eigandi Bæjarstaða.

Þórður Bjarnason eigandi í Einarstöðum.

Þorsteinn Jónsson eigandi úr Kirkjubóli.

Nikulás Jónsson eigandi úr Kirkjubóli.

Guðmundur Magnússon eigandi í Bakkagerði.

Þorbjörg Jónsdóttir eigandi heima Kirkjubólsl.

Erlendur Þorsteinsson eigandi heima Kirkjubólsl.

Þórður Árnason eigandi Kirkjubólslsels.

Jón Austmann prestur.

Anna Stefánsdóttir eigandi í Einarstöðum.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Stefánskirkja á Eydölum á lönd öll innan eptirfylgjandi ummerkja: frá „Ormsá“, sem nú kallast „Brunnlækur“ að utanverðu, og ræður hún neðan frá sammótum sínum við „Kattmúsará“ og allt uppí minni þess gils er hún kemur úr sem kallast Brunnlæksgil og ræður það upp til fjallseggjar. Þaðan liggur línan fram fjallseggjarnar sem vötnum hallar allt fram til tveggja hárra klettadranga er gnæfa við loft og kallast Njáll og Bera, neðan undir þeim sprettur „Tinnudalsáin“ upp, og ræður hún síðan löndum milli Eydala og Gilsár niður „Tinnudalinn“ og allt þangað til hún fellur í „Norðurdalsá“; frá sammótum þeim sínum við hana ræður „Tinnudalsáin“ löndum milli Eydala og bændaeygnarinnar Ytrikleyfar og Kleyfarstekks, unz hún kemur saman við Breiðdalsá skamt fyrir innan gljúfrið; úr því ræður Breiðdalsáin sem landamerki milli Eydala og bændaeygnanna Fagradals, Skjöldólfsstaða og Eyja, unz hún fellur úti leiruna sunnanmegin ^{Lambeyjar} og „Lambeyjarhólma“ og síðan úti ósinn. Að neðanverðu á kirkjan „Lambey“ alla og „Lambeyjarhólmana“, og svo þaðan í sjó út síðan „Meleyrin“ féll kirkjunni til sem eign hvað rekann snertir með landsyfirréttardómi frá 21. Febr. 1848.

Kirkjan á skógarhögg í Gilsarlandi milli „Jörundarvörðu“ og „Tinnudalsár“ sjónhending úr vörðunni upp fjall og niður í Norðurdalsá í Beinahraunsvörðu sömuleiðis á kirkjan skóg hjá „Skriðuvatni“, sem lengi hefur fylgt, en er nú eyðilagður og annan teig er liggur fyrir ofan Fjarðarskóg nú eyðilagður.

Kirkjan á allar Breiðdalseyjar hinar ytri og innri ásamt svonefndum Óseyjum.
Eydölum 29. apríl 1884.
MBergsson.

Ofan og framanskriðuðum landamerkjum erum við hjer undirskrifaðir samþykkir.

Einar Einarsson eigandi að 7½^{hndr} úr Innrikleyf.

Árni Jónsson umráðamaður Fagradals

Jón Bjarnason ^{eigandi að} Eyjum.

B.P. Nikulásson.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Erlendsson.

Steinun Höskuldsd.

Stefán Höskuldsson.

Eyjólfur Eyjólfsson.

Páll Benidiktsson ábúandi á Gilsá.

Björgólfur Eyjólfsson.

Brynjólfur Björgólfsson.

Sveinn Björgólfsson (umráðandi 1/3 úr Gilsá).

Guðjón Jónsson eigandi að 1/6 úr Gilsá.

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamörk jarðarinnar Eyja í Breiðdalshreppi eru: að utan eða milli Óss og ~~Streitis~~ Eyja, „Götugil“ þar sem gatan liggur yfir það beint uppí „Stórhól“ í „Djúpadalsmynni“ við Djúpadalsá þaðan ræður Djúpadalsá til uppsprettu eða beint í Krosskarði.

Að ofan fjallsbrún eða þar sem vötnum hallar frá Krosskarði til Skammadalsskarðs. Að innan eða milli Eyja og Skjöldólfsstaða, „Skammadalsá“ eins og hún fellur frá uppsprettu í „Skammadalsskarði“ og þar til hún fellur í Breiðdalsá. Að neðan eða milli Eyja og Eydala, Breiðdalsá, eða Breiðdalsárós syðramegin Lambeyjar beint í „Klapparhil“ og svo þar til Skammadalsá í hana fellur.

Eyjum 16. dag júním. 1883

Jón Bjarnason (eigandi jarðarinnar.)

M.Bergsson hvað N^o 1 og 4 áhræri.

Brynjólfur Brynjólfsson eigandi Skjöldólfsstaða.

Samþykkur vegna Óss Gunnar Jósepsson (ábúandi).

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884.

Jón Jóhnsen.



Landamerki Eydalakirkjujarðar Núps á Berufjarðarströnd innan Suðurmúlasýslu eru þessi:

Að innanverðu milli jarðarinnar Kross og Núps eru landamerki úr stóru bjargi, er heitir „Kelling“ og stendur litlu utar en í miðri Fúluvík við sjó fram og þaðan sjónhending í „Hrafnakamb“ sem er neðantil í fjallinu þar uppaf, og er að utanverðu í svonefndu Hrafnagili og þaðan sama stefna í fjallsegg upp.

Að utanverðu milli Streytis og Núps eru landamerki úr stóru bjargi, sem er nokkuð nær Núpi en miðja vega, og heitir Grásteinn lítið eitt fyrir ofan veginn beinustu sjónhendingu til sjávar í varða sem þar er hlaðinn frá honum aptur sama sjónhending yfir Grástein í fjalls egg upp, og þaðan til fremri landamerkja sem fjöllum.

Eydölum 27. apríl 1884.

MBergsson umraðamaður kirkjujarðarinnar Núps.

Framanskriðuðum landamerkjum kirkjujarðarinnar Núps eru undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Ólafur Sigurðsson eigandi að $\frac{1}{4}$ úr Krossi.

Halldór Halldórsson eigandi að $\frac{1}{5}$ úr Krossi.

Stefán Jónsson eigandi að $\frac{1}{5}$ úr Krossi.

Eiríkur Árnason eigandi að 2^{hndr} úr Krossi.

B. Magnússon, Lisibet Jónsdóttir ábúandi á 4^{hndr} úr Núpi.

Guðrún Bjarnadóttir ábúandi á 3^{hndr} úr Núpi.

Bjarni Þórðarson ábúandi á Núpi.

Þorvarður Jónsson ábúandi á $\frac{1}{2}$ Steyti.

Madama Helga Guðmundsdóttir ábúandi $\frac{1}{2}$ Steyti. (handsalað).

Þinglýst á Eydala^{Djúpavogs} manntalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing Tittlings á Berufjarðarströnd eru þessi:

Að innan milli Tittlings og Gautavíkur úr svokölluðum „Rjettarkletti“ við sjó beina línu upp innanvert við svokallað „Brúnkolluhraun“ og þaðan beina línu innanhalt í hinn svokallaða „Seldalshnaus“ og úr honum beina línu uppí eggjar, að utan milli Tittlings og Þiljuvalla: úr Hellislækjarósi við sjó og svo úr honum beina línu upp innanvið svokölluð Grænukinnarhraun og svo þaðan í upptök sama læks á svonefndum „Kellingarhjalla“ við eggjar og svo eptir eggjum eins og vötnum hallar suður og norður af, inneptir innað landamerkjum milli Tittlings og Gautavíkur. –

Tittlingi 12. júní 1883

Snjólfur Þórðarson eigandi Tittlings og ½ Gautavíkur og Þiljuvalla.

Sigurður Sigurðarsson eigandi ½ Gautavíkur.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Jón Jónssen.



Landamerkjalyýsing Gautavíkur í Berufjarðarhreppi innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að innan milli Gautavíkur og Skála neðst við sjó hinn svokallaði „Langiklettur“ hið ytra og efra horn á honum þar, sem aðskilur flóð frá öðrum kletti; úr tjeðum kletti bein lína í stein innan á „Búðarmelnum“ og nú er kallaður „Merkisteinn“ og hlaðið vörðu á steininum; úr honum bein lína í hraunshorn, sem er utaná svokallaðri „Fögrukinn“ og er nú hlaðin varða á tjeð hraunshorn og kallast „Merkivarða“, úr þeirri vörðu bein lína á læk, sem kemur ofanúr svonefndum „Klofaklettum“ og er niður frá sjó í lækinn þar, sem hann hverfr ofan í svokallað Hrafnagil síðan ræður bein lína úr læknum í áðrnefndan Klofaklett uppá efstu fjalleggjar; að utan milli Gautavíkur og Tittlings, úr svokölluðum „Rjettarkletti“ við sjó beina línu upp innanvert við svokallað „Brúnkolluhraun“ og þaðan beina línu innanhalt á hinn svokallaða „Seldalshnaus“ og svo úr honum beina línu uppá eggjar og svo eptir eggjum eins og vötnum hallar suður og norður af inn eptir, innað landamerkjum milli Gautavíkur og Skála.

Gautavík 12. júní 1883

Snjólfur Þórðarson eigandi ½ Gautavíkur et Tittlings.

Sigurður Sigurðsson eigandi ½ Gautavíkur.

Þ.Þórarinsson umráðandi 4^{hndr} úr Skála.

Erlendur Sigurðsson eigandi 4^{hndr} úr Skála. (handsalað)

Bjarni Þórarinsson eigandi að 8^{hndr} úr Skála. (handsalað)

Þinglýst að Djúpavogarmanntalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Þiljuvalla í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu eru þessi: að innan milli Þiljuvalla og Tittlings úr „Hellislækjarós“ við sjó, og úr honum beina línu upp innan við svokölluð „Grænukeinnarhraun“ og svo þaðan beina línu í ~~hraun~~ upptök sama lækjar á svonefndum „Kellingarhjalla við eggjar; að utan milli milli Þiljuvalla og Beruness, niður við sjó sýki það, sem næst er fyrir utan hina svokölluðu „Lambaborg“ þar sem það rennur niður úr bakkanum, úr sýki þessu beina línu í hraun, sem stendur sérstakt uppí mýrum skamt fyrir neðan fjall og úr því beina stefnu í svokallaða „Steinhjallagjót“ og þaðan beina línu uppí hin svokölluðu „Lambaskörð“ uppá eggjum og svo þaðan inneptir fjallaeggjunum eins og vötnum hallar innað landamerkjunum milli Þiljuvalla og Tittlings.

Þiljuvöllum 19. júním. 1883.

Snjólfur Þórðarson eigandi Þiljuvalla og Tittlings.

Sigríður Halldórsdóttir (eigandi Beruness).

Þinglýst í Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Kelduskóga í Beruneshrepp eru þessi: Að utan milli Kelduskóga og Skála, „Merkiós“ við sjó í hvem rennur hin svokallaði Merkilækur eða Merkiá, og úr Merkiós beina stefnu eða sjónhending frá sjó (~~í hann rennur „Merkilækur eða Merkiá~~) í innri og efri endann á svokölluðu „Snjófannargili“ og úr því beina línu utantil í svonefndt innra „Stangarskarð; allir tangar á áðurnefndri „Merkiá“ falla í faðma; að innan milli Kelduskóga og Berufjarðar, lækur sá, sem fellur fyrir heiman eða innan borg þá, er stendur í Kelduskógamerki, og heitir „Borgará“ og ræður sú á eða lækur allt frá sjó og uppá fjallsbrún landamerkjum og þaðan beina stefnu uppá efsta fjallsröðulinn, og svo þaðan úteptir efstu fjallabrunum og eggjum útað hinum áðurnefndu landamerkjum milli Kelduskóga og Skála.

Að sunnanverðu ræður Berufjörðurinn landamerkjum.

Kelduskógum 26. maí 1883

Sigurður Ásmundsson (ábúandi)

Þórarinsson umráðandi Kelduskóga og prestur að Berufirði.

Bjarni Þórarinsson eigandi að 8^{hndr} úr Skála.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Berufjarðar í Beruneshrepp innan Suðurmúlasýslu eru ákveðin og samþykkt að mestu leyti samhljóða máldögum kirkjunnar, og skulu þau vera þannig: á milli Berufjarðar og kirkjujarðarinnar Kelduskóga lækur sá, sem fellur fyrir heiman eða innan borg þá, sem stendur í „Kelduskógamerki“ og heitir ytra „Borgará“, ræður hún landamerkjum allt frá sjó og uppá fjallsbrún og þaðan beina stefnu uppá hina efstu fjallsbrún og þaðan inneptir fjallgarðinum eða inn eptir eggjum milli Berufjarðardals og Breiðdals eptir því, sem vötnum hallar suður og austur af inná hið svokallaða „Kistufell“ í „Ánastaðafjallgarði“ og frá Kistufelli eptir melröðli vestur á hinn svokallaða „Þrivarðnaháls“ á Öxi og eptir honum í vestur upp melröðul uppá hraunið allt að hinni svonefndu „Bein- eða Smjörvörðu“, eptir því sem vötnum hallar norður af út til Skriðdals og suður af út til Berufjarðar og Fossárdals, og svo frá „Beinsvörðu“ út eptir hinu svonefnda Berufjarðar eða Fossárfelli milli Berufjarðar og Fossárdals eptir því sem vötnum hallar norður og suður af, og af fellinu yzt niður sunnanverðan fellsröðulinn ofan í stóran stein, sem kallast „Marksteinn“, sem stendur hjá lynd þeirri, er skammt er fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartættur“ á „Selneshjalla“ og frá þessum „Marksteini“ beina stefnu í litla tjörn og þar varða hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá þeirri tjörn og vörðu beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða Merkivörðu“ á kletti hjá því og frá henni beina stefnu í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Berufirði 10. maím. 1884.

Þórarinsson prestur og ábúandi á Berufirði.

Fyrir hönd Þangmúlastaðar samþykkur. –

Páll Pálsson prestur.

Þorlindur Sigurðsson bóndi í Víðirnesi.

M. Eyjólfsson Jónsson bóndi á Eyjólfstöðum.

S. Ásmundsson ábúandi á Kelduskógum.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Ár 1884, dag 2. maím. vorum við undirskrifaðir saman komnir til ^{að} setja uppýngja landamerki kirkjujarðarinnar Fossárdals, (sem eru kotin Eiríksstaðir Víðirnes og Eyjólfsstaðir) í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu og urðum við ásáttir og samþykkir eptirfylgjandi landamerkjum, sem eru hjer um bil samhljóða gömlum máldögum og biskupavísitatum Berufjarðar kirkju: að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálkagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inní hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selneshjalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasatsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Fossárdal 2. Maí 1884.

Þórlindur Sigurðsson bóndi á Víðirnesi.

M. Jónsson ábúandi á Eyjólfsstöðum

Björn Illhugason á Eiríksstöðum (handsalað).

Þórarinnsson umráðandi Fossardals og prestur að Berufirði.

Fyrir hönd Þingmúlastaðar samþykkur.

Páll Pálsson prestur.

Þinglýst á Djúpavogarmannspingi 23. júní 1884.

Jón Jóhnsen.



Landamerki Beruness í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu eru samþykkt af hlutaðeiendum þannig: að innan milli Þiljavalla og Beruness niður við sjó sýki það, sem næst er fyrir utan hina svokölluðu „Lambaborg“ þar sem það rennur niður úr bakkanum, úr sýki þessu beina línu í hraun, sem stendur sérstakt uppí mýrum skamt fyrir neðan fjall og úr því beina línu í og uppum svokallaða „Steinhjallagjót“ og þaðan beint upp í hin svokölluðu „Lambaskörð“ uppá eggjum, að utan milli Beruness og Karlsstaða niður við sjó hinn svokallaði „Töskulækjarós“ og úr honum beina línu uppí hið svokallaða „Postillugil“ úr því gili beina línu uppí hina svokölluðu „Mórak“ utanhallt við miðjann „Steinketilinn“ og svo það af Steinkatlinum inneptir eggjum eins og vötnum hallar suður og norður af, innað landamerkjunum milli Beruness og Þiljavalla.

Berunesi 19. júním. 1883.

Sigríður Halldórsdóttir eigandi Beruness.

Samþykkir framanskriðuðum landamerkjum Beruness eru undirskrifaðir:

Snjólfur Sigurðsson

Árni Jónsson

Þórunn Arnadóttir.

Snjólfur Þórðarson eigandi Þiljavalla

Jón Þorsteinsson á Bragðavöllum eigandi að parti úr Karlsstöðum.

Þinglýst á Djúpavogarmannþingi 23. júní 1884.

Jón Jónnssen.



Landamerki Urðarteigs í Beruneshrepp innan Suðurmúlasýslu eru þessi: að utan milli Urðarteigs og Teigarhorns frá sjó upp eptir grjótagarði þeim, sem liggur uppeptir hinum svokölluðu „Valvallarskriðu“ og frá grjótagarðinum beina stefnu uppí efsta skarðið á Búlandstindinum. Að innan milli Urðarteigs og kirkjujarðarinnar Eiríksstaða á Fossárdal, úr hinum svokallaða „Skeggjasteini“, sem stendur niður við sjó utanvert við brú þá, er liggur undir kletti síðst og innst í Fossárvíkinni að sunnanverðu og úr honum beina stefnu í gjót og eptir henni, sem liggur upp hina svokölluðu Desjarkletta á fjall upp skamt fyrir utan hið svokallað „Bálkagil“ og svo beint úr gjótinni uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og þaðan úteptir tindum og fjalleggjum útá Búlandstind sem og vötnum hallar, að merkjunum milli Urðarteigs og Teigarhorns. Að norðan og austan ræður fjörðurinn landamerkjum.

Urðarteigi 6. maím. 1884.

ÞPorarinsson umráðamaður Urðarteigs.

Björn Illhugason ábúandi Eiríksstaða.

S. Weyvadt eigandi Teigarhorns.

Magnús Jónsson ábúandi Urðarteigs.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing fyrir Kross og Krosshjáleigu og Krossgerði í Beruneshrepp og Núps í Beruneshrepp kirkjuförð frá Eydölum.

Dag 28. maí 1884 voru hlutaðeigendur til staðar til að semja um landamerki á milli tjeðra jarða, og kom ásamt um þessi landamerki úr „Kellingu“ sem stendur við sjó öllu utar en í miðri Fúlúvík þaðan beina línu í „Hrafnakamb“ í utanverðu svokölluðu „Hrafnagili“, þaðan beina línu upp í egg þaðan ráða eggjar afrjettum inná Skammadalsskarð, þaðan þvert yfir „Hrossatindskoll“ og ofan midt „Fagradalsskarð“ og þaðan uppí egg sem er norðanvert við það.

Krossþorpseigendur

Ólafur Sigurðsson, B. Magnússon, Halldór Halldorsson, Stefán Jónsson, E. Arnason.

Sra. MBergsson að Eydölum.

S. Þorvarðarson fyrir ½ Krossgerði.

Gísli Erlendsson fyrir ½ Krossgerði.

Bjarni Þorðarson búandi á ½ Núpi.

Lisibet Jónsdóttir búandi á ½ Núpi.

Guðrún Bjarnadóttir búandi á Núpshjáleigu.

Svo er samþykkt af okkur undirskrifuðum landamerki milli Kross, Krosshjáleigu og Krossgerðis að æt innan og Fossgerðis og Steinaborgar hin svokallaða „Krossá“ frá upptökum og alla leið í sjó niður, er rennur í sjó niður fyrir utan „Landhólma“.

Halldór Halldórsson.

B. Magnússon.

Eiríkur Arnason.

Ólafur Sigurðsson.

Stefán Jónsson.

S. Þorvarðarson fyrir ½ Krossgerði.

Gísli Erlendsson fyrir ½ Krossgerði.

Sigurður Þorleifsson eigandi Fossgerðis.

Þorsteinn Marteinnsson á Steinaborg.

Þinglýst á Djúpavogarmannspingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Laugardaginn 7. júní 1884, vorum við undirskrifaðir til staðar að Fossgerði til að semja og skrásetja landamerki milli jarðanna Fossgerðis og Steinaborgar og næstu þar að liggjandi, og er það þá að innanverðu milli tjeðra jarða og Karlsstaða sem hjer segir: við sjó niður ræður „Kollshöfði“ markinu, þaðan liggur það í beinni línu í „Einbúa“ þaðan uppí „Stórua-steinbrún“ þá í „Steinketilstind“ og loksins úr honum í fjallstind þann, sem er fyrir ofan Lambaskörð.

Þessari framanskriðu grein erum við sem hlutaðeigendur samþykkir.

Snjólfur Sigurðsson.

Árni Jónsson.

Þórunn Árnadóttir.

Svo eru samþykkt af okkur undirskriðuðum landamerkin að utanverðu, þannig: að „Krossáin“ ræður frá efstu upptökuna sínum og svo alla leið þar til hún fellur í sjóinn, utan við „Landhólma“, svo ræður fjallseggin frá upptökum árinna og í fyrgreindan tind sem endar við þau innri landamerki, sem eru skriflega sett og samþykkt hér að framan.

Fossgerði og Steinaborg 7. júní 1884.

Sigurður Þorleifsson eigandi Fossgerðis.

Þorsteinn Marteinnsson eigandi Steinaborgar.

B. Magnússon.

S. Þorvarðarson fyrir hönd ½ Krossgerðis.

Gísli Erlendsson fyrir ½ Krossgerði.

Halldór Halldórsson.

Stefán Jónsson.

Eiríkur Arnason.

Ólafur Sigurðsson.

Þinglýst á Djúpavogarmannstalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Laugardaginn 7. júní 1884 vorum við eigendur og ábúendur jarðarinnar Karlsstaða í Beruneshrepp innan Suðurmúlasýslu til samans að semja og endurnýja landamerki á milli tjeðrar jarðar og Beruness næstu jarðar að innanverðu og eru þau þessi: við sjóinn ræður ós sá sem „Töskulækjarós“ heitir úr honum bein lína í „Postillugil“ þaðan í beinni línu aptur uppí „Mórak“, sem er utanhalt við „Steinketilinn“ og svo af honum inn eggjarnar svo hátt sem vötn falla fyrst suður af heilt að landamerkjum milli jarðanna Beruness og Þiljuvalla.

Sigríður Halldórsdóttir eigandi Beruness.

Sömuleiðis höfum við hjer undirskrifaðir orðið samþykkir um landamerki að utanverðu milli Karlsstaða og næstliggjandi jarða Steinaborgar og Fossgerðis á þess leið að neðan frá sjó ræður „Kollshöfði“ úr honum beint í „Einbúa“ þaðan beint uppí „Stórubrún“ þá í „Steinketilstind“ og loksins úr honum í tind þann, sem er fyrir ofan „Lambaskörð“.

Staddir að Fossgerði 7. júní 1884

Sigurður Þorleifsson.

Þorsteinn Marteinson.

Snjólfur Sigurðsson.

Arni Jónsson.

Þórunn Árnadóttir.

Þinglýst á Djúpavogarmanntalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki milli Kolfreyjustaðar og Vattarness eru: Gil það, sem liggur mitt á milli „Moldargils“ syðst í „Kyrruvíkur-skriðum“, og „Hermannsgils“ í miðjum „Kyrruvíkur-skriðum“ og ræður ofanefnd „Gil“ löndum milli tjeðra jarða ofan úr efstu fjallsbrún og beint niður í sjó.

Kolfreyjustað og Vattarnesi 22. maí 1884.

St. Jónsson prestur að Kolfreyjustað.

Indriði Sturluson ábúandi á Vattarnesi.

Þórður Eiríksson (ábúandi á Vattarnesi) (handsalað)

Þinglýst í Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki milli Kolfreyjustaðar (með hjáleigunni Árnagerði) og Höfðahúsa eru: úr miðjum „Grákoll“ og svo til sjávar og í þann læk er rennur úr fyr sögðu landamerki.

Kolfreyjustað og Höfðahúsum 22. maí 1884

St.Jónsson prestur að Kolfreyjustað.

Þorsteinn Guðmundsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnssen.



Samkvæmt óafrýjaðri lögfestu 15. maí 1834 þinglesinni sama dag, eru landamerki Gestsstaða sem að hálfu leyti er Kolfreyjustaðar kirkju eign – að utanverðu: úr „Hoffelsgjá“ sjónhending í „Höfðarúfu“ og að neðan í dalsá, að innanverðu í „Ljótunsá“.

Til staðfestu

Kolfreyjustað 8. marts 1884.

Jón Sigurðsson, Gestsstöðum.

Björg Einarsdóttir á Kirkjubóli.

St.Jónsson.

Baldvin Sigvaldason á Gestsstöðum.

B. Stephánsen.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884

Jón Johnssen.



Landamerkjalysing á jörðinni Krossanesi í Reyðarfirði: Krossanes á land út og norður í næsta grjóthrigg fyrir sunnan svokallað „Breiðagil“ í „Kirkjubólsskriðum“, og ræður hriggur þessi mörkum milli Krossaness og Kirkjubóls uppí fjall. Milli Krossaness og Karlsskála að innan ræður hinn svonefndi „Merkigilslækur“ í fjall upp. –

Þingmúla 24. janúar 1884

Páll Pálsson

Skorrastað 23. apríl 1884.

Jónas P. Hallgrímsson.

Samþykktur Eiríkur Björnsson Karlsskála (handsal)

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki milli Dala og Tungu eru: í „Hádegisgil“ er liggur í Tungufjalli gegnt Dalabæjarhrauni utan verðu, og þaðan sjónhending beint niður í Dalsá.

Frá hádegisgili liggja landamerkin inneptir hvervotna á fjall upp. Dalir eiga „Lambadal“, „Gagnheiðardal“ og „Daladal“, „Hafrafell“, „Þverárdal“, Goðafell, Vatnsdal og allt út í „Ljótunsá“.

Dölum 10. marts 1884

BStefánsson.

Ofangreindum landamerkjum milli Tungu og Dala erum við undirskrifaðir samþykkir.

Finnur Guðmundsson.

Jón Sigurðsson (búandi á Gestsstöðum)

Björn Bárðarson

Stefán Einarsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnsson.



Landamerki Sævarenda í Fáskrúðsfirði: að innan milli Sævarenda og Tungu ræður efst „Ljökulá“ landamerkjum, sem rennur niður í Sævarendaá og ræður hún eptir það landamerkjum til sjávar.

Að utan, milli Sævarenda og Eyrar eru landamerki úr „Miðlækjarósi“ á „Melrakkaeyri“ og þaðan beina línu í Stöðvarskarð.

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Tungu og Sævarenda eru við undirskrifaðir samþykkir.

Finnur Guðmundsson.

Stefán Einarsson.

Björn Báraðrson.

Jón Stefánsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki milli Brimness með Brimnesgerði og Kjapteyrar eru: að neðan Gilsá, sem ræður allt uppað Keldudragi því, er liggur innan undir svokölluðum „Hólum“, 60 faðma frá læk þeim, er fellur í Gilsa næst fyrir ofan fyrsta fossinn, sem í henni er, þar sem hún fellur ofan úr dalnum, og nú kallast innri „Hólalækur“. En landamerki milli Brimness með Brimnesgerðis og Höfðahúsa eru: úr „Bjarndyrskambi“ í „Háhlíðaröxl“.

Ofanskriðuðum landamerkjum samþykkir

Brimnesi 21. maí 1884.

H. Espólin ábúandi Brimness.

Einar Bjarnason (ábúandi Kjapteyrar).

Þorsteinn Guðmundsson ábúandi Höfðahúsa.

Ólöf Ásmundsdóttir (handsalað).

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnssen



Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Flugustaða í Hofssókn í Álptafirði í Suðurmúlasýslu.

Kirkjujörðin Flugustaðir eiga þetta land: „Markskerskollur“ ber í suðurhorn „Skipmannahólma“, þaðan sjónhending í „Klifapúfu“, þaðan upp „Kjölfjallsröðul“ uppá egg, svo inn eggjar milli Starmíradals og Flugustaðadals inná varp fyrir innan „Jökulfell“, þaðan ræður Hofsá út dalinn, allt ut að Oddum, þaðan ræður suður kvísl Hofsár fyrir sunnan Odda, „Breiðengishólma“ og „Breiðengi“, allt að ytra hrofi, síðan kýll sá, er liggur milli „Breiðengis“ og „Flóðhólma“ allt í sjó.

Ítök í Flugustaðaland:

- a. (Presturinn) Kirkjan á Hofi á selfór og alla beit fyrir sunnan Hofsá á Flugustaðadal.
- b. Jörðin Starmýri á skógartöku í svonefndum „Parti“ á Flugustaðadal.

Hofi 30. apríl 1884

Br:Jónsson.

Fyrir hönd eiganda Starmýrar, þessari landamerkjaskrá samþykkur.

p.t. Djúpavog 23. júní 1884

Jón Hall.

Þinglýst á Djúpavogarmannatalsþingi 23. júní 1884.

Jón Johnssen



Landamerkjaskrá Hálskirkjujarðarinnar Hamars og hjáleigunnar Hamarsels liggjandi í Suðurmúlasýslu. Jörðin Hamar og hjáleigan Hamarssel á allt land milli „Vigðarlækjar“ og „Steinaár“, austur í „Vigðarlæk“ þar sem hann fellur í sjóin, og þaðan beina línu upp í fjalleggjar, svo inn fjalleggjar á móti „Steinargili“, þá ræður „Steináin“ ofan frá í Hamarsá, þá Hamarsáin landamerkjalinu milli Hamars og Bragðavalla útá „Einstígsfoss“, af fossinum beina línu útá „Klettahil“, af honum beint í stein, er stendur sunnantil á Hamarsleyrum. – Jörðin Hamar og hjáleigan Hamarssel á veiði alla meðfram sínu landi í firðinum einnig reka ef þar kynni að landi bera. „Vigðarlækur“ ræður landamörkum milli jarðanna Hamars og Háls, „Steináin“ milli Hamars og Veturhúsa. – Þess ber að geta, að jörðin Hamar, á sem afrjettarland $\frac{3}{4}$ úr svo kölluðum „Hamarsbótum“, sem eru innst í Hamarsdal, frá Veturhúsalandi og á Sker inn og upp.

Hofi í Alptafirði 9. apríl 1884

Br:Jónsson.

Sem eigandi Bragðavalla samþykki jeg þessa landamerkjaskrá

Bragðavöllum 1. maí 1884

Jón Þorsteinsson.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar

H.O. Brím.

Staðfest hvað Háls snertir

p.t. Djúpavog 23. júní 1884

Br:Jónsson.

Þinglýst á Djúpavogar manntalsþingi 23. júní 1883.

Jón Johnssen.



Landamerkjalyásing á jörðinni Kollaleiru eru þessi:

Að austan verðu milli Bakkagerðis og tjeðar jarðar, aðskilur „Búðará“ frá fjöru til fjalls á „Svínadalsvörp“, (en þar sem áin hefur breitt sjer við ósmynnið, þá hefur umráðamönnum jarðanna komið saman um, að ~~sína~~^{sinn} árklöfi falli til hvorrar jarðar í svo nefnt „Langaríf“.

Að norðanverðu, sem til hjerads veit, af „Svínadalsvörpum“ yfir svo kallað „Skagafell“ í „Njörfadalsárdrög“, þar sem „Njörfadalsá“ hefur upptök sín og fellur beint suður í „Sljettuárfarveg“, þessi á aðskilur Kollaleyru og Seljarteigsland. Að sunnanverðu aðskilur Sljettárfarvegur í sjó fram Sljettu- og Kollaleyru-land. Faðmatal við ósmynnið í fjöru, er frá Sjávarhjalli í Sljettárfarveg suður 420 faðmar.

Þar eð ábúendur jarðanna er hjer liggja næst, eru ánægðir með þessi landamerki, þá ritum vjer nöfn og heimili vor undir hana.

Ábúendur Kollaleyru 6. maí 1884.

Sigurður Oddson, Bjarni Oddsson.

Ábúendur Seljarteigs og Hjáleigu

Sæbjörg Jónsdóttir, Bjarni Eiríksson.

Ábúendur Sljettu

Sæbjörg Jónsdóttir, Guðm. Stefánsson, Guðjón Pálsson, Pjetur Pálsson, Bóas Pálsson

Ábúendur Bakkagerðis

Bóas Bóasson, Gísli Nikulásson.

Hvað landamerki snertir milli „Skagafells“ á móts við Kollaleyru, er jeg undirskrifaður umráðamaður Vallaness samþykku.

B.Jónsson.

Bóas Bóasson.

Þinglýst á ^{Eskifjarðar} (Hólma)manntalsþingi 31. maí 1884.

Jón Johnssen.



Lambeyri Miðlambeyri.

Jeg Carl Daniel Tulinius á Eskifirði, lýsi hjermeð yfir, að jeg, samkvæmt eignarskjal, dagsettu 22. októberm. 1881, hef jeg keypt miðpartinn úr jörðinni „Lambeyri“ og eru landamerki: fyrir innan (í norðri) lækur sá, sem kallast „Grjótá“, og fyrir utan (í suðri) lækur sá, er rennur í fjörðinn niður með norðurhlið „Lambeyrartúns“.

Þetta stykki úr Lambeyrarlandi, sem jeg á, nær frá lóð Eskifjarðarverslunarstaðar, að neðan til tinds fjallsins, þar sem vötnum hallar til Norðfjarðar.

Þess skal getið, að samkvæmt eignarskjali, dagsettu 8. október 1806, fylgir með lóð þessari verslunarstaðar, sem þeir Örum & Vulff þá áttu og sem nú er mín eign, rjett til landsstykkis upp til fjalls svo mikið, sem þarf til vatnsmylnu byggingar eða annarar brukunar.

Eskifirði 6. apríl 1883

Carl D. Tulinius.

Samþykkt fyrir mitt leyti.

Jón Johnssen.

Samþykkist þannig, að landsstykki það sem um er talað í síðasta kafla ofanskrifaðrar landamerkjaskrár, sje ekki fyrir innan (framan) Grjótá. –

Eskifirði 8. ágúst 1883

Jón Magnússon eigandi Bleiksár eða Fram-Lambeyrar

Athugasemd herra Jóns Magnússonar er jeg samþykkur þannig, að mjer sje heimilt að nota árbakkann ynnra til þess búa um vatnsveitingu að vatnsmylnu, sem stendur á minni lóð.

Eskifirði 8. ágúst 1883.

Carl D. Tulinius.

Þessu er jeg samþykkur með því skilyrði, að eigandi frampartsins „Lambeyrarlands“ skal hafa rjett til að nota ytra árbakkann til þess að búa um vatnsveitingu að vatnsmylnu sem stendur á hans lóð eða kaupstaðargrunni framan „Grjótár“.

Eskifirði 20. Maí 1884

fyrir hönd Jóns Magnússonar

Friðrik Möller.

Það er sjálfsagt að hvorugur má búa svo um vatnsveitingu úr „Grjótá“, að hins landi sje nokkur hætta búin af því.

Eskifirði 20. Maí 1884

fyrir hönd Jóns Magnússonar

Friðrik Möller.

Carl D. Tulinius.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þar sem „Miðlambeyrarland“ að neðan liggur að lóð Eskifjarðarverslunarstaðar skal þess getið, að neðri landamerki eru þessi: Tveir stórir steinar utarlega á stykkinu, hvarí eru höggfirir: í hinum ytra stafirnir E/.D.K. og í þann innra stafirnir E.K. – Bein lína frá ytra landamerkjalæknum og til „Grjótár“ gegnum báða steina þessa eru landamerkin.

Eskifirði 26. Maí 1884

Carl D. Tulinius.

Samþykkjast

Jón Johnssen.

Þinglýst á ^{Eskifjarðar}Hólmannantalsþingi 31. maí 1884
Jón Johnssen.



Landamerki milli Eydalakirkjujarðar Hvamms í Faskrúðsfjarðarhrepp og bændaeygnanna Gvöndarnesi og Hafnarness á eina hlið, og Víkur á hina, eru þessi: ¹⁾ að utanverðu „Garðsá“ frá sjó, er þrýtur til fjalls á svonefndri „Selhlíðarbrún“ fyrir utan og ofan „Hádegisvatn“, og af áður greindri „Selhlíðarbrún“ beina sjónhending í svonefndan „Ólukkutind“, ²⁾ þar næst að því er til Víkur veit, bein sjónhending úr þeirri röð á „Steðjafjalli“, sem snýr að „Hádegisskarði“ niður í ytra klettahnúk á svo nefndu „Vilborgarhrauni“, þaðan niður í „Leirudal“, niður í miðjann „Mosahól“ í nefndum dal, þaðan niður í „Lækjarskarð“ í svonefndum „Neðri^{merki}botnabrún“. Lækur sá er myndar nefnt skarð, heitir Merkgilslækur, og rennur beint til sjávar.

Þessum framanskriðuðu landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.
MBergsson umráðamaður kirkjujarðarinnar Hvamms í Faskrúðsfirði.

Þorsteinn Sigurðsson eigandi í Gvöndarnesi.

Baldvin Gunnarsson eigandi í Gvöndanesi.

Höskuldur Höskuldsson yngri á Garðsá eigandi í Gvöndarnesi.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar Víkur og Víkurgerðis

Sigurjón Þorsteinsson.

Guðmundur Einarsson í Gvöndarnesi.

Jón Árnason á Hvammi eigandi í Gvöndarnesi.

Jón Pjetursson á Hvammi ábúandi.

Guðný Stefánsdóttir.

Erlendur Finnbogason (ábúandi Hvamms).

Björn Einarsson eigandi í Víkurgerði.

Kristín Guðmundsdóttir á Bakkagerði eigandi í Vík.

Jóhanna Björnsdóttir.

Rósa Einarsdóttir.

Fyrir hönd bræðra sameiganda Víkirgerðis: Einar Einarsson, Elís Einars., Oddur.

Vegna Kristjáns omindugs Þ. Guðmundsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðar manntalsþingi 27. maí 1884.

Jón Johnssen.



Samkvæmt sáttu samningi milli prestsins ^{sra} Ólafs Indriðasonar á Kolfreyjustað vegna kirkjujarðarinnar Eyrar, og eigenda og umráðamanna jarðanna Víkur og Víkurgerðis Einars Jónssonar og Lúðvíks Lúðvíkssonar, gjörðum 12. september 1846, var þannig ákveðið: að „Selá“ skuli hjer eptir vera og gilda framvegis, sem löglegt landamerki milli Eyrar og Víkurgerðis frá fjalli til fjöru, þaðan sem hún hefur sín aðal upptök og kemur að framan og ofan úr svo kölluðum „Dýjabotni“ og niður til sjávar: og hinn svonefndi „Stóribotn“ þessvegna vera hjer eptir óátalið land jarðarinnar Eyrar.

En hjer að auk samdist svo um að Víkurgerðis ábúendur megi hafa framvegis það umtalaða þrætustykki frá „Selá“ ofanverðri innað „Sandfellsröð“ og „Stórabotnsöxl“ upp úr utanverðu „Litladalsholti“, og þaðan beina stefnu ofaní „Selá“ rjett niður af utanverðu tjeðu holti, til vetrar beitar borgunarlaust, og til annarar gripagöngu um þann tíma sem eigi skaðar engi eður slægjur í „Stórabotni“, á kvað allt framan og ofanskrifað allir málspartar góðviljuglega sættast og semjast um að þessari sætt verði þinglýst á næsta manntalsþingi til að verða gildandi landamerkjaskjal milli framan nefndra jarða fyrir alda og óborna.

Framan og ofanskrifaður landamerkjásáttasamningur er staðfestur af stiptysfirvöldum 8. marts 1847, og þinglesinn á Kolfreyjustað 19. maí s.á. og innfærður í Suðurmúlasýslu eignarskjala og veðmálabók.

Til staðfestu
Kolfreyjustað 8. marts 1884.
St.Jónsson.

Eigendur Víkur og Víkurgerðis sem eigandi og umráðamaður
Sigbjörn Þorsteinsson.
Björn Einarsson.
Guðmundur Einarsson.

Landamerki milli kirkjujarðarinnar Eyri og bændaeignarinnar Sævarenda eru þessi: „Miðlækjarós“ á „Melrakkaeyri“, þaðan beina línu í „Stöðvarskarð“. –
Halldór Jónsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 27. maí 1884.
Jón Johnssen.



Landamerki milli Barðsnes samt Barðsnesgerði og Stuðla: „Merkiárós“ ræður að neðan, þaðan beint í miðjann Hrafnakamb, í utanverða „Hádegisfjalli“. Aftur ræður á milli Sandvíkur og Barðsness að sunnan, svo kallaður „Hestur“ við innanverðan „Selasand“ og þaðan þverbeint til eggjar, í heiðarhorni en þaðan og inn í „Hrafnakamb“ ræður fjallsegg.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn

Guðný Jónsdóttir (eigandi Barðsness)

Vilhjálmur Jónsson (eigandi Barðsnesgerðis).

Björn Þorleifsson eigandi Stuðla.

Magnús Marteinsson eigandi Sandvíkursels.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 14. júlí 1884

Jón Johnssen.



Landamerki Fjarðar.

Landamerki eignarjarðar okkar Fjarðar í Mjóafirði eru þessi, eptir sönnunum og samkomulagi við jarðeigendur þá, er eiga lönd að Firði:

Að austan eru þau þessi, norðanfjarðar: „Borgará“ að ofan, ofan að „Borgarárfossi“, þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan á „Borgareyrarodda“, eptir læknum í gilinu og eptir laut þeirri á eyrinni, er liggur ofan fyrir utan frá borgartóptinni ofan á oddann og sem varða er hlaðin í.

Sunnanfjarðar eðg eru þau „Arnarbólaklettur“, þar sem merkt er stofunum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á „Slenjudalshálsi“ sunnan árinna „Slengju“ eins og landamerkvörður sýna og þaðan bein stefna eptir „Merkjavörðum“ út í Grjótá hina innri. Á aðrar hliðar ráða fjallaeggjar, og er allt það land ^{er innan} tjeðra takmarka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar. –

Talið er að kirkjan í Firði eigi einn fjórða hluta af heimalandi Fjarðar, þar að auki á kirkjan í Firði hálfja jörðina Reyki í Mjóafirði. Hún (kirkjan) á vervist í höfn á Krosslandi, fjórðapart í trjáreka fyrir sama landi, fjórðapart í öllum reka fyrir Steinsneslandi, ennfremur skipsstöðu og skálagerð skammt frá vegum í Steinsnessvogi; hún á í stokki í „Draugshvammi“, ennfremur skipsstöðu og skálagerð í í Dölum. Rekapart á kirkjan frá „Afrjettará“ og að „Stálormi“ undir „Blábjargi“, 25 nauta afrjett í Dalalandi, samkvæmt Wilchins máldaga. –

Skorrastaðar kirkja á viðarteig í „Mýrarskógi“ í Fjarðarlandi í Mjóafirði.

Firði 8. júlí 1884.

Ólafur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson eigendur og umráðamenn.

H.Hermannsson.

Þf. Halldórsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson eigandi Skóga.

A. Vilhjálmsson

Magnús Eiríksson.

Jón Bjarnason á Þuríðarstöðum.

Sveinbjörn Sveinsson.

Jónas P. Hallgrímsson pastor loci

Við undirskrifaðir álitum að hið svonefnda „Stál“ undir „Blábjargi“, er prófastsvisitatia Fjarðarkirkju frá. ? nefnir takmörk að norðan fyrir rekaparti Fjarðarkirkju þar, sje það, sem nú er kallaður Stálormur, þar eð örnefnið „Stál“ er alls ókunnugt nú á dögum og eigendur Dalalands Dalalands, þar sem rekapartur Fjarðarkirkju er, og björgunarmenn rekans hafa skoðað það svo og skoða enn, og sem hafa haldið til skila, til Fjarðarkirkju reka af strandlendinu frá „Afrjettará“ að „Stálormi“, án þess kirkjuhaldendur Dvergasteinskirkju, er reka á næst fyrir norðan, hafi á talið það.

Firði 8. júlí 1884.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samkvæmt umboði prestsins ^{sna} Jóns Bjarnasonar á Seyðisfirði frá 7. maí næstl. um að gjöra þessa ályktun fyrir sína hönd.

Hermannsson.

Ólafur Guðmundsson.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 14. júlí 1884.

Jón Johnssen.



Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannardals og Tandрастаða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá“, sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsardal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. –

Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará.

Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn. –

Ormsstöðum og Fannardal 20. júní 1884

Guðmundur Magnússon, B. Stefánsson.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 14. júlí 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Askness.

Landamerki eignarjarðar minnar Askness í Mjófafirði, eru þessi, eptir sönnunum og samkomulagi við þá, sem eiga jarðir þær, er að því liggja: „Kirkjubúfa“ að austan við sjó og bein lína frá kolli þúfunnar til fjalls á Súlubrún, eptir vörðum, og í eggjar fjalla.

Að vestan eru mörkin við sjó á „Arnarbólakletti“ þar sem merkt er stöfunum A.F. (Asknes, Fjörður) og bein lína þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, sem vörður sýna og þaðan beint í fjallaeggjar. –

Firði 8. júlí 1884

Ólafur Guðmundsson eigandi.

Þorsteinn Jónsson (sameign í Firði).

HHermannsson eigandi að ½ Reykjum.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 14. júlí 1884.

Jón Johnssen.



Landamerki Karlskála.

Landamerki jarðarinnar Karlskála í Reyðarfjarðarhreppi eru:
að innan (gagnvart Litlu Breiðuvík sem eru Klaustjörð) er úr Árkambi í Klauf þá er liggr í
Illahjallröð þaðan beina línu á Vatnshlíðarkletta
að utan (gagnvart Krossanesi sem er eign Þingmúlakirkju) í Merkigilslæk.
Að ofan (gagnvart Vöðluvík) þar sem vötnum hallar úr Merkigilslæk í Vatnshlíðarkletta.
Ítök á enginn í Karlskálalandi og hún ekki í neinu öðru landi.
Karlskala þann 30. Maí 1885.
Eiríkur Bjarnason

Ofanrituð landamerki samþykkjum vér:
Páll Jónsson ábúandi á Litlu Breiðuvík
Þorleifur Bjarnason ábúandi á Krossanesi.

Þinglesið á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Maí 1885.
Jón Jónsson.

Borgun 1. ein króna.
J.



Landamerki Litlubreiðvíkr

Landamerki ^{jarðarinnar} Litlubreiðvíkr í Reyðarfjarðarhreppi eru:

að innan (gagnvart Stórubreiðuvík, sem er eign Hólmakirkju) Ytriteigará er næst fellur Olafssandi (nú Borgarssandr kallaður) og á Litlubreiðvík land utanmegin árinna til Haugaxlar (áður Merkiöxl).

að utan gagnvart Karlskála (sem nú er eign Dvergasteinskirkju) úr Arkambi sjónhending í Klauf þá, er liggur í Illakjallaröð, þaðan beina línu norður á svokallaða Vatnshlíðarkletta.

að ofan: gagnvart Vöðlavík: þar sem vötnum hallar frá Vatnshlíðarklettur í Haugaöxl.

Ítök á enginu í Litlubreiðuvíklandi og hún ekki í neinu öðru landi.

Litlubreiðuvík þann 15. Maí 1885.

Páll Jónsson.

Ofanrituð landamerki samþykkjum við

Daníel Halldórsson prestur á Hólum.

Eiríkur Bjarnason ábúandi á Karlskála.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Maí 1885.

Jón Jónsson.

Borgun 1 – ein – króna



Landamerki Eskifjarðarsels.

Landamerki Eskifjarðarsels eru þessi: Eskifjarðará ræður merkjum gagnvart Eskifirði þar til Langbarðslækr fellr í hana frá upptökum Eskifjarðarár í Hræfarskörðum út allar eyjar út að Nóntindi úr honum innanvert í Borgarskriðu í grænt dý, er Langabarðsgrafningr kemur úr eptir honum og læknum (Langabarðslæk) er úr honum rennur innanvert við garðinn, og svo úr mynni lækjarins beint í Eskifjarðará yfir aurana.

Eskifirði 18. Maí 1885.

Samþykkist rétt að vera
fyrir hönd Carls D Túlinius.
Thor E Tulinius.

Andrés Eyjólfsson.
Eiríkur Bjarnason (handsalað).

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Maí 1885.
Jón Jóhnsen



Landamerki Stuðla

Landamerki jarðarinnar Stuðla innan Hólmasóknar í Suðrmúlasýslu byrja milli Sléttu og Stuðla við Fagradalsá er nú rennur til suðurs um svo nefnda Illueyri hér um til á hinum fornu landamærum. Frá ánni liggja landamærin í keldu, sem er í svokölluðum Bláarbakka, úr Keldunni í Landamerkjæræsi, þaðan beina leið í vörðu, sem hlaðin er í urð þeirri, er liggur niður úr næstu gjótu, öðru nafni Yzta forsgil. Úr vörðunni liggja þau þvert upp gjótuna og í gilið í Skollaflöt og í Skessugjá og þaðan á fjall upp unz vötnum hallar til Fáskrúðsfjarðar, þaðan fyrst í suðvestur og þá þvert vestur og loks í norðvestur í Djúpadalsvarp, allt eptir því er vötnum hallar. Af Djúpadalsvarpi halda þau áfram út Tröllafjall, Skógdalsfjall og í snös þá, er Miðaftanstindr heitir þaðan út mitt Kollfjall og niður í sveigboginn mel, er nefnist Merkimell, þaðan í Sauðaskarð, því næst beina leið í Flóalækjarós og að lokum í Fagradalsá.

Stuðlum 10. Mai 1884.

Eyjólfur Þorsteinsson.

Ofanskrifuð landamerki, samþykkt eg vegna jarðarinnar Áreyja, að því tilskyldu, að það, sem hér er nefnt „Kolfell“ sé hið sama, sem eg kalla „Kolfell“ í landamerkjálýsing Áreyja.

Þingmúla 16. Mai 1884.

Páll Pálsson prestur að Hallormsstað.

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg vegna jarðarinnar Dala í Fáskrúðsfirði.

Dölum 22. Mai 1884.

BSteffansson.

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg vegna jarðarinnar Arnhólsstaða.

Arnhólsstöðum 16. Mai 1884.

Arnfinnur Björnsson

fyrir hönd Jóns Guðmundssonar á Þingnesi sem er eig eigandi jarðarinnar. –

Samþykkir:

Bóas Bóasson

Sezelja Bóasdóttur (h s)

Bóas Pálsson

G.P.

Páll Pálsson

Guðjón Pálsson

Guðni Steffánsson.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Mai 1885.

Jón Jóhnsen.



Lýsing

landamerkja á milli Sléttu og jarða þeirra, er kring um hana liggja eru þessi:

1. Milli Eyrar og Sléttu aðskilur hinn svokallaði Johnagarður, hans sér glögg merki frá fjöru til fjalls þaðan inn eggjar er vötnum hallar til Fáskrúðsfjarðar.
2. Á milli Stuðla og Sléttu úr Skessugjá í Skollaflöt úr Skollaflöt í Yztafossgil, þaðan í vörðu þá, er hlaðin er niður úr þessu gili, úr vörðu þessari beina leið í Landamerkjaræsi, er liggur í keldu, en þessi kelda er í svokölluðum Bláárbakka.
3. Á milli Sléttu og jarðanna Seljateigs og Kollaleiru aðskilur hinn gamli Sléttuárfarvegur, sem liggur út fyrir norðan Illueyri og þaðan til sjóar í miðjan Sléttuárós – en þessi ós liggur 480 faðma norður frá Markúsaskletti, er stendur í Sléttukrök.

Sléttu 9. Apríl 1884.

eigendr Sléttu

Sæbjörg Jónsdóttir, Guðni Steffánsson, Bóas Bóasson, Bóas Pálsson, Guðjón Pálsson,
G.P.P. Pálsson, Sezolja Bóasdóttir.

Páll Ólafsson umboðsmaður.

Sigurður Oddsson ábúandi Kolluleiru.

Páll Ólafsson umboðsmaður.

Framanskriðu landamerki samþykki eg vegna jarðarinnar Dala í Fáskrúðsfirði.

Dölum 24. Maí 1884.

B Steffánsson

Samþykkr ofanskriðu

Eyjólfur Þorsteinsson eigandi Stuðla.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Maí 1885.

Jón Jóhansen.



Landamerki Bakkagerðis.

Landamerki á jörðinni Bakkagerði eru þessi: að innanverðu milli Koluleiru og Bakkagerðis aðskilur Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalsvörp eru þar sem áin kemr fram til sjáfar kvíslar hún sig og hefir hlutaðeigendum komið saman saman um að Langarif, sem er mitt á milli kvíslanna, væri landamerki við sjóinn. Að utanverðu frá sjó úr djúpagilslækjarós til fjalls í ytri ærhjallaenda.

Eigendur Bakkagerðis 16. Mai 1884.

Bóas Bóasson (handsalað)

Steffan Vigfússon

Gísli Nikulásson.

Sigbjörn Oddsson

Sigurður Oddsson.

Þinglýsið á Eskifjarðarmanntalsþingi 18. Mai 1885.

Jón Johnsen.



Landamerkjabrjef
fyrir Gvöndarnesi.

Að sunnanverðu í svo nefnt merkjgil á milli Kirkjubóls og afbýla þess, og Gvöndarness, bein sjónhending í klettabrún, og á svonefnd hálsadálsvörp, og þaðan í svonefndann heiðarhnúk, og út brún sem er á milli Gvöndarnesslands og Hvamslands í „Ólukkutind“. –

Landamerki milli Hvamms og Gvöndarness er „Garðsá“ frá sjó, til þess hún þrýtur, til fjalla á svonefndri „Selhlíðarbrún“, fyrir utan og ofan hádegisvatn, og þaðan bein sjónhending í fyrnefndan „Ólukkutind“.

MBergsson.

Jón Árnason.

2^{hndr} Þorsteinn Sigurðsson Löndum.

Erlendur Þorsteinsson Kirkjubóli

Sveinn Stefánsson Bæjarstöðum.

Þórður Árnason Kirkjubólsseli.

Þórður Bjarnason Einarstöðum.

Jón Pjetursson.

Erlendur Finnbogason.

Þorbjörg Jónsdóttir Kirkjubóli

B. Gunnarsson 1^{hndr} Gvöndarnesi.

Guðmundur Magnússon Bakkagerði.

Höskuldur Höskuldsson yngri á Garsá ½^{hndr}

Nikulás Jónsson Borgargerði

Þorsteinn Jónsson Borgargerði

Guðmundur Einarsson 6^{hndr}

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885

Jón Johnsen



Landamerkjaskjal fyrir Vík og Víkurgerði.

Milli Hvamms og Víkur eru landamerki til fjalls, ~~og fjöru~~ bein sjónhending úr þeirri röð á svonefndu „Steðjafjalli“ við „Hádegisskarð“ skal það ráða bein sjónhending niður í yzta klett í „Vilborgarhraun“, þaðan beint niður í miðjann „Mosahól“ í svonefndum „Leirudal“, þaðan ræður bein sjónhending í lækjarskarð í neðri „Merkisbotnabrún“, lækur sá er myndar nefnt skarð heitir „Merkigilslækur“, og hefur verið landamerki allt til sjávar frá ómuna tíð.

Milli Víkurgerðis og Eyrar ræður: „Selá“ landamerkjum frá fjalli til fjöru, þaðan auk hefur Víkurgerði frjálsa beit í svokölluðum „Stórabotni“ um þann tíma, sem það ekki skaðar engjar.
St.Jónsson

MBergsson

Jón Arnason.

Jón Pjetursson (handsal)

Erlendur Finnbogason.

Jóhanna Björnsdóttir

Þorsteinn Sigurðsson Löndum svaramaðr Stefáns og Guðlaugar

Guðmundur Einarsson á Hafranesi svaramaðr Kristínar

Guðní Stefánsdóttir Vík

Sigbjörn Þorsteinsson Vík

Þorsteinn Guðmundsson á Höfðahúsum svaramaðr Kristjáns Einarssonar

Rósa Eiríksdóttir.

Björn Einarsson.

Einar Einarsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885

Jón Johnsen



Landamerki í Tungu eru: að innan og norðan í „Hádegisgil“ norðan í „Tungufjalli beint ofan í „Dalsá“ utanvert við „Dalabæjarhraun“; á Norðurdal ræður Dalsá út í „Traðarhöfðahorn“, sem er út og norður frá Tungutúni, frá „Traðarhöfðahorni“ á Tunga beint til sjóar í 3 landamerkjavörður. – Fyrir sunnan bæ á Tunga allt í fjall upp út í Jökulsá, frá henni ræður „Sævarendaá“ út í sjó milli Sævarenda og Tungu. –

Tungu 1. Júní 1885.

Björn Barðarson.

Finnur Guðmundss.

Stefán Einarsson.

Ofangreindum landamerkjum erum við allir undirskrifaðir samþykkir.

BStefánsson

Jón Sigurðsson

Baldvin Sigvaldason

Björg Einarsdóttir

Halldór Jónsson

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885.

Jón Johnsen.



Landamerki milli þjóðjarðarinnar Kappeyrar og bændaeignarinnar Búða eru þessi:

Efst er „Merkidý“ þaðan á vörðu, sem stendur á „Gráviðarþúfu“ og beint í merkilækjarfoss, eptir það ræður „Merkilækur“ niður í vörðu, sem stendur á Fiskeyri. – En landamerki milli Kappeyrar og Brimness með Brimnesgerði eru: að neðan „Gilsá“, sem ræður allt upp að keldudragi því, er liggur innan undir svo kölluðum „Hólum“ 60 faðma frá læk þeim, er fellur í „Gilsá“ næst fyrir ofan fyrsta fossinn sem í henni er, þar sem hún fellur ofan úr dalnum, og kallast innri „Hólalækur“.

Ofanskriðuðum landamerkjum samþykkir.

Kappeyri 11. júní 1885.

Björg Einarsdóttir.

J. Pjetursson.

Ólöf Ásmundadóttir (handsalað)

Þorvarður Hallgrímsson.

Vigfús Hallgrímsson.

Einar Björnsson (ábúandi Brimness Kappeyrar).

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885

Jón Johnsen



Landamerki milli Kirkjubóls og Geststaða eru þessi:

Að ofan úr „Hoffellsgjá“ beina línu niður í „Höfðarþúfu“ og þaðan niður í „Dalsá“, en að sunnan milli Tungu og Kirkjuból úr „Traðarhöfða“ horni og beina línu í vörður 3 við sjó út.

Landamerki milli þjóðjarðarinnar Kappeyrar og bændaeignarinnar Búða eru þessi: efst er „Merkidý“ þaðan í vörðu, sem stendur í „Gráviðarþúfu“ og beint í „Merkilækjarfoss“, eptir það ræður Merkislækur niður í vörðu, sem stendur á Fiskeyri. –

Stefán Einarsson.

Einar Bjarnason.

Finnur Guðmundsson.

Jón Sigurðsson.

Björn Bárðarson.

Björg Einarsdóttir.

Þorvaldur Hallgrímsson.

Benedikt Björnsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885

Jón Johnsen.



Landamerki jarðarinnar Höfðahúsa: að utan úr miðjum „Grákoll“ og svo til sjávar í þann læk, er rennur úr fyr sögðu landamerki. Að innan í „Bjarndýrskamb“ og þaðan aptur sjónhending í „Háhlíðaröxl“ og þaðan aptur sjónhending í skarðið fyrir framan „Heljardalatind“.

Höfðahúsum 12. júní 1885

Ólöf Ásmundsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson (ábúandi jarðarinnar)

Jakob Pjetursson (ábúandi Brimness)

St.Jónsson (prestur á Kolfreyjustað)

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 15. júní 1885

Jón Johnsen



Landamerkjaskrá
Höskuldsstaða í Breiðdal. –

Landamerki milli Höskuldsstaða og Jórvíkur er bein sjónhending úr miðjum Áraurnum fyrir utan Höskuldsstaði uppúr árgilinu fyrir utan túnið, eptir merkivörðum í ytra „Klofagil“ og í „Breiðatindakoll“. –

Eptir það ráða fjallseggjar landamerkjum innað Seldalastafni og Selá eptir það því sem hún fellur úr Seldalsdrögum, allt ofan í gljúfur, og þaðan út brúnina fyrir neðan „Fornustekka“ og „Einbúa“ og út að ofan melhriegginn fyrir ofan Höskuldsstaðasels-túnið og allt í „Langagrafning“ (nú Mjóagrafning) fyrir neðan reiðgötur, og þaðan beina sjónhending ofan í „Merkjaskurð“, sem er á bakkanum við Breiðdalsá. –

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Járnhriggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaða og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika

Land það fyrir sunnan Breiðdalsá, sem er fyrir utan innri Ljósá – og Ljósárland nefnist – hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða, og umráðamaður Flögu – presturinn í Berufirði – gjört samning um, og ákveðið landamerki, 23. dag októbermanaðar 1884, og er sá samningur samþykktur af styptisyfirvöldunum 4. marts. 1885.

Samningur hljóðar þannig:

„Vjér undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða „Ljósarlandi“, milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri „Ljósá“ fyrir sunnan Breiðdalsá – og í vörðu, sem stendur utantil á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósalæk“ og þaðan skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu, og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjér nefnum „Merkigontu“ – uppí „Ketilhnúk“ og þaðan beint uppí fjallaeggjar; en sá partur „Ljósalandins“ sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.“

Höskuldsstöðum 23. júní 1885,

Einar Gíslason (eigandi hálfra Höskuldsst.)

Sigurður Hallason (ábúandi Ánastaða)

H. Bjarnarson (eigandi hálfra Höskuldsstaða)

Hjer að framangreind landamerki milli Höskuldsstaða og kirkjujarðanna Jórvíkur og Flögu í Breiðdal, samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðarkirkju. –

Berufirði 26. júní 1885

P. Þórarinsson.

Björn Eiríksson (ábúandi Höskuldsstaðasels).

Þinglýst á Eydalamannspingi 29. júní 1885

Jón Johnsen.



Landamerki Höskuldsstaðasels
eru þessi:

Að utanverðu ræður „Selá“ landamerkjum eptir því sem hún fellur frá „Seldalsdrögum“ allt ofaní gljúfur og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og „Einbúa“, og út og ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaselstúnið og allt í „Langagrafning“ – nú „Mógrafning“ fyrir neðan reiðgötu, og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð, sem er á bakkanum við Breiðdalsá.

Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri „Ljósár“ og „Járnhryggs“ er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega eptir dýrleika og tiltölulega eptir jarðardýrleika.

Að innanverðu eru merki: „Merkidalur“ og „Merkigil“, sem liggur niður úr „Merkidalnum“ niður í „Merkilág“ við Breiðdalsá; þaðan sjer maður í fossinn í Ánastaðagili.

Að sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðasels ræður Breiðdalsá merkjum.

Höskuldsstaðaseli 25. júním. 1885

Björn Eiríksson.

Framanskráð landamerki Höskuldsstaðasels samþykkir

Einar Gíslason, eigandi ½ Höskuldsstaða

H. Bjarnarson, eigandi hálfra Höskuldsstaða.

Sigurður Hallson (ábúandi Ánastaða)

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 29. júní 1885

Jón Johnsen.



Jeg undirritaður umráðamaður jarðarinnar Flögu í Breiðdal, sem er eign Berufjarðarkirkju, hefi komið mjer saman við umráðamann Skriðu, prestinn að Eydölum, um: að landamerki að utan milli Flögu og Skriðu skuli hjereptir vera, eins og að undanförmu þau hafa verið samkvæmt landamerkjagjörningi frá 23. sept. 1846, „Gullgróf“, lág sú, sem liggur beinlínis uppeptir Flögu móum og þaðan beina stefnu í „Flögufoss“; er að utan innan milli Flögu og Höskuldsstaðalands fyrir sunnan Breiðdalsá, samkvæmt samningi milli mín og Höskuldsstaðaeigenda 23. okt. 1884 og samþykki styptsyfirvaldanna 4. marts. 1885 skuli vera landamerki: úr vörðu, sem stendur utan til á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósálæk“ og þaðan eða úr merkivörðu þessari skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, sem rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem nefnd er „Merkigonta“ uppí „Ketilhnúk“ og þaðan beint uppí fjallseggjar; síðan eru merkin að sunnan milli Flögu og Berufjarðar: út eptir fjallaeggjum eins og vötnum hallar allt að Skriðulandi og ræður frá Flögufossi upp Flögudalinn á sú, sem rennur niður dalinn, landamerkjum og úr henni beint upp á Flöguskarð. – Að austan milli Flögu og Höskuldsstaða og Jórvíkur ræður Breiðdalsá landamerkjum. –

Berufirði 12. júním. 1885

Þórarinsson prestur að Berufirði og umráðamaður Flögu.

Ólafur Brynjólfsson ábúandi Flögu.

Einar Gíslason eigandi hálfra Höskuldsst.

Hóseas Bjarnarson eigandi hálfra Höskuldsstaða.

Stefán Jóhannesson ábúandi Jórvíkur.

Magnús Bergsson prestur til Eydala.

Þinglýst



Landamerki fyrir Papey.

Papey með úteyjum og skerjum inna þeirra takmarka, sem hjer greinist: Að vestan „Arfaklettur“, að suðvestan „Yðusker“; að sunnan „Selsker“; að austan „Svartasker“; að norðan „Máfaflesjar og öll sker og eyjar innan þessara takmarka.

Papey 26. júní 1885

Lárus Guðmundsson.

Þinglýst á Djúpavogarmannspingi 2. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjalyýsing

Hallormsstaðar í Skógum eptir fornum máldögum og biskupa visitazium.

1. Að utan ræður „Hafursá“ inn og upp að „reiðgötum“, sem ráða mörkum austur á „Skarðhrygg“.
2. Að austan ræður bein stefna frá reiðgötum á „Skarðhrygg“ inn austur brúnir austanvert við „Prestaflóa“ og „Sandhóla“ alla leið inn á móts við ^{ytri} „Hraungarðsenda“.
3. Að sunnan ræður „Hraungarður“, þar sem hann ber hæzt alla leið inní „Hornbrynju“.
4. Að innan ræður „Gilsá“ allt til upptaka hennar.

Hann á þessi ítök á annara lönd:

1. Í Arnheiðarstaði: beit fyrir hundrað fjár í mánuð (tilgreint í Geitagerðismýrum).
2. Í Brekkuland: fjögra hrossa beit með folöldum.
3. Í Bessastaðaland: sex hrossa beit með sama skylyrði.
4. Í Þingmúlaland: hólmann í Skriðvatni.

Í hans land eiga þessar jarðir ítök:

1. Arnheiðarstaðir: skógarhögg^{teig} milli „Ljósár“ og „Jökullækjar“ upp að reiðgötum.
2. Brekka: Skóg út frá „Klifá“ að „Ljósá“ uppað reiðgötum.
3. Bessastaðir: allan skóg milli „Gilsár“ og „Buðlungavallarár“.
4. Skeggjastaðir (með Götu) og Hrafnsgerði: Skóg allan milli Hafursár og Borgargerðislækjar.
5. Þingmúli 60 rafta á ari hverju.

Hallormsstað 8. maí 1884.

Páll Vigfússon (ábúandi)

Vegna Geirólfsstaða, Mýra og Flögu samþykkur:

Páll Pálsson þjónandi prestur.

Fyrir hönd Geitdals samþykkur

Þorvaldur Guðmundsson

Pjetur Guðmundsson.

Vegna Þorvaldsstaða samþykkur

Benedict Eyjólfsson.

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur

G. Einarsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sem eigandi Víðivalla ytri er eg þessari landamerkjálýsingu samþykkur.
Jón Einarsson.

Vegna Hrafnkelsstaða samþykkur hinsvegarritaðri landamerkjálýsing.
Sæbjörn Egilsson.

Sem umráðamaður Arnheiðarstaða er jeg framangreindu samþykkur
Sigurður Gunnarsson prestur á Valþjófsstað.

Vegna Víðivalla fremri
Páll Ólafsson umboðsmaður.

Vegna Búðartungna samþykkur
Páll Pálsson.

Vegna Hafursár samþykkur
Sigurður Einarsson

Ítak þessu í Brekkuland er jeg samþykkur
Brynjólfur Þorarinsson.

Með mínu samþykki
Fr.Zeuthen.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 6. júlí 1885
Jón Johnsen.



Landamerkja skýrsla fyrir jörðinni Úlfsstaðir á Völlum í Suðurmúlasýslu eru þannig:

Að „Grímsá“ skilur lönd að neðan, að utan eru þannig þau úr ^{mið} „Þúfu“ í „Þúfukíl“ og í „Rauðalæk“ þaðan upp hjá „Förgukinnarlæk“ og uppá „Ölvishamra“ suður eptir þeim og í „Sniðlæk“, sem fellur ofan af þeim; að innan eru þau, úr „Grímsá“ uppmeð „Tunghagalæk“ og í svokallaða „Merkikeldu“, þaðan upp flóann fyrir utan Gíslastaðagerði um torfvörðu, sem er í flóanum upp hjá Grástein, sem er ofan við flóann og beina línu upp hjá áðurnefndum „Sniðlæk“, sem fellur ofan af „Ölvishömrum“.

Þessu til staðfestu eru hlutaðeigenda nöfn og heimili.

Úlfsstöðum 2. júlí 1885

Eiríkur Auðunsson Gíslastaðagerði.

Árni Auðunsson

Einar Sigurðsson, Þórður Þorsteinsson á Eyjólfstöðum

Eyjólfur Arngrímsson Tunghaga.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 6. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjalyýsing fyrir Hamragerði:

Að utan verðu milli Hrjótar, úr fremri merkigarðsenda neðan við Hrjótarvatn framanvert í vörðu, sem hlaðin er á eystri „Sjónarásbrún“ þaðan beina stefnu í efri árbug utan við svo kallaðar „Gröndalshæðir“, þaðan eptir sömu stefnu yfir hálsana í „Holtná“; en að neðanverðu milli Hreimstaða, úr „Hurðarbaksá“ inn „Langgarð“ norðanundir „Núpssgerðisás“ í vörðu ytri, sem stendur á straxnefndum ás, sem er landamerkjavarða milli Hjartarstaða og Hamragerðis, þaðan til fjalls í vörðu, sem stendur á hamrinum fram og upp af Hamragerði svo í vörðu, sem stendur á hamrinum uppvið „Hurðarbaksá“, þaðan uppí vörðu þá, sem er fyrir ofan slægjulönd hverjar fjórar vörður næsttaldar standa í beinni línu frá annari, þaðan sjónhending á fjall austur þangað sem vötnum hallar að hjeraði.

Eigandi Hamragerðis
Magnús Rafnsson

Hlutaðeigandi
Magnús Jónsson ábúandi Hrjóts.
Vigfús Jónsson Hreimastöðum.
Sigurður Magnússon eigandi Hjartarstaða.
Staddur á Egilsstöðum 6. júlí 1885
Samþykkir Páll Ólafsson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 6. júlí 1885
Jón Johnsen.



Landamerkjaskrá fyrir Dalhúsaland liggjandi á Eyðahrepp innan Suðurmúlasýslu eru þessi: Að innan ræður „Valgilsá“ gagnvart Þuríðarstaðalandi, en að neðan ræður „Eyvindará“ þar til löndum skiptir að utan. – Gagnvart Miðhúsalandi úr þúfu er stendur við svokallaða „Leitismýrarkeldu“ og þaðan í vörðu á „Klapparhrygg“ og úr henni í fjallsbungu þá er myndast utan við miðlækjardrög.

Þess skal ennfremur getið að Vallaneskirkja á helming skógar milli „Valgilsár“ og „Hrútár“ í Dalhúsalandi.

Dalhúsum 4. júlí 1885

Óli Halldórsson.

Samþykktur (~~fyrir~~)

BJónsson. (umraðamaður Vallaneskirkju)

Það sem í þessari landamerkjaskrá stendur um landamerki millum Dalhúsa og Miðhúsa er jeg að öllu leiti samþykktur

Runólfur Þorsteinsson.

Samþykktur fyrir Þuríðarstaðarland

G.Vigfússon.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 6. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjalysing
bændaeignarinnar Stórasandfells í Skriðdal.

Að utan ræður „Gilsá“ inná „Hjálpleysuvarp“; að norðan „Grímsá“; að framan „Hvína“. Að ofan eggjar.

Stórasandfelli 9. júní 1884

Björn Árnason

Einar Jónsson (sameigandi)

Páll Ólafsson umboðsmaður fyrir hönd Litlasandfells og Vaðs.

Fyrir hönd Sauðhaga

B.Jónsson prestur til Vallaness.

Fyrir hönd Areyja, samþykkir

Páll Pálsson prestur til Hallormsstaðar, en neitar vegna Þingmúlakirkju en, samkvæmt álit styptsyfirvaldanna, samþykkur.

3/6 1885 Páll Pálsson.

Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.

Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.

Þinglýst á Þingmúlamannþingi 27. júní 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjaskrá
Þvottár og hjáleigunnar Hnauka.

„Hlaupgeiri“ er klettur, og grastorfa uppá honum, sunnar en í miðjum Hvalnesskriðum, úr honum er lína dregin upp miðjan „Hlaupgeirabotni“, þaðan ræður fjallaröðull og tindar, eptir miðjum „Hvaldalshálsi“, eptir því sem tindar og fjallsröðlar eru hæstir, fyrir norðan og norðvestan „Hvaldal“ inní „Hvaldalvarp“, eptir það suður varpið á milli Hvaldals og „Lónsheiðar“, eptir því sem röðlar og melar eru hæstir, og vötnum hallar eða lækjum hallar, fyrir vestan „Ljósardal“ eða „Ljósárdalshnútu“, þaðan eptir röðlinum beina leið að „Sýslusteini“, sem stendur á miðju „Lónsheiðarvarpi“. — Þaðan ræður „Lónsheiðará“, allt þar til hún fellur í „Selá“, rjett fyrir utan „Viðartungur“, úr því ræður „Selá“ landamerkjum allt út í svokallað „Ölduskarð“, og er klöpp þar austanmegin „Selár“, í hverja klappaður er stafurinn „R“, þaðan rjettssýni út í „Öskukallshraun“, og er þar á högginn stafurinn „Ö“, þaðan rjettssýnis út í „Merkiklett“, sem stendur á milli „Geirshóla“ og Sjáfarhrauns, og er í þann klett högginn stafurinn „D“. — Itökin, sem fylgja jörðinni Þvotta og Hofskirkju, eða Hálsprestakalli í Álptafirði, samkvæmt máldögum hinnar fyrverandi Þvottáarkirkju og Hofskirkju eru þessi: afnot ½ „Vigurs“ móti jörðinni Starmýri, ½ „Íglskers“ mót sömu jörð, ½ „Skarfakambs“ móti sömu jörð, ½ Óseyja mót sömu jörð.

Hofi í Álptafirði 20. desember 1883

Br. Jónsson prestur til Hofsprestakalls.

Sem ábúendur jarðanna Þvottár og Hnauka erum vjer undirskrifaðir þessari landamerkjalýsingu með öllu samþykki.

Þvottá 20. Dec. 1883

Sigurður Björnsson.

Hnaukum 20. Dec. 1883

Kristján Jónsson.

Framanskriðuðum landamerkjum erum vjer undirskrifaðir sameigendur jarðarinnar Starmýri hvað hana snertir samþykki.

Starmýri 20. des. 1883

Ragnhildur Stefánsdóttir (handsalað)

Guðm. Eyjólfsson (handsalað).

Sem ábúendur Hvalness erum við undirskrifaðir þessari landamerkjaskrá með öllu samþykki.

Hvalnesi 4. Maius 1884.

Bjarni Bjarnason (eigandi)

Eiríkur Halldórsson, Sigurður Guðmundsson (handsalað)

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Johnsen.



Landamerkjaskrá
kirkjujarðarinnar Háls í Hamarsfirði með hjáleigum
a) Kambsnes.
b) Stekkahjáleiga.

Landamörk milli kirkjujarðanna Háls og Hamars í Hálsþinghá eru þessi: „Vygðarlækurinn“ í Henglafjöllum^{víkinni}, þar sem hann fellur í sjó fram og þaðan beina stefnu í norður á fjallseggjar. –

Háls á Búlandsdal allan sunnan, „Búlandsár“, frá því vötnum hallar og þar til hún kemur út úr dalnum, og beygist niður til Berufjarðar, þar hættir áin að vera takmarkalína, fyrir utan dalsminnið standa 3 jarðfastir steinar, kallaðir „þrímenningar“, þar byrjar ný merkjalína og er takmörkuð af hlöðnum vörðum, sem standa hver frá annari eptir háhálsinum allt út í svo kölluð „Hálsamót“; þetta eru afrjettar, hagbeitar og engamörk Teigarhorns. –

Landamerki Búlandsness og Háls eru: Hálsmótin eða háhlíðarnar og „Votaberg“ sunnan í Hálsamótum, þaðan í Merkistein og ofan röðla niður um mýrar eptir hlöðnum vörðum ofan í „Merkipúfu“ við sjó fram fyrir innan „Stórhólamýri“.

Hofseyrarprestakall í Alptafirði 21. júní 1885

Br. Jónsson.

Samþykkur H.Ó. Briem

Ó. Jónsson.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjaskrá
Múla í Hofssókn í Geirhellnahreppi
innan
Suðurmúlasýslu.

Jörðin Múli á allt það land, sem hjer greinir, landamörk að austan millum Geithellna og Múla eru svonefnd „Geithellna-á“ frá upptöktum hennar og allt úr á „Gribbalda“ eða út undir „Múlahólma“, þaðan ræður merkjalína eptir hlöðnum vörðum, þannig að það er hlaðin varða á háum ás eða hrauni og svo önnur varða á miðjum araurnum og hin þriðja við sjó út, þetta eru föst landamörk hvernig sem áin kann að kasta sjer eptir hólmanum.

Landamörk að sunnan millum Múla og Hofs eru þessi röðlar á fjallgarði þeim er aðskilur Hofsdal og Múladal allt af innskerjum eptir því sem vötnum hallar og ^{allt} út á yztu hæð á „Hádegisfjalli“, sem er yzt á fjallgarði þessum, utan í fjalli því heita „Arnarhamrar“, og í þeim er dökkur klettur, sem kallaður er „Votaberg“, og frá miðju „Votabergi“ er dregin bein lína landamerkjálína yfir ~~hálf~~ háls þann og hraun, sem liggur utanvert við fjallið allt að sjó, og eru hlaðnar vörður til glöggvunar mörkum þessum vörðurnar eru tvær, sú varða, sem næst stendur fjallinu er hlaðin á hrauni því sem næst er svonefndu „Stekkatúnshrauni“ norðaustan við það, önnur varða er hlaðin í einstöku hrauni við sjó út norðaustanvert við kotbæinn Hærुकollsnes. – Engjamörk á Króksmýri eður Kolskógsmýri milli Múla og Hofshjáleigu Hærुकollsnes skulu vera hin sömu, sem að verið hafa.

Múla 27. júní 1885.

Gísli Sigurðsson.

Sigurður Björnsson.

Antóníus Björnsson.

S. Sigurðsson eigandi Múla.

Samþykkur þessari landamerkjaskrá hvað Hofskirkjuland snertir

p.t. Múla 27. júní 1885,

Br. Jónsson.

Hildur Brynjólfsdóttir.

Sig. Ásmundsson.

Þinglýst á Djúpavogarmannspingi 2. júlí 1885

Jón Johnsen.

[Á spássíu :] Aths: Sjá þinglýst landamerki jarðarinnar brjef nr. 240 þingl. 1931 á Djúpavogi.



Landamerkjaskrá
prestssætursins Hof í Álptafirði með hjáleigum

- a) Hærkolsnes
- b) Rannveigarstaðir
- c) Tunguhlíð
- d) Markúsarsel

Prestsetrið Hof með fyrtöldum hjáleigum á þetta land: Úr sjó ræður milli Hofs og kirkjujarðar Hof-Flugustaða, kýll sá er liggur milli „Breiðengis“ og „Flóðhólma“ að ytra hrófi, frá „Ytrahrófi“ suðurkvísl Hofsar fyrir sunnan „Breiðengi“, „Breiðeingishólma“ og Odda. – Frá Oddum ræður „Hofsá“ inn dalinn allt til „Jökulfells“. –

Frá Jökulfelli er dregin lína í norðurbrún Hofsjökuls, þaðan ráða eggjar og röðlar á fjallgarðinum allt að „Votabergi“ í miðjum Múlahálsi. –

Sem landamerkjalinna milli Hofskirkjulands og bænda eignarinnar Múla er frá nefndu „Votabergi“ bein lína dregin í vörðu, sem stendur á hrauni, sem er næsta hraun fyrir austan „Stekkatúnshraun“, þaðan bein lína í vörðu, sem stendur í einstöku hrauni við vik mjótt, sem aðskilur landið frá hraunbelti eða hrauntanga hálandum, er skagar út í sjó í suður og austur frá Hærkollsnæs bæ, og nefnist „Hærkollsnæs björg“, sem er Hofskirkjuland. Engjamörkin eru hin sömu á „Kolaskógsmýri“ eða „Króksmýri“ milli Múla og Hærkollsnæs; (Hofskirkjulands) sem verið hafa. –

Ítak í Flugustaðaland:

Prestsetrið Hof á selför og alla beit fyrir sunnan Hofsa, á Flugustaðal. (samanber landamerkjaskrá Flugustaða). –

Hofskirkja á Brimilsnes:

Brimilsnes

Lynghólma

Þrúðu

sem liggur undan Hofskirkjulandi í Suðarálptarfirði,

ennfremur Þvottáreyjar:

Eskildsey með 3 hólum

Sauðey

Sauðeyjarhólma

Seley

Seleyjarklappir

Sundasker

Hóley

Töglin

Nótarhöfði

Moldarhöfði og

Hleinar.



Hálskirkja í Hamarsfirði á Skjöld eða Skjöldusker.

Þvottáreyjar liggja út af Hamarsfirði, um flotnar í sjó, en aðgreining milli Þvottáreyja og Melrakknesfjöru eru syðri Hvalsker (Hofskirkjueign). Skjöldu eða Skjöldusker liggur út og suður af „Melrakknesás“.

Fjörur þær er tilheyra Hofsprestakalli ^{ern}:

1. „Þvottár“ og „Hnaukafjörur“, hverra takmark að sunnan er klettur: „Hlaupgeiri“ að nafni, sunnar en í miðjum „Hvalnesskriðum“, en að austan milli fjara þessara og „Starmýrarfjöru“ er markið „Merkiklettur“ ber í „Öskukarlshraun“.
2. ½ Starmýrarfjara, hverrar mark að sunnan er „Merkiklettur“ ber í „Öskukarlshraun“, en eystra mark er „Markskerskollur“ ber í Múlabæjinn eystri frá fjörunni að sjá.
3. Hofsfjara hverrar mark að sunnan er „Markskerskollur“ ber í Múlabæjinn eystri frá fjörunni að sjá, en eystra mark er „Kambárfossinn“ fyrir austan melrakknes ber í svartaklettinn í hætta hallandanum á „Ósnesi“. –

Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri“, „Skarfakambi“, Igluskeri og Óseyjum á móts við Starmýringa.

Hofi Álptafirði 13. Maí 1885

Br. Jónsson.

Sem eigandi Starmýrar er þessi landamerkjaskrá samþykkt
Ragnheiður Stefánsdóttir.

Sem eigandi Melrakkness er þessi landamerkjaskrá samþykkt
Sigríður Eyjólfsdóttir (nafnið handsalað)
Þórkatla Eyjólfsdóttir (handsalað)
Guðmundur Eyjólfsson (handsalað)
Björn Björnsson.

Sem ábúendur Hvalness erum við þessari landamerkjalyýsingu með öllu samþykkir.
Eiríkur Halldórsson (handsalað)
Bjarni Bjarnason.

Hvað viðvíkur framanskriðuðum landamerkjum milli Múla og Hofskirkjulands erum við undirskrifaðir Múlaeigendur samþykkir.

S.Sigurðsson
Gísli Sigurðsson.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885.
Jón Johnsen.



Jörðin Hellisfjarðarsel í Norðfjarðarhreppi á land úr Heyvegslæk að neðan og upp beina línu uppá efri fjallsbrún; þegar þangað kemur þá ræður efri fjallsbrún fram í fremri „Gvöndarfjallsenda“, og er þar hlaðin varða úr grjóti, og þaðan beint uppá egg og inná „Hrafnaskörð“ og út fyrir sunnan á „Nóntind“ og ofan „Nónhrigg“ að utan og beint í ána, sem rennur út dalinn, beint í Heyvegslæk að norðan. –

Hellisfjarðarsel á þriðjapart úr öllum reka sunnan megin „Hellisfjarðar-ár“ í „Glámulæk“ út. –

Þessum landamerkjum erum vjer hlutaðeigendur samþykkir.

Hellisfjarðarseli þann 16. júlí 1885. –

Sveinn Stefánsson (eigandi Sels).

Sigurður Eiríksson, Sveinn Sveinsson eigendr Hellisfjarðar.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerkjaskrá Viðfjarðar.

Að norðan fram í Viðfirði á hann land, innan af „Disjaröxl“ út með öllum „Viðfirðarmúla“ að sunnanverðum, norðan fyrir inná í svonefnt „Ytrastigagil“, þaðan beina línu ofan í „Glámalæk“, sem er í miðri „Glámu“; þessi landamerki aðskilja Viðfjarðarland frá landi Hellisfjarðar og Hellisfjarðarsels. –

Að sunnan fram í Viðfirði, á hann land innan af ofannefndri „Dísaröxl“ í kring út með öllum eggjum allt útá „Merkishrigg“, þaðan beina línu ofan í „Merkiflúð“ er stendur – umflotin hjerum bil 10-15 faðma frá landi; þessi landamerki eru milli Viðarfjarðarlands og Stuðla. –

Viðfirði þann 1/7 1885.

Bjarni Sveinsson.

Framanskriðuðum landamerkjum eru við undirskrifaðir eigendur og umráðendur jarða þeirra sem eiga land að Viðfirði samþykkir.

Hellisfirði 1/7 1885

Sveinn Sveinsson.

Hellisfjarðarseli 1/7 1885

Sv. Stefánsson.

Stuðlum 1/7 1885

Björn Þorleifsson.

Sigurður Eiríksson.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerki Sandvíkur ásamt Sandvíkursels^{parts} og Sels í einni heild.

Milli Vöðla í Vöðlavík og Sandvíkur ræður urð við innri bræðra sandsenda með sjó fram og þverbeint til eggjar og milli Barðsnes og Sandvíkur ræður svokallaður „Hestur“ innan við „Selsand“ og þverbeit í Egg. Á aðrar vegur ræður fjallsegg allt í kring.

Sandvíkurseli 17. júní 1885

Magnús Marteinsson (eigandi Sels).

Árni Auðunsson ábúandi Sandvíkurparts.

Jón Stefánsson eigandi Sandvíkur.

Samþykkt

Eyjólfur Jónsson ábúandi Vöðla

Guðný Jónsdóttir eigandi Barðsness.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerki Stuðla

Milli Stuðla og Viðfjarðar skiptir landi, á „Merkiplúð“ að neðan er stendur umflotin 10-15 faðma frá landi. – Þaðan bein lína í „Merkihrygg“ í fjallsegg. –

Milli Stuðla og (Barðsnes og Barðsnesgerðis) skiptir landi í Merkiárós, að neðan beina línu uppí „Hrafnakamb“ miðjann er liggur úr fjallsegg á skakk út og ofan.

Stuðlum 1. júlí 1885

B. Þorleifsson eigandi Stuðla.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir eigendur og umraðamenn jarða þeirra, sem eiga land að Stuðlum, samþykkir.

Barðsnesi

Guðný Jónsdóttir eigandi að Barðsnesi.

Viðfirði

Bjarni Sveinsson

Barðsnesgerði

Vilhjálmur Jónsson (handsalað).

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerki
Kirkjubóls í Norðfirði eru þessi:

Að innan milli Hólalands „Stekkvallarós“ við Norðfjarðará, „Stekkvallar“ þaðan „Stórhólsfoss“, sem er utanundir „Stórhólnum“ þaðan bein lína í árgljúfrið vestan við „Stekkvallarárhnaus“ og þaðan bein lína á fjallsegg. –

Að utan; milli Skálateigslands ræður „Merkjalækur“ frá „Bagalsgjá“ að ofan, að „Merkivörðu“ (nýtt nafn), er stendur á ytra barmi „Merkjalækjar“ við fjallsrætur, þaðan í vörðu á utanverðum „Stakhol“, þaðan í vörðu innst á Kolbeinsenni, þaðan til ár eptir beinni stefnu í Klett í vestanverðu Selárgili, spölkorn fyrir ofan Merlshorn.

Að sunnan, milli Staðarháls eignar Skorrastaðarkirkju skiptir löndum, Norðfjarðará sem beinast fellur aðaláin um dalinn út. –

Ítök í landið eru engin, utan „12 fóta gröf“ til móstungu, er Skorrastaðarkirkja á, árlega. – Skorrastað og Kirkjubóli 7. júlí 1885.

Jónas P. Hallgrímsson

(fullmektugur eigandi Hóla að 7/9 pörtum og yfiráðandi Staðarháls sem prestur)

Daníel Halldórsson prestur á Hólum.

Jón Þorsteinsson á Kirkjubóli.

Havarður Einarsson

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885.

Jón Johnsen.



Landamerki Skóga

Landamerki eignarjarðar minnar Skóga í Mjóafjarðarkirkjusókn eru þessi, eptir því sem eg veit bezt og rjettast og vjer hlutaðeigendur höfum komið okkur saman um: Að austan „Merkisteinn“ í miðri „Stóruð“ merktur S.H. (Skógar, Hesteyri) og bein stefna þaðan í „Markagjá“ að ofan. –

Að vestan eru merkin þessi: „Borgará“ að ofan, ofan að „Borgararfossi“; þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan í „Borgareyrarodda“, lækjarfarvegurinn ræður í gílinu en á eyrinni laut sú, er liggur frá Borgartoptinni niður á oddanum og sem varða er hlaðin í. – Á aðrar hliðar ráða fjalleggjar og sjór. – Land jarðarinnar Skóga er því allt það land, er liggur innan tjeðra takmarka, og á engin önnur jörð eða maður nokkurt ítak í Skógum, nje heldur Skógar í öðrum jörðum.

Brekku 11. júlí 1884

Vilhjálmur Hjálmarsson eigandi Skóga.

Ólafur Guðmundsson

G. Guðmundsson.

Þorsteinn Jónsson.

H. Hermannsson.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885.

Jón Johnsen.



Landamerki
Sveinsstaða í Norðfjarðarhrepp eru þessi:

Að utan og norðan mots við „Búland“ ræður merkjum við sjó, „Ófæragilsforvaði“, þá „Ófæragil“ og þaðan bein lína á fjall upp. – Að innan skilur löndin í fjall upp „Grenjjaðarsgjá“ þaðan bein lína niður á svonefnt, „Grjótstekkagil“.

Fyrir sunnan Hellisfjarðará, eiga Sveinstaðir land allt milli „Hrafnagils“ að utan og „Kvígildisár“ að innan, frá ánni að neðan á fjall upp. –

Ennfremur eiga Sveinstaðir part í miðju Hellisfjarðartúni 60 (sextíu) faðma á lengd og 17 (seytján) faðma á breidd.

Sveinstöðum 18. júlí 1885.

Gunnhildur Ólafsdóttir

Sveinn Sveinsson handsalað.

Hellisfirði 18. júlí 1885

Sigurður Eiríksson (handsalað).

Skorrastað 6. júlí 1885

Jónas P. Hallgrímsson (yfirráðandi Búlands)

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Jörðin Hellisfjörður í Norðfjarðarhreppi á land úr „Grenijarðarsgjá“ að ofanverðu og þaðan beina línu niður í svokallað „Grjótstekkagil“. – Að innan ræður fyrst, Heyvegslækur frá „Hellisfjarðará“ uppí efri fjallsbrún, þegar þangað kemur þá ræður efri fjallsbrún inní fremri „Gvöndarhjallaenda“, og úr fremri endunum beint upp til fjalls og er hlaðinn varða á fremri enda efri fjallsbrúnarinnar móti fremri enda „Gvöndarhjalla“. – Að sunnan í svokölluðu „Nónfjalli“ á Hellisfjörðr „Kvígildisdal“ norðanmegin „Kvígildisáar“ og ræður þar að sunnan „Kvígildisa“ frá fjalli niður í „Hellisfjarðará“, en að norðan „Nontindaröð“ og úr henni niður svokallaðan „Nóntindshrigg“ og í gljúfur neðan í „Nónhriggnum“ og svo úr gljúfrinu norðan í „Klifafoss“, sem er í „Hellisfjarðará“. Að utan fyrir sunnan Hellisfjörð, á Hellisfjörður land og ræður þar landamerkjum að utan „Glámulækur“ beint til fjalls, en að innan ræður „Hrafnagil“ frá fjalli niður í „Hellisfjarðará“. – Hellisfjörður á tvo þriðju parta af öllum reka sunnanmegin Hellisfjarðarár út í Glámulæk, er Hellisfjarðarsel einn þriðja part.

Þessum landamerkjum erum allir hlutaðeigendur samþykkir.

Hellisfirð þann 18. júlí 1885

Sveinn Sveinsson

Sigurður Eiríksson.

Hellisfjarðarseli 18. júlí 1885

Sveinn Stefánsson (handsalað)

Gunnhildur Ólafsdóttir yferráðandi Sveinsstaða.

Samþykkir ofanskriðuðum landamerkjum er jeg undirskrifaður.

Viðfirði 16. júlí 1885.

Bjarni Sveinsson (eigandi og yferráðandi).

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885.

Jón Johnsen



Landamerki

jarðarinnar Hofs í Norðfirði, að utan eru: Línan úr miðjum Svarthömrum í fjall upp niður um „Oddsgil“ í „Kílsvaðsmerki“, beina línu í á niður, og línan úr miðjum „Svarthömrum“ á fjallsegg.

Að sunnan og neðan ræður áin um hríð inn þangað, er svonefnd „Merkikelda“ fellur í hana við „Grænhyl“. Ræður þá „Merkikeldan“ mörkum milli Skorrastaðarlands og Hofs, til „Merkivörð“, niður af miðju „Gráapýfi“. –

Að innan og vestan ræður: Lína drregin úr „Merkisvörðunni“ nýnefndri, um mitt „Gráapýfi“, þaðan í „Hofsgróf“ (Grafning); þaðan í „Hofsgjá“, og þaðan beina lína í fjallsegg. Skorrastað 16. júlí 1885.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur) (Vegna Skorrastaða og Ormstaða).

(Eigendur Hofs)

Sveinn Sigfússon, Halldór Stefánsson.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885

Jón Johnsen.



Landamerki jarðarinnar Hofs liggjandi á Mjóafirðarkirkjusókn, að vestan í „Hofsá“ frá ós til fjalls, að austan í „Hellugilslæk“ frá sjó til fjalls.

A. Vilhjálmsson (eigandi Hofs)
Ólafur Guðmundsson (eigandi Rima)
Árni Árnason á Eldleysu (handsalað)

Landamerki jarðarinnar Eldleysu liggjandi í Mjóafirðarkirkjusókn, að vestan í „Hellugilslæk“ frá sjó til fjalls, að austan í „Raufarberg“ að neðan og í „Klaufarklett“ að ofan. –

Árni Árnason (handsalað).
A. Vilhjálmsson.
Sveinbjörn Sveinsson.

Landamerki jarðarinnar Steinsness liggjandi í Mjóafjarðarkirkjusókn, að vestan í „Raufarberg“ að neðan, og „Klaufarklett“ að ofan. Að austan í „Fremstagilslæk“ frá sjó til fjalls.

Sveinbjörn Sveinsson.
A. Vilhjálmsson
Magnús Eiríksson

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 18. júlí 1885.
Jón Johnsen.



Landamerki Bleiksár.

Bleiksá ræður landamerkjum milli Eskifjarðar og Lambeyrar („Bleiksár“) niður að því að hlaðin er við hana landamerkjavarða, síðan komin sjónhending niður í vörðu, sem að hlaðin er niður á „Bleiksárnesi“ niður við Eskifjarðará sem að úr því ræður til þess hún fellur í Eskifjörð. – Eptir samkomulagi hvílir sú skylda á eigendum, Eskifjarðar og Bleiksár sameiginlega að halda farveg árinna í sama standi og hann er nú, milli efri vörðunnar og fossins sem að þar er rjett fyrir ofan, þannig að áin skipti sjer hjerumbil til helminga í tvær kvíslir. Háeggjar fjalla ráða til Norðfjarðar.

Að utan gagnvart þeim hluta Lambeyrar, er „Mið-Lambeyri“ er kallaður ræður Grjótá til Kaupstaðargrunns, sem ræður fram og niður til sjáfar. Þess skal getið að í landamerkjabrefi „Mið-Lambeyrar“ hefur herra Carl D. Tulínus heimildað eiganda Bleiksár rjett til sín meginna árinna á ytri árbakka Grjótár að búa um vatnssveitingu að vatnsmylnu; jafnframt því að undirritaður heimilar honum sem eiganda Mið-Lambeyrar, sama rétt á innri árbakka Grjótár. Ennfremur skal þess getið að tekið er fram í umgetnu landamerkjabrefi „Mið-Lambeyrar“ af beggja hálfu að vatnssveiting sú er hjer ræður um eigi gjöri spjöll á landi hvorugs máls partanna er hjer eiga hlut að máli.

Aðrar kvaðir eða ítök frá öðrum jörðum hvíla ekki á þeim hluta Lambeyruar er nefnist Bleiká.

Eskifirði 28. maí 1886.

Fyrir hönd eiganda Bleikár

Jóns Magnússonar

Friðrik Möller.

Ofanrituðum landamerkjum „Bleiksár“ erum við undirritaðir samþykkir,
fyrir hönd Andrésar Eyjólfssonar, sjálfs míns
Carl D. Tulinius.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1886.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.



Lambeyri.

Takmörk þess hluta jarðarinnar „Lambeyri“ í Reyðarfjarðarhreppi (úthlutans) sem ég með kaupbrjefi dags. 23. sept. 1882 er orðinn eigandi að, eru þessi: að norðan (innan) hinn svokallaði Snæhvammslækur sem rennur í Eskifjörðinn á úttakmörkum kaupsins Eskifjarðar ræður sá lækur takmörkum þessum uppí fjallseggjar; kaupmaður Tulinius á land að takmörkum þessum og fyrir innan þau; að sunnan (utan) ræður takmörkum lína dregin úr steini milli húsanna Odlands og Mons Larsen þessi steinn er merktur L.S. úr þessum steini lína eptir hlöðnum merkivörðum í miðjan fossinn í hinni nú um kölluðu Lambeyrar á innri uppí miðbrúnina fram og upp af „Selbotni“ sem svo er kallaðr síðan ræður þessi sama á (Lambeyrar á innri) merkjum uppí fjallseggjar; fyrir utan þessi takmörk er Svínaskálaland eign Jónasar bónda Símonarsonar er þar býr nú; innan þessara takmarka milli fjalls (er vötnum fer að halla norður til Norðfjarðar) og fjöru er sá hluti Lambeyrar, sem ég tel mína eign. Þessi minn partur á ekki neinstaðar ítak og ekki á heldr neinn ítak í þessum mínum parti. 2 Norðmönnum og kaupmanni Carl D. Tulinius hefur verið leigður landskiki með sjó fram, og 5 tómtúsmenn hafa þar staði fyrir hús sín, fríkirkja Reyðfirðinga hefur þar leigulaust staði fyrir sig.

Eskifirði 24. maí 1886.

Ofanskriðuð samþykki:

Jón Johnsen.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi þann 31. maí 1886.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerkjalyásing jarðarinnar Eskifjarðar.

Bleiksá ræður landamerkjum milli Eskifjaðar og Lambeyrar („Bleiksár“) ofan þangað, sem hlaðinn er við hana landamerkisvarða, síðan bein sjónhending niður í vörðu sem hlaðin er á Bleiksárnesinu hjá Eskifjarðar á og ræður þessi á úr því og þangað til hún fellur út í Eskifjörð.

Eptir samkomulagi hvílir sú skylda á eigendum Eskifjarðar og Bleiksár sameiginlega að halda farvegi árinna í sama standi og hann er nú milli efri vörðunnar og fossins, sem er rétt fyrir ofan, að áin þannig skiptist hérum bil til helminga í tvær kvíslar.

Frá Eskifjarðarárós með sjó fram í Borgarkrók að stöpli merktum D; þaðan beina stefnu ofan við ölduna í Jónsstein nr/ Í, svo beint í Guðmundarstein nr/ G, þaðan beint í stöpul nr/ C, ennfremur beint yfir stöpul nr/ B, í stöpul nr/ A, sem sem stendur hjá „Langabarðslæk“.

Lækur þessi ræður yfir um nesið í Laugarbarðslækjarmynni og svo sjónhending yfir aurana í Eskifjarðará sem ræður landamerkjum upp á ~~Eskifjarðará~~ sem há tind; þaðan út fjalleggjar að Bleiksá.

Það skal tekið fram að þar sem talað er um Eskifjarðará sem landamerki er auðvitað meint farvegur hennar eins og hann rennur nú.

Eskifirði 24. maí 1886.

Carl D. Tulinius.

Andrés Eyjúlffsson.

Vér undirritaðir erum þessu samþykkir:

fyrir jörðina „Bleiksá“

Pr. Jón Magnússon

Friðrik Möller

Fyrir jörðina Borgir

Eiríkur Bjarnason

Fyrir jörðina „Eskifjarðarsel“

Kjartan Pétursson.

Þinglyst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1886.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.



Landamerkjalyking
jarðarinnar Áreyja í Reyðarfirði

Að sunnan milli Áreyja og Stuðla liggur markið úr Flóalækjarós í sandskörð þaðan á Merkimel þaðan á mitt Kotfell.

Að vestan milli Arnhólsstaða, Eirarteigs, Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju Kotfelli á Kvalvörðu þaðan á Hallsteinsdalsvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. –

Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. – Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Seljateigs og Áreyjalands út í Flóalækjarós. – Innan þessara landamerkja liggja þau ítök er hér greinir:

1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttará.
2. Gíslastaðir á Völlum eiga afrétt á Fagradal frá milli Hrútár og Launuár.

Þingmúla 5. sept. 1885

Páll Pálsson.

Áður höfðu samþykkt landamerkjalyking þessa eptirfylgjandi menn/: sjá meðfylgjandi frumrit.

Eyjólfur Þorsteinsson á Stuðlum,

Jónas Eyjólfsson,

Bjarni Eiríksson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða, samþykkur

Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd þess hluta úr Tunghaga sem Skriðdalshrepp heyrir til er samþykkur.

Í umboði hreppsnefndar: Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd Eyrarhrepsteigs er ég samþykkur ég undirskrifaður

Jón Ívarsson.

Fyrir hönd Litlasandfells ég undirskrifuð

Þuríður Jónsdóttir.

Fyrir hönd Stórasandfells eg undirskrifaður

Einar Jónsson.

Ennfremur eru hinsvegar rituðum landamörkum og íþökum samþykkir:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vér undirskrifaðir samþykkingum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti; að vér notum afréttarlandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.

Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps)

Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaða)

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1886.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Undir prestssetrið Berufjörð eða Berufjarðarkirkju liggja samkvæmt máldögum og Biskupavísitafnum nokkrar eyjar, hólmar og sker sum liggja fyrir Búlandshverflandi og sumar eyjarnar orðnar áfastar við fast og eru þær þessar alls: Kíðhólmi, Hrísey, Langhólmi, 2 prestar, 2 orkneyjar, Flathólmi, Linghólmi; Lúsalagnarhólmi, Hafnarey, Hafnareyjarhólmi, Teisthólmi, Kríuhólmi, Melhólmi, Egilshöfði, Steinflesjar, Æðarsteinn og Þrætusker. – Ennfremur á Berufjarðarkirkja móferstu í Kjelduskógarlandi og naustagjörð og skipssátur á Þufueyri í Kjelduskógarlandi.

Þ. Þórarinsson prestur og abúandi á Berufirði.

Samþykkur abúandi Kelduskóga

S. Asmundsson.

Þinglýst á Djúpavogarmannatalsþingi þann 16. júní 1886

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – kr.



Vattarnes.

Við undirskrifaðir hofum komið okkur saman um að landamerki milli Kolfreyjustaðar og Vattarness skuli hér eptir vera gil það sem liggur midt á milli Moldargils syst í Kyrru víkur skriðum og Hermannsgils í miðjum Kyrruvíkurskriðum og ræður fyrstnefnt gil löndum milli Kolfreyjustaðar og Vattarness ofan úr efstu fjallsbrúnum niður í sjó.

Til staðfestu

Kolfreyjustað og Vattarnes 9. marz 1886.

Stephán Jonsson (prestur á Kolfreyjust.)

Indriði Sturluson

Þórður Eiríksson.

Að norðan ræður Skarsá landamerkjum milli fjalls og fjöru.

Vattarnesi og Kolmúla 9. marz 1886.

Indriði Sturluson

Þórður Eiríksson.

Guðm. Magnússon.

Magnús Jónsson.

Hólmar og Kolfreyjustaður eiga allan reka milli Skarðsár og Hvammár í Vattarneslandi.

Indriði Sturluson Vattarnesi.

Þórður Eiríksson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 26. jun 1886.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Hafranes

~~Landamerki milli Hafraness og Kolmúla eru þessi: Úr Hafnarþúfu og í Gráakamb beina línu.~~

~~Hafranes dag 26. júní 1886.~~

~~Halldan Þorsteinsson~~

~~Guðmundur Einarsson (handselur)~~

~~Halldór Ólafsson~~

~~Nábúar~~

~~Guðmundur Magnússon.~~

~~Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 26. júní 1886.~~

~~Jón Johnsen.~~

~~Borgun 1 — ein — króna~~

~~J.~~



Kirkjuból – Búðir.

Ár 1885 2. dag júlímán. höfum við undirskrifuð gjört eptirfylgjandi samning á millum okkar viðvikjandir skiptum á jörðum okkar Kirkjubóli og Búðum.

Landamerki millum jarðanna eru þessi. Stekkjarlækur ræður frá fjöru í fossbrún eptir það ræður Kroká til Eggjar.

Kirkjubóls ábúendur ljá búða ábúendum til slegna balana fyrir utan Skjólgsá og Skjólgilið mel upp með langa hrygg beggja megin. – Það skal metast stórgripaganga frá beitinni í bithaga í Kirkjubólslandi og báts uppsátur í Búðalandi.

Síldar landshlutur og önnur höpp af sjó, sem fellst til á fjörur jarðanna skiptist jafnt milli jarðanna, sinn helmingurinn til hvorrar.

Búða ábúandi fær fría torfristu í bithaga í Kirkjubólslandi.

Búða ábúandi situr fyrir öðrum með að, það sem Kirkjubóls ábúandi getur [...]; samningur þessi viljum við að haldist fyrir alda og óborna; því til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

Kirkjubóli og Búðum 2. júl. 1885.

Björg Einarsdóttir.

Þorvarður Hallgrímsson

Benedikt Bjarnason

Eiríkur Björnsson. (handsal).

Vottar:

J. Stefansson.

J. Árnason.

J. Sigurðsson.

Sigt. Þorsteinsson

Þinglýst á Kolfreyjusstaðarmanntalsþingi 26. júní 1886.

Jón Jóhnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerkjaskýrsla fyrir
Gíslastaðagerði á Völlum í Suðurmúlasýslu

eru að utanverðu samkvæmt Úlfastaða og Eyólfsstaða úr merki keldu, sem rennur í Tunguhagalæk upp um torfuhnaus sem hlaðinn er í flóanum í Grástein ofan við flóann, þaðan beint upp eptir í Sniðlæk og með honum upp fjallið í svokallaðan Klofastein á aurbrúninni svo austur aurana að efri Launá, sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá, sem skiptir landi að austan. – Að norðan skilur Tunguhagalækur Tunguland frá – að framan eru landamerki milli Gíslastaðagerðis og Gíslastaða þannig merkin eru um garð sem hlaðinn er eptir yfir þvert Kirkjusund og beint ofan í Tunguhagalæk en uppeptir úr fyr nefndum garði upp um klett sem er norðan við ^{brekku} milli bæanna og í vörðubrot sem er á holti sem er fyrir framan Gerðisás þaðan beint upp í svokallaða Grænulág, sem er norðan í Berjaás þaðan beint upp fjallið í vörðubrot sem er á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslalastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal.

Gíslastaðagerði 12. maí 1884.

Framanskriðuðum landamerkjum til staðfestu eru samþykkir undir skrifaðir eigendur.

Eigandi Gíslastaðagerðis

Eiríkur Auðunnarson Úlfsstöðum

Einar Sigurðsson Eyjólfsstöðum

Eigendur Gíslastaða:

Jón Vilhjálmsson

Vilhjálmur Jónsson

Eyjólfur Arngrímsson Tunguhaga.

Þinglesið á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886

Jón Johnsen.



Landamerkjaskýrsla Gíslastaða.

Að framan milli Gíslastaða og Arnkelsgerðis skilur Stórilækur úr Tunguhaga læk og upp um svokallaða grjótarbotna og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrutárdrög og niður Hrutá að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrutárbotna ofan í Fagradalsá en á Fagradal aðskilur Fagradalsá; á millum Tunguhaga og Gíslastaða skilur Tunguhaga lækur, að utan skilur millum Gíslastaða og Gíslastaðagerðis varða við Tunguhagalæk og er bein stefna um Kirkjusund í klett fyrir framan og neðan Gerðistún og í vörðu fyrir framan Gerðisás og svo beint upp í vörðu á Aurbrún og um þverann Aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá millum Gíslastaða og Gerðis er oskipt afréttararland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrutár. –

Framanskriðuðum landamerkjum eru samþykkir undirskrifaður sameigendur.

Hvammi 4. júní 1884

Vilhjálmur Jónsson.

Sigurður Einarsson.

Jón Vilhjálmsson.

Stefán Einarsson.

Eigendur Arnkelsstaða og Tunguhaga.

Guðmundur Jónsson og Eyjólfur Arngrímsson.

Eigandi Gíslastaðagerðis Eiríkur Auðunnson.

Þessum landamerkjum er samþykkur hvað Vallanes snertir

B. Jónsson (umboðsm. Vallaneskirkjueigna)

Þinglesið á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886

Jón Johnsen

Borgar 1 – ein – króna.

J.



Landamerki
jarðarinnar Eyjófsstaða með Beinárgerði.

1. Að utan milli Kétilsstaða og Eyjófsstaða frá Urriðalækjarós þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urriðavatnið allt að Beiná síðan Beiná alt að Beináfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu á Fagradalsá. –
2. Að austan Fagradalsá.
3. Fyrir norðan og vestan Grímsá æður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kistueyri norður af og í útnorður frá Urriðalækjarósnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norður í hinn gamla farveg Grímsár austan undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkinn inneptir ámótavið beitarhúsin á bökkunum og síðan inneptir svonefndur Stokkholmsbakki inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammela.
4. Að innan (framan) að austan Grímsár milli Eyjófsstaða og Úlfsstaða úr Múlpúfu á svonefndan Þúfukyl (fyrir neðan Þjófsenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðárhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí Ölfishamra sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslastaðagerðislandi. En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyjófsstaða og Gíslastaðagerðis landa bein línar úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrnum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En úr afréttinni Fagradalsmegin eiga Eyjófsstaðir suður að efri Launá.

Eyjófsstöðum 29. júní 1886.

Einar Sigurðsson

Þórður Þorsteinsson

Framanskriðuðum landamerkjum erum við samþykkir

Eigendur Ketilsstaða

Sigurður Hallgrímsson

Einar Pálsson

Eiríkur Auðunnsson Gíslastaðagerði

Árni Auðunnsson Úlfsstöðum.

B. Jónsson.

Þinglesið á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886

Jón Johnsen.

Borgar 1 – ein – króna.

J.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerkja Reykja í Mjóafirði

Landamerki eigarjarðar vorar Reykja í Mjóafirði eru eptir sönnunum og samkomulagi við þá er eiga aðliggjandi jarðir þessi í

að vestan við sjón Kirkjubúfa og bein stefna frá kolli hennar til fjalls á Súlu, einnig merkjavörður sýna.

að vestan eru landamerkin við sjó Rjúkindisfoss, þaðan beina stefnu á vörðu á mel innan við býlið Rjúkindi og þaðan beina stefnu í innstu öxl á Gilsártindi, þannig að greni á Grenishnausum lendir fast innan við landamerkin.

Brekku 3. júlí 1886.

H. Hermannsson, Á. Guðmundsson (Eigendur Reykja)

P.J. Halldórsson ~~JP Halgrímsson~~ prestur.

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 19. júlí 1886

Jón Johnsen.

Borgar 1 – ein – króna.

J.



Nes í Norðfirði með hjáleigum.

Við undirskrifaðir viðurkennum hérmeð að hafa gjört þann landamerkjasmning millum jarðanna Kross í Mjóafjarðarhreppi og Nes í Norðfjarðarhreppi að svokallaður Nýpuflesjartangi skuli ráða að neðan og Nypufjallsröð að ofan.

Til staðfestu undirskrifuð nöfn.

Brekku 10. maí 1884

H. Hermannsson.

Þ.J. Halldórsson.

Ormsstöðum 15. maí 1884

B. Stefansson.

Sigfús Sveinsson – Handsalað (fyrir hönd umboðsins).

Ari Marteinson.

Landamerki milli Naustahvamms og Ormsstaða í Norðfirði eru þessi:

Naustalækur að neðan þar sem hann feltur í sjó fyrir innan Naustahvammstún og bein lína þaðan dregin til fjalls á Nausthvammstind. –

Skorrastað 15. júlí 1886

Jónas P. Halldórsson (prestur á Skorrastað)

Sveinn Sigfússson (fyrir hönd umboðsins)

B. Stefansson

H. Hermannsson

Ari Marteinson.

Þinglýst á Skorrastaðamanntalsþingi 19. júlí 1886

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki Hafranness eru:

Að utan (gagnvart Kolmúla: úr Hafnarþúfu og í Gráakamb.

Að innan (gagnvart Þernunesi: úr Breiðadalsárskeri eptir því sem Breiðdalsá ræður, þar til Ljósafjallskvísl fellur í hana, úr því ræður Ljósafjallskvísl til fjallseggja.

Hafranesi 26. júní 1886.

Landsetar:

Hálfdan Þorsteinsson

Guðmundur Einarsson

Ofanskriðuð landamerki samþykkja:

ábúandi Kotmúla: Guðmundur Magnússon

ábúandi Þernuness: Arngrímur Guðmundsson

eigandi háls Þernuness: Björgólfur Runólfsson.

Þinglýst á Kolfreyjustaðarmanntalsþingi 26. júní 1886.

Jón Johnsen

Borgun

1 – ein – króna.

J.



Helgustaður og Sigmundarhús

Landamerki: að utan: Hrafná frá fjalli niður á neðsta fossinn, þarsem klappað er L í bjargið, úr þessu L beina sjónhendingu eptir 2. á sama hátt merktum stórum steinum á Eyrarárgil, sunnan vert við Reiðarfjörð.

Að innan: „Goðáin“ í sínum forna farvegi, sem er rétt fyrir utan „Goðaklif“. –

Fyrir innan er landið jarðarinnar Sellátra, sem er eign hins opinbera eða Skriðuklausturs, fyrir utan er það Stórubreiðuvíkur, sem er eign Hólmakirkju. –

Milli nefndra áa og fjöru og fjallseggja er landið allt Helgustaða með Sigmundarhúsum. –

Mér er ókunnugt að Helgustaðir með Sigmundarhúsum, eigi ítök á önnur lönd, ekki veit ég heldur til að neinn eigi ítök í þeirra landi. –

Skrifstofu Suðurmúlasýslu 23. maí 1887.

Jón Johnsen.

Samþykkt vegna Sellatra

Páll Ólafsson.

Samþykkt vegna Stórubreiðuvíkur.

Hólmum

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 23. maí 1887.

Jón Johnsen.

Mér sýnd 30/8 88.

JHavsteen



Landamerki jarðarinnar Fagradals í Breiðdalshreppi eru þessi: Að ofanverðu frá tjörn á Fagradalsskarði og eptir sem vötnum hallar suður- og innaf, kring Fagradal og Fossdal í Hvannstöðulstind og Tröllhamra og þaðan út svokallaðan Múla, einnig sem vötnum hallar á báðar síður, allt úr á Múlaenda; svo að innan milli Fagradals og Brekkuborgar í Kamb þann, sem er norðaustan í Múlaröðinni og sem kallaður hefur verið ytri Merkikambur, og þaðan beina sjónhending í Lambalæk, þar sem hann fellur ofaní millum hraunánna fyrir neðan alfaravegin, inn og niður af Fagradalshálsi og ræður svo lækurinn þaðan í Breiðdalsá, að neðan ^{er} ~~ræður~~ Breiðdalsá allt úr þangað, sem Fagradalsá fellur í hana, en að utanverðu milli Fagradals og Skjöldófsstaða eru merkin beint úr fyr nefndri tjörn á Fagradalsskarði og út svokallaða Skútu að innanverðu í Merkivörðu á brúninni fyrir utan og ofan Hrútabotna allt ofaní Fagradalsá og eptir það ræður gil, sem er fyrir utan Hrútabotna og allt ofaní Fagradalsá, og eptir það ræður Fagradalsá allt ofaní Breiðdalsá; allt samkvæmt sætt fyrir landamerkjadómi Suðurmúlasýslu 1. ágúst 1884.

Fagradal 10. júní 1889

Árni Jónsson (eigandi Fagradals).

Ofanrituðum landamerkjum milli Brekkuborgar og Fagradals er jeg undirritaður samþykkur.

MBergsson umráðamaður kirkjujarðarinnar Brekkuborg. –

Þinglýst á Eydalamanntalsþingi 26. júní 1889.

Jón Johnsen.

Borgun: 1 – ein – króna.

J.



Ítak Hólmakirkju

Hólmakirkja á fjórdung í Krossanessreka, hvað sem á ber. Jörð þessi liggur í Reyðarfirði og er eign Þingmúlakirkju.

Hólmum 20. d. ágústmán. 1884.

Daniel Halldórsson.

Ofanskriðuð ítak samþykkir

Páll Pálsson prestur að Þingmúla.

Þinglýst á ~~Reiðar~~^{Eski} fjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890.

Jón Johnsen.



Ítak Hólmakirkju:

Hólmakirkja á tvo hluti í sumarrekanum, er liggur milli Vattarness og Kolmúla, hvað sem á ber. Reki þessi liggur fyrir Vattarness landi á milli Hvannár og Skardsár. Jörðin er eign Vallanesskirkju og Skriðuklausturs. –

Hólmum 20. d. ágústmán. 1884.

Daniel Halldórsson

Ofanskrifuð ítök samþykkir

B. Jónsson prestur að Vallarnesi

St. Jónsson (handsalað) prestur að Kolfreyjustað.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar Þórdur Eiríksson

Þinglýst á ~~Reiðarfjarðar~~^{Kolfreyjustaðar} manntalsþingi ~~31. maí~~^{18. júní} 1890
Jón Johnssen.



Ítak Hólmakirkju

Hólmakirkja á skógarteig í Sómastaða landi millum Hólknalækjar og Bjarga. Jördin er
Kristfjárjörð, lögð Hólmapresti. –

Hólmum 20.d. ágústmán. 1884.

Daniel Halldórsson

Þinglýst á ~~Reiðar~~^{Eskir} fjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890.

Jón Johnsen



Ítak Hólmakirkju:

Hólmakirkja á allan reka á milli forvaðans undir Rauðabjörgum og Valagjár fyrir sunnan
Barðsnes horn, hvað sem á land rekur. Reki þessi er fyrir Barðsnes landi í Norðfirði. –
Hólmum 20.d. ágústmán. 1884
Daniel Halldórsson.

Ofanskrifað ítak samþykkja
Guðný Jónsdóttir (eigandi Barðsness).
Vilhjálmur Jónsson (eigandi Barðsnesgerdis)

Þinglýst á ~~Reiðarfjarðar~~^{Skorrastaðar} manntalsþingi ~~31. maí~~^{14. júlí} 1890
Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.
J.



Landamerki Sómastaða
sem er Kristfjórörð lögð Hólmapresti:

Að innan: Hólknalækur (kallast nú Hellulækur) ræður hann frá fjalli til fjöru.

Að utan: Grjótá, ræður hún og fjalls og fjöru á milli.

Að ofan: ræður fjallið sem vötnum hallar.

Að neðan: fjörðurinn (Reyðarfjörður).

Hólmakirkja á ítak í Sómastaða landi: Skógarteig milli Hólmalækjar og Bjarga.

Hólmum 20.d. ágústmán. 1884

Daniel Halldórsson.

Ofanskrifuð landamerki samþykkir

Jónas P. Hallgrímsson (eigandi Teigagerdis).

Þinglýst á ~~Reiðar~~^{Eski} fjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890

Jón Johnsen

Borgun 1 – ein – króna



Landamerki Stóru-Breiðuvíkur
sem er eign Hólmakirkju.

Að utan: Ytri Teigará, er næst fellur Ólafssandi (nú kallaður Bergarsandur), ræður hún til fjalls, og á Breiðavík stóra landeign norður í Merkiöxl (er nú kallast Haugaöxl).

Að innan: Hrafnaá, ræður hún og til fjalls upp, en þegar hún hið neðra á skammt til sjávar, skiptist hún í tvær kvíslar, er renna fram af klettastalli eða standbergi; á framhlið bergsins milli kvíslanna er, sem landamerki, höggvinn bókstafurinn L.; sami bókstafur er og höggvin á tvo steina, er standa skammt hvor frá öðrum niður frá berginu, svo að merkjalínan, þá er staðið er við bergið, verður bein sjónhending í Eyrarárgil að sunnanverdu Reyðarfjarðar. –

Að ofan: Ræður fjallið sem vötnum hallar.

Að neðan: Sjórinn.

Þessi ítök á Stóra-Breiðuvík í lönd annara jarða:

1. Tveggja manna göngu á Krossvíkurvatn (nú Haugavatn) í Kallsstaða og Kirkjubólslandi. –
2. Tveggja kapla göngu með folöldum í Hafranes jörð á vetur krossmessna í milli. –

Aptur á Hafranes ítök til skógarhöggs á millum Teigaránna, hinnar ytri og innri.

Hólmum 25.d. júlímán. 1886

Daniel Halldórsson.

Ofanskriðuð landamerki og ítök samþykkja

Páll Jónsson (ábúandi Litlu-Breiðuvíkur)

B. Jónsson (prestur á Vallanesi)

Jónas P. Hallgrímsson prestur til Skorrastaðar.

Jón Johnsen (vegna Helgustaða sem er eign landssjóðs)

St. Jónsson (handsalað), prestur á Kolfreyjustað.

Þinglýst á ~~Reiðar~~^{Eski} fjardarmanntalsþingi 31. maí '90

Jón Johnssen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

bóndaeignarinnar Svínaskála í Reiðarfirði norðan við Eskifjörð eru þessi:

Frá miðjum Eskifirði á fjallsegg upp til þess vötnum hallar að Norðfirði.

Að norðanverðu liggur jörðin að Lambeyri og eru merki milli þessara jarða í stein, sem er við fjördinn fyrir utan Odlandshúsgrunn, 13 faðma þaðan rjetta sjónhendingu í foss þann í fremri Lambeyraránni, sem er fyrir framan og ofan Selbotn, eptir það rædur áin til fjalls upp. – Að suðaustan liggur jörð þessi að Högnastaða landi og að merkivörðu í fremra merkigili niður við sjó, þaðan rædur sjónhending í Ljósárfoss fyrir framan og neðan Rangármýrar, eptir það rædur Ljósá til fjalls upp.

Staddur á Eskifirði 31. maí 1889.

J. Símonarson, Eiríkur Björnsson eigendur Svínaskála.

Halldór Árnason (leiguliði Högnastaða)

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar umráðamanns Högnastaða, eptir fullmakt.

Jón Johnsen.

Samþykkur vegna Lambeyrar

Jón Johnsen.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki Klausturjarðarinnar „Sellátrar“ í Reiðarfirði.

Að utan: gagnvart landssjóðsjörðinni Helgustaðir rædur merkjum „Goðá“ í sínum forna farvegi, sem er rjett fyrir utan „Goðaklif“. –

Að innan: gagnvart umboðsjörðinni Högnastaðir rædur merkjum „Merkilækur“ hinn fremri. –

Að ofan: ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður.

Enginn á ítak í landi Sellátra, ekki á hún heldur neitt ítak í annara jarða landi.

Hallfríðarstöðum þann 17. maí 1890

Páll Ólafsson

Samþykkur vegna Helgustaða

Skrifstofu Suðurmúlasýslu 28. maí 1890

Jón Johnsen

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki
klosturjarðarinnar Högnastaðir í Reiðarfirði.

Að utan: gagnvart umboðsjörðinni Sellátrar rædur merkjum „Merkilækur“ hinn fremri.

Að innan: gagnvart bændaeygninni Svínaskála rædur merkjum „Merkigil“ hið fremra úr vördu, sem er hlaðin í mynni þess miðju niður undir sjó á bakkanum fyrir ofan reiðgötu, úr vörðunni beina sjónhending fyrir innan Þurshöfða beint í Ljósárfoss, úr því rædur Ljósá uppí eggjar.

Að ofan ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður.

Enginn á ítak í landi Högnastaða, ekki á hún heldur neitt ítak í annara jarða landi.

Hallfríðarstöðum þann 17. maí 1890.

Páll Ólafsson

Samþykkur vegna Svínaskála

J. Símonarson.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerkjalysing
yfir fasteign Kolfreyjustaðarkirkju í Vaðlavík

Úr heiðarvarpi að innan rennur lækur út í Víkurvatn er skiptir landi þar innst milli Karlsstaðar og Kirkjubóls, tekur svo við úr Víkurvatni svokölluð Kirkjubólsá, er skiptir löndum þaðan, unz hún fellur í sjó, út með Rekabáshrauninu fyrir utan Kirkjuból. – En að austanverdu milli Sandvíkur og Vaðla, skiptir með sjó fram svokallaður Bræðrasandur, en hjer skal fram tekið, að sandfjara þessi liggur undir Sandvík, og eiga því Vaðlar aðeins í innri enda fjörunnar, og beint þaðan uppá Gerpir, eptir það skipta löndum einslægir klettafjallgardar beint inn í Dysjarskarð, sem er alfaravegur milli Vaðlavíkur og Viðfjarðar, svo úr Dysjaröxl rædur fjallgardur í sviga í Haugaöxl, úr Haugaöxl beint sudur í fyrnefndan Heiðarvarpslæk.

Við, sem hjer ritum nöfn okkar álitum þessa landamerkjalyssingu svo rjetta sem unt er. Karlsstöðum, Ásmundur Jónsson, Jón Bjarnason (handsalað).

Eyjólfur Jónsson Vöðlum

Björn Jónsson Ýmastöðum

Auðun Hansson Stórubreiðuvík

Magnús Marteinsson, Árni Auðunsson Sandvíkurparti

Jón Stefánsson Sandvík.

Jón Ásmundsson, Kirkjubóli í Vaðlavík.

Fyrir hönd Kolfreyjustaðarkirkju 23. maí 1890

Jónas P. Hallgrímsson.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890. Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

búnaðarskólajarðarinnar Eiða í Eiðapinghá, með hjáleigunni Ormsstöðum, eru þessi:

Að utanverðu milli Grafar og Eiða frá Lagarfljóti austur yfir miðjan Stóraás utan við Fiskilæk í vördu að norðanverdu við Eiðarvatn; þá skilur gardur, sem liggur úr Eiðavatni utan til austur í Gilsá milli Eiða og Hleinagards, þaðan rædur Gilsá mörkum uppá Gilsárdal, þangað sem að merkjalínan kemur að neðan milli Ormsstaða og Ásgeirsstaða.

Að framanverðu: milli Eiða og Fljótsbakka, úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert upp í Flötuklökk þar fyrir ofan, þaðan beina línu að merkjavördu austan við Illutjörn, og þvínæst í miðja Klofasteina, þaðan beina línu utan í Þorgeirshöfða í merkjavördu á Einbúa um miðja helmingatjörn. Síðan beina stefnu yfir Grundarlæk, yfir merkjagarðinn úti Mjóvatnsenda; frá Mjóvatnsenda fremri beina línu til fjalls í Þverárfoss, þaðan í Merkilækjarfoss og svo sömu stefnu að Gilsá.

Eiðum 16. júní 1883

Guttormur Vigfússon.

Landamerkjum milli Eiða og Hleinagards er alveg samþykktur. –

Magnús Jónsson (handsalað)

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Gilsárteigslandi.

Staddur á Eiðum 2. júní 1890

Jón Þorsteinsson.

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Snjóholtslandi.

Sigfús Jónsson (hands.)

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Ásgeirsstaðalandi.

Staddur á Eiðum 2. júní 1890

Oddur Hildibrandsson (handsalað)

Rjett eptirrit staðfestir

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eiðastólsjarða).

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

Eiðastólsjarðarinnar Grafar í Eiðarþinghá eru þessi:

Að framan milli Grafar og Eiða, frá Lagarfljóti yfir miðjan Stóraás utan við Fiskilæk í vörðu að norðan verdu við Eiðavatn, þaðan ræður Eiðavatn að endanum á gardsbroti gömlu austan við vatnið.

Að utan milli Hleinagards og Grafar frá fyrnefndum gardsenda út miðjan Grafardal í tjörn þar útaf sem er í sömu stefnu, þaðan sjónhending sömu stefnu í Himbrimatanga, ~~beina stefnu í Rauðalækjarás~~ er liggur úti framanvert Breiðavatn. –

Að utan milli Grafar og Tjarnalands úr yzta odda Himbrimatanga beina stefnu í Rauðalækjarós við Lagarfljót. –

Að norðan ræður Lagarfljót landamerkjum.

Gröf 9. maí 1886

Magnús Jónsson (ábúandi).

Jónas Eiríksson umráðamaður Eiðastólsjarða.

Landamerkjum milli Grafar og Hleinargards er jeg alveg samþykkur.

Hleinagardi 1. júní 1886

Magnús Jónsson (eigandi Hleinargards).

Laugardaginn 31. maí 1890, reið jeg undirskrifadur, ásamt Jónasi Eiríkssyni á Eiðum og Magnúsi Jónssyni bónda í Gröf, á landamerki milli Grafar og Tjarnarlands, fyrir hönd eiganda Tjarnarlands Guðbjargar Einarsdóttur í Fögruhlíð, og eptir þeim upplýsingum, sem jeg fekk um ádurnefnd landamerki er jeg þeim alveg samþykkur.

Staddur að Gröf 31. maí 1890

fyrir hönd eiganda Tjarnarlands

Snorri Rafnsson (í Dagverðargerdi).

Rjett eptirrit staðfestir

Jónas Eiríksson

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki
bændaeiganarinnar Snjóholts í Eiðapinghá eru þessi:

Að framanverdu (milli Snjóholts og Breiðavads) úr torfvörðu vestanvert við fremri enda Hundstjarnar austur í stein, sem merktur er með L.M. 1846, þaðan austur í vörðu á Brúarás, utanvert við svokallaða Merkilá; þaðan rjettlínis í skot eða klauf gegnum Miðselsklett, nokkuð utar en miðjan og þaðan beint uppí tvo samfasta steina, er standa á hæð framan vert við Grænugjótu. –

Að ofanverðu (milli Snjóholts, Tókastaða og Ásgeirsstaða) úr fyrnefndum steinum framan vert að Grænugjót, beina stefnu í vörðu á austanverðu Bjargselsbjargi, þaðan í vörðu á ytri enda nefnds bjargs, og þaðan beina stefnu í vörðu á norðanverði Nónöxl, þaðan beina línu í vörðu á austanverðum Einbúa austan við Helmingatjörn, þá þvert norður (milli Snjóholts og Eiða) utan í Þorgeirshöfða, um miðja Helmingatjörn beint norður í Klofasteina og að neðan frá Klofasteinum beina línu í útenda Snjóholtsvatns; úr fremri enda Snjóholtsvatns eptir gardi í Hundstjörn og þaðan í áðurnefnda vörðu vestan Hundstjarnar.

Staddur að Eiðum 2. júní 1890

Sigfús Jónsson (eigandi).

Undirskrifadir eru samþykkir ofanskrifudum landamerkjum.

Jónas Eiríksson

Oddur Hildibrandsson (hands).

S. Sigurðsson (eigandi Breiðavaðs).

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Jón Johnsen

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki
bændaeigarinnar Fljótsbakka í Eiðarþinghá eru þessi:

Að utan úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert uppá Flötuklöpp þar fyrir ofan, þaðan beina stefnu í Klofasteina; að ofan úr Klofasteinum í ytri enda Snjóholtsvatns; úr fremri enda Snjóholtsvatns eptir gardi til Hundstjarnar; að vestan úr fremri Hundstjarnarenda beina stefnu í Bakkalækjarós við Lagarfljót; að norðan ræður Lagarfljót.

p.t. Eiðum 2. júní 1890.

Oddur Hildibrandsson (eigandi) (handsalað).

Undirskrifadir jarðaeigendur samþykkja ofanskrifuð landamerki:

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eiðajarða).

Sigfús Jónsson eigandi Snjóholts (handsalað).

S. Sigurðsson eigandi Breiðavads.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna

J.



Landamerkjaskrá
fyrir Miðhúsalandi í Eiðahreppi innan Suðurmúlasýslu:

Að utan eru landamerki millum Eyvindarár og Miðhúsa þessi: Úr Uppsalaárós beint uppi jarðfastan klett utan á Rana, sem merktur er með rúnastafnum ψ og þaðan beint uppi jarðfastan klett utaní Bæarásenda, sem merktur er á sama hátt, þaðan rjetta sjónhending upp um Kiðustekkhöfða í Gufufoss í Miðhúsaá, síðan rædur Miðhúsa landamerkjum upp fjall og austur heiði svo langt sem vötnum hallar til Hjeraðs. – Neðan við landið rædur Eyvindará merkjum frá Uppsalaárós inni vördu, sem stendur á Eyvindarárgilbarmi, rjétt framan við svokallaða Leitismýrargróf, og eru svo þessi landamerki milli Miðhúsa og Dalhúsa: Úr fyrnefndri vördu rjetta sjónhending upp um miðjan Klapparhrygg þann, sem kalladur er „Þríholt“ og svo sömu sjónhending úr Þríholtum upp fjall í fjallsbungu rjett utan við Miðlækjardrög og þaðan beint austur á heiði.

Bakka 1. október 1887

Runólfur Þorsteinsson.

Ofanskriafaða landamerkjaskrá samþykki jeg að mínu leyti.

Óli Halldórsson.

Einar Þórðarson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Jón Johnsen.

Borgun.



Landamerkjaskrá

jarðarinnar Eyvindarár; að utanverðu eru þessi: úr keldudragi, sem er fyrir framan ytramelshorn og uppi fremra melshorn og svo uppi Stórhöfða rjettsýnis og svo upp eptir höfðanum og uppi hraunið og steininn, sem stendur fyrir utan Uppsalastekk og uppi lækinn, sem flóar utan undir Rauðuskriðu og þaðan uppá heiði. –

Að framanverðu eru landamerki milli jarðanna Eyvindará og Miðhúsa þessi: úr Uppsalaárós beint uppi jarðfastan klett utan á Rana, sem merktur er með rúnastafnum ψ og þaðan beint upp jarðfastan klett utan á Bæarásenda, sem merktur er á sama hátt; þaðan rjetta sjónhending upp um Kiðustekkhöfða í Gufufoss í Miðhúsaá. –

Síðan rædur Miðhúsaá landamerkjum upp fjall og austur heiði svo langt sem vötnum hallar til Hjeraðs. –

Eyvindará 23. maí 1889.

Einar Þórðarson

Þorvaldur Jónsson

Framan og ofanskrifudum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Árni Jónsson.

Runólfur Þorsteinsson.

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

jarðarinnar Gestsstaða ½ Kolfreyjustaðakirkjueign og ½ landssjóðseign:

Að innan: Í Ljótunsá. Að utan: Úr Hoffelsgjá sjónhending í Höfðapúfu og neðan í Dalsá.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn

31. maí 1887.



Landamerki Skálateigs,
sem er eign Hólmakirkju:

Að innan: Bagalsgjá, þá Merkilækur ofan að Merkivörðu, er stendur á ýsta barmi Merkilækjar, við fjallsrætur; þaðan í vörðu á utanverðum Stakhól, þaðan í vörðu innst á Kolbeinsenni; þaðan til Norðfjarár; verður þannig frá Merkivörðu bein sjónhending á klett í Seldalsárgili að ofanverðu, spölkorn fyrir ofan melshorn þar. –

Að utan: Lína dregin um miðjar Þríggjár í fjall upp, en niður á við sje hún dregin um gilið, er liggur utan undir Skálateigstuni efra, þar fyrir^{sem} túnhóllinn gengur lengst út að læknum, er um gilið rennur, þá bein lína frá hólunum læknum, þar sem hann rennur við hólshornið niður í Grænuþúfu.

Að neðan: Úr Grænuþúfu bein sjónhending inn að Merkilæk, þannig að stefnan úr framannefndri þúfu, verði réttlínis í melshorn, sem er yzti endi Seldalsháls, sunnan Norðfjarðarár, en fyrir innan Merkilæk rædur Norðfjarðará um að ofannefndum Kirkjubóls landamerkjum. –

Að ofan: ræður fjallið sem vötnum hallar.

Hólmum 28.d. júlím. 1887

Daniel Halldórsson.

Ofanskriðuð landamerki samþykkir

Jónas P. Hallgrímsson (prestur að Skorrastað)

Ólafur Guðmundsson (eigandi Kirkjubóls)

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalsþingi 14. júlí 1890.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki
klausturjarðarinnar „Eyri“ í Reyðarfirði

Að innan: Gagnvart Sljettu, sem er bændaeygn ræður merkjum hinn svokallaði Jötnagarður, en hans sjáist glögg merki milli fjalls og fjöru. –

Að utan: Gagnvart umboðsjörðinni Berunesi ræður merkjum Eyrará hin ytri frá fjalli til fjöru, en þar hún breytir farveg í fjörunni, eru vörður settar, sem miða skal við niður í flæðarmál, og skuldbinda ábúendur Eyrar og Berunes sig til að halda við vörðum þessum.

Að ofan ráða fjallseggjar; að neðan Reiðarfjörður.

Enginn á ítak í landi Eyrar, ekki á hún heldur neitt ítak í annara jarða landi: –

Hallfríðarstöðum þann 17. maí 1890

Páll Ólafsson.

Samþykkir sem eigendur Sljettu

Guðni Stefánsson, Sæbjörg Jónsdóttir

Vegna Setselju Bóasdóttur

Páll Eyjólfsson

Bóas Bóasson.

Bóas Pálsson

Guðjón Pálsson.

Pétur Pálsson.

Þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890. –

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

Eiðastólsjarðarinnar Tókastaða í Eiðapinghá eru þessi:

Að framanverðu: milli Mýrness og Tókastaða, frá torfuvörðu í framanverðri Glúmstaðablá, þaðan í 3 steina á kletti framanvið Glúmstaðalæk; síðan sömu stefnu í kollóttan klett framan á Hábrún og sömu stefnu austur í Gilsá. –

Að neðan: milli Snjóholts, Tókastaða og Breiðavaðs; úr áðurnefndri torfuvörðu í Glumsstaðablá í svonefndan Kolaklett, þaðan í tvo samfasta steina fyrir framan Grænugjót, síðan í vörðu, er stendur á Bjargselsbjargi, og þaðan í vörðu norðan á Tókastaðaás; þar er útnorðurhorn Tókastaðalands. –

Að utanverðu: milli Ásgeirsstaða og Tókastaða, úr síðastnefndri vörðu norðan á Tókastaðaásnum austur í vörðu á ásbrúninni, þaðan beina stefnu í Stórhöfðakeldu og sömu stefnu í Stóragrafning uppi í fjalli, þaðan sömu stefnu í stóran stein á Vegahrauni, og þaðan sömu línu austur í Gilsá, sem rædur að austan mörkum, þar til merkjalínan kemur að framan að henni. –

p.t. Tókastöðum 3. júlí 1885

G. Vigfússon (umráðamaður Eiðastólsjarða)

Undirskrifadur eru samþykkir ofanskrifuðum landamerkjum fyrir Ásgeirsstaða og Snjóholtslandi. –

Staddir að Eiðum 2. júní 1890

Oddur Hildibrandsson (eigandi Ásgeirsstaða)

Sigfús Jónsson (eigandi Snjóholts)

S. Sigurðsson (eigandi Breiðavads)

Rjett eptirrit staðfestir

Jónas Eiríksson

Þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 10. júní 1890 og innfært í landamerkjabókina.

Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna

J.



Landamerki

Eyðastólsjarðarinnar „Þuríðarstaða“ í Eyðapinghá eru þessi:

Að utanverðu við landið, milli Þuríðarstaða og Dalhúsa, ræður svokölluð „Valagilsá“ landamerkjum austur í svokallaða „Gagnheiði“. Að framanverðu eða sunnanverðu við Þuríðarstaðaland ræður Slenjudalsá, sem líka er kölluð „Slenja“, merkjum; nær landið upp með tjeðri á að landamerkjavörðum Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinna Slenju, eins og þessar merkjavörður sýna og þaðan beina stefnu eptir merkjavörðum út í Grjótá hina „innri“.

Báðar fyrgreindar ár, Valagilsá og Slenjudalsá, renna í Eyvindará. Þessi síðastnefnda á ræður því landamerkjum að vestanverðu við Þuríðarstaðaland milli Valagilsár og Slengudalsár.

Eiðum 22. maj 1890

Jónas Eiríksson (umboðsm. Eyðastólsjarða)

Ofanskriðuðum landamerkjum milli Þuríðarstaða og Dalhúsa eru samþykkir:

Óli Halldórsson, Steindór Hinriksson.

Ólafur Guðmundsson (eigandi Fjarðar)

Þinglýst á Skorrastaðar^{Miðhúsa} manntalsþingi 7. júlí 1891 og innfært í landamerkjabókina.
Jón Johnsen.

Borgun 1 – ein – króna.

J.



Landamerki

jarðarinnar Ormstaða og Hjáleigu í Norðfirði eru að utan: Naustahvammalækur, er fellur í sjó innan við Naustahvammátún og ræður lækur sá uppundir brekkur, þá ræður bein lína þaðan dregin í Sultabotnatind milli sultarbotnagjáa. – Að neðan og sunnan ræður:

Norðfjarðarárósi og Norðfjarðará inn að Kílsvaðsmerki. Að innan og vestan ræður: Frá ánni dregin bein lína að um Kílsvaðsmerki, Oddsgil, og þaðan bein lína um miðja Svarthamra á fjallsvegg.

Skorrastað 18. júlí 1885

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Eigendur Hofsi: Halldór Steffánsson, Sveinn Sigfússon.

Landamerki

milli Naustahvamms og Ormstaða í Norðfirði eru þessi: Naustahvammalækur að neðan, þar sem hann fellur í sjó, fyrir innan Naustahvammátún og bein lína þaðan dregin til fjalls á Naustahvammstind.

Skorrastað 15. júlí 1886

Jónas P. Hallgrímsson (prestur á Skorrastað)

Sveinn Sigfússon (fyrir hönd umboðsins).

Bjarni Stefánsson

H. Hermannsson

Ari Marteinsson.

Landamerki

milli Staðarháls að utan, sem er eign Skorrastaðarkirkju, og Hólalands að innan sunnan Norðfjarðarár eru:

Bein lína úr steini þeim, er gagnvart stendur Skessuvallarárósi á fjallsvegg upp.

Staddir á Hólum 10. júlí 1884.

Hávarður Einarsson (eigandi og fullmektugur)

Jónas P. Hallgrímsson (prestur á Skorrastað)

Landamerki

milli Skorrastaðar og Skalateigs. Að utan: Bein lína dregin upp miðjar Þrígjár á fjall upp, en niður á við sje hún dregin um gilið, er liggur utan undir Skálategstúni efra þar sem túnhóllinn



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

gengur lengst út að læknum, er um gilið rennur, þá bein lína frá læknum þar sem hann rennur við hólshornið niður á Grænuþúfu. –

Að neðan: úr grænuþúfu bein sjónhending inn að Merkilæk, þannig að stefnan úr straxnefndri þúfu verði rjettsýnis á Melshorn, sem er yzti endi Seldalshals sunnan Norðfjarðará; þar fyrir innan Merkilæk ræður Norðfjarðará að Kirkjubólslandamerkjum.

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson

Rjett eptirrit:

Daníel Halldórsson.

Landamerki

milli Kirkjubólslandi í Norðfirði að norðan og Staðarháls og Skuggahlíðarlands að sunnan eru:

Norðfjarðará þ sem beinast fellur aðaláin um dalin út. – Veiðina í Helluhil á Skorrastaður að 2/3 (tveim þriðju) hlutum við Kirkjuból. – Skorrastaður á 12 fóta gröf til mótöku í Kirkjubólslandi í Norðfirði árlega.

Skorrastað 11. júlí 1884

Jónas P. Hallgrímsson (prestur á Skorrastað)

Jón Þorsteinsson (fullmektugur og ábúandi)

Landamerki

milli Búlands í Norðfirði, sem er eign Skorrastaðarkirkju og Sveinsstaða í Hellisfirði eru þessi: Bein lína úr Ófærugilsforvaða til fjalls upp á egg.

Skorrastað og Sveinsstöðum 4. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Gunnhildur Ólafsdóttir (eigandi 4½ hundraðs í Sveinsstöðum)

Skorrastaðarkirkja

á hvalreka allan á Mónesi í Barðsneslandi, milli Valgilsá og Svörtubjarga – nb. þetta örnefni þekkist ei nú, en er máski sama sem „Hesturinn“. –

Skorrastað og Barðsnesi 4. júlí 1884

Guðný Jónsdóttir (eigandi að Barðsnesi)

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Skorrastaðarprestakall



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

á vervist og verstöð í Neslandi í Norðfirði samkvæmt máldögum

Skorrastað 14. júlí 1884.

Jónas Hallgrímsson (prestur)

Eigendur að Nesi: Bjarni Stefánsson, H. Hermannsson, Ari Marteinnsson.

Skorrastaðarprestakall

á „Iambarekstur“ í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig þar fyrir norðan.

Skorrastað 14. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Guðmundur Magnússon (eigandi Fannadals).

Ítak Skorrastaðarkirkju í Sandvík.

Fjórði partur úr öllum reka fyrir norðan á, hvað sem á land ber og þeim mun minna – meira? –
sem fyrir sunnan á, að þeir eiga aðrir sjöttung af að taka.

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson

Magnús Marteinnsson (handsl.)

Jón Stefánsson (handsl.)

Árni Aauðunsson

Landamerki Seldals.

Frá mótum Hengifossár og Selár ræður Hengifossa upp að Hengifossi, þaðan bein lína í
veginna á Bröttubrekkubrún, svo kring allan Seldalinn upp á fjallabryr og út að Gvendarfossi
og þaðan bein lína upp á hálsinn og þaðan bein sjónhending á Hólafellseyrar.

Skuggarhlíð.

Að utan: Munnlagarsteinn, úr honum upp til fjalls bein lína og niður í Norðfjarðará. Að innan:
Gestahúsaárós þar sem hún fellur í Hengifossá og þaðan bein lína í mitt Grænafell, síðan
Hengifossa í Selá og síðan Selá út að hinni áður tilteknu línu.

Grænanes.

Að innan: Bugalækjarós og þaðan bein lína í fjallsegg.

Að utan: Álftahraun og þaðan bein lína í fjallsegg niður í á. Að neðan: Norðfjarðaráin.

Skorrastaðaháls.

Frá Gvendarfossi hringinn í kring að Rauðuskriðu og ofan að Marksteini, móts við
Slekkvallará.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki milli Miðbæjar og Skorrastaðar er bein lína úr miðri Staðargjá í Kjálkalæk utan undir Kirkjumel og þaðan bein sjónhending í Illukeldu sem þaðan af ræður út að Hofslandi. Milli Hofs og Miðbæjar ræður bein lína úr Hofsgjá niður mitt Gráapýfi þar til hún sker Merkjakeldu, sem fellur í ána við Grænahyl og eptir það ræður merkjum.

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson

Þinglýst á Skorrastaðarmanntalþingi þann 13. júlí 1891 og innfært í landamerkjabókina.

Skrifst. Sms. 16. des. 1891

Jón Johnsen.

Borgað 5 – fimm – krónur.

J



Landamerkjalysing

Undirskrifaðir eigendur og ábúendur Víkur og Víkurgerðis hafa komið sjer saman um í dag, að Víkurgerðisá ráði að öllu skiptum lands og fjöru, engja og túna, reka, beitu og slægna frá sjó þar sem hún fellur út og til fjalls, þaðan sem hún kemur fyrst af fjalli úr smátindum innan við Hnaushjalla. –

Þessi landamerki jarðanna Víkur og Víkurgerðis samþykkjum vjer með undirskriptum vorum í viðurvist þeirra manna, er nefndir voru næstliðið vor á þingi til að skipta löndum nefndra jarða, og undirskrifa sem vottar.

Staddir á Kolfreyjustað 2. nóvember 1891

Bjarni Bjarnason (eigandi að 2^{hndr} og 12 áln. að fornu úr Víkurgerði)

Einar Einarsson (eigandi að 78 áln. úr Víkurgerði)

Björn Einarsson (eigandi 1^{hndr} úr Víkurgerði að fornu mati)

Sigbjörn Þorsteinsson (eigandi að 7^{hndr} að fornu úr Vík)

Rósa Einarsdóttir (eigandi að 1^{hndr} úr Vík)

Jóhann Kristján Einarsson (eigandi að 30 áln. úr Víkurg.)

Vitundar vottar

Jónas P. Hallgrímsson

Oddur Oddsson

Þorsteinn Luðvigsson

Jakob Pjetursson



Gíslastaðir.

Jeg undirritaður eigandi jarðarinnar Gíslastaðir, veiti hér með Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði leyfi til að gjöra griphelda girðingu í landareign nefndrar jarðar meðfram Stóralæk frá Fossklettsbrekku og niður að klettholti, og er ábúendum Arnkelsgerðis heimilt að viðhalda girðingu þessari framvegis. Girðingin skal aðallega vera sem næst læknum, þó er leyft að hún megi vera spölkorn frá honum, þar sem svo hagar til að miklu auðveldara er að girða á brekkubrúnum við lækjargilið. –

Girðing þessi raskar ekki landamerkjum þeim, sem verið hafa, ræður þar Stórilækur framvegis, eins og undanfögnu. –

p.t. Arnkelsgarði, 23. maí 1909.

Vilhjálmur Jónsson.

Vitundarvottar:

Guðm. Þorgrímsson.

Sigurður Sigurbjörnsson.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti á Höfða þ. 17. júlí 1909 og innfært í afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu Ltr. G. á bls. 22 og í Landamerkjabók sömu sýslu á bls. 76.

Skrifstofa Suður-Múlasýslu 3/7 1909

A.V. Tulinius.

Gjald til landssjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– Ein króna –

A.V.T.



Hesteyri, 28. janúar 1909. ^{sic}

Herra sýslumaður A.V.Tulinius
Eskifirði.

Eptirfarandi skipti á Hesteyrartúni milli mín, E.G. Isfeldts hjer, og Vilhjálms Hjálmarssonar óðalsb. á Brekku, er fór fram í júnímánuði 1908, og sem eptirfylgjandi vottorð frá herra kennara Steini Jónssyni í Haga ber með sjer, vil jeg biðja yður að gjöra svo vel og láta innfæra í Landamerkjabók sýslunnar.

Túninu var skipt í „efri“ og „neðri“ part, af Vilhjámi Hjálmarssyni og ljet hann mig svo kjósa, hvorn partinn jeg vildi, og kaus jeg mjer þann „neðri“.

Skömmu síðar ljet jeg setja staura á landamerkjum þessum til aðgreiningar. –

Skiptin urðu þessi:

Að sunnan: Bein lína frá ^{neðra} vesturhorni á sáðreit E.G. Isfeldts alla leið vestur á mótis við „Grjótkvíar“.

Að ~~austan~~ ^{vestan}: Bein lína frá vesturenda suður-takmarka og alla leið upp í „Hnaus“.

Að norðan: Bein lína frá norðurenda vestur-takmarka alla leið austur að „Bæjarbratta“.

Að austan: Bein lína frá austurenda norður-takmarka allt að norðausturhorni á heyhlöðu E.G. Isfeldt, sem stendur að bæjarbaki.

Allt annað af Hesteyrartúninu taldist með neðri partinum.

Virðingarfullt E.G. Isfeldt.

Jeg undirritaður votta hjer með, að E.G. Isfeldt, bað mig að vera við skipti á túni, eða slægjum jarðarinnar Hesteyri í Mjóafirði, er eigendur nefndrar jarðar, Vilhjálmur Hjálmarsson á Brekku og E.G. Isfeldt á Hesteyri, skiptu með sjer. –

Skiptin urðu þannig:

Túninu var skipt í „efri“ og „neðri“ helming. Takmörk „efri“ helmings voru ákveðin þessi:

Að sunnan: Bein lína frá neðra vesturhorni á sáðreit E.G. Isfeldts alla leið austur á mótis við „Grjótkvíjar“.

Að vestan: Bein lína frá vesturenda suður-takmarka og alla leið upp í „Hnaus“.

Að norðan: Bein lína frá norðurenda vestur-takmarka alla leið austur að „Bæjarbratta“. –

Að austan: Bein lína frá austurenda norðurtakmarka allt að norðausturhorni á heyhöllu E.G. Isfeldts, sem stendur að bæjarbaki.

Allt annað af Hesteyratúni taldist með neðri helmingi (E.G. Isfeldt hefur nú reist staura á landamerkjum þessum)

Skiptin fóru fram í júnímánuði 1908.

Haga 28. ágúst 1909. Steinn Jónsson.

Fyrirfram innfært til þinglesturs þann 8. febrúar 1910 í Landamerkjabók Suður-Múlasýslu á bls. 76-77.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skrifstofa Suður-Múlasýslu 8/2 1910.

A.V. Tulinius.

Gjald kr. 1.00

Aths. 10.50

– ein króna og 50 aurar – A.V.T.

Lesið fyrir manntalsþingi á Brekku þ. 9. júní 1910. –

Athugasemd:

Á manntalsþinginu á Brekku 9. júní 1910 komu fram mótmæli gegn skjali þessu, og eru þau færð í þingbókina, svo hljóðandi: „Vilhjálmur hreppstjóri Hjálmarsson á Brekku, sem eigandi að ½ jörðinni Hesteyri, mótmælti á þinginu þinglestri á skiptum á Hesteyrartúni, þar sem hann áleit skiptin ekki framfarin.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu.

Eskifirði 13. júlí 1909.

A.V. Tulinius.

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Hesteyri höfum skipt túni jarðarinnar með okkur þannig:

Tún Eiríks G. Isfelds liggur allt innan gaddavírsgirðingar, sem merkt er með E., á öllum hornstólpum, en tún Vilhjálms Hjálmarssonar liggur vestan og norðan að þeirri girðingu. –

Grafreiturrinn tilheyrir Eiríki G. Isfeld, og má hann hafa aðgang að honum, án nokkurs endurgjalds, þó svo, að sem minnstar skemmdir afhljótist. –

Brekku, 10. júlí 1911.

Vilhj. Hjálmarsson.

Eiríkur G. Isfeld.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti á Brekku þann 10. júlí 1911 og innfært í afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu Litra G. á bls. 295 og innfært í Landamerkjabók sömu sýslu á blaðs 77. –

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 2/8 1911.

A.V. Tulinius.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun. Kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



Landamerkja skýrsla.

Landamerki jarðarinnar Skjöldólfsstaða í Breiðdalshreppi innan Suður-Múlasýslu eru þessi:

- a. Millum Skjöldólfsstaða og Fagradals, úr tjörn á Fagradalsskarði, beina línu út svo nefnda Skútu, að innan verðu, í vörðu á skútubrúninni fyrir utan og ofan svo nefnda Hrútabotna; úr vörðunni bein lína í gil það, sem næst er Hrútabotnunum, að utan verðu við þá, síðan ræður gilið merkjum, alt ofan í Fagradalsá; eptir það er Fagradalsáin merki, þar til hún fellur í Breiðdalsá á eyrunum utan við Gljúfrahylinn.
- b. En að utan millum Skjöldólfsstaða og Eyja, er Skammadalsáin landamerkja línán, þaðan sem hún hefir upptök sín í Skammadalsskarðinu – utan við Hrossatindinn – og þar til hún fellur í Breiðdalsána, utan við Skjöldólfsstaðanesið.

Að neðan ræður Breiðdalsáin landamerkjum, frá því Fagradalsá rennur í hana – eins og áður er sagt – og þar til Skammadalsá fellur í Breiðdalsá.

Það svæði að ofan, sem enn er ónefnd merkjalína að, frá upptökum Skammadalsár á Skammadalsskarði, og í áður nefnda tjörn á Fagradalsskarði; þar í millum ræður landamerkjum fjallgarðurinn Hrossatindur, eptir því sem vötnum hallar.

Ofan rituðum landamerkjum erum vér undirritaðir í fylstamáta samþykkir, og til staðfestu eru nöfn vor og vitundarvotta.

p.t. Eyjum 25. maí 1914.

Jón Ól. Brynjólfsson (eigandi Fagradals).

Kristján Þorsteinsson (eigandi Skjöldólfsstaða).

Ólafur H. Brím (eigandi Eyja).

Vitundarvottar:

Guðm. Árnason

Pétur Þorsteinsson

Þinglesið á manntalsþingi að Breiðdalsvík 4. júní 1915, innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 78 og afsals- og veðmálabók sýslunnar á bl. 208.

Skrifstofu Suður- Múlasýslu

Eskifirði, 7. desember 1915.

GEggz

Gj.



Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga í Beruneshreppi, höfum komið okkur saman um, að landamerki nefndra jarða skuli hérefitir vera þannig:

Skálahálslækur frá upptökum innan (vestan) við Villingahóla að útfalli, utan (austan) við Skálhól. Að öðru leyti eru landamerki jarðanna samkvæmt landamerkjabók Suður-Múlasýslu.

Berufirði 12. júlí 1919.

Jón Antoníusson.

Guðmundur Guðmundsson.

Vottar: O. Thorlacius.

Magnús Bl. Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi fyrir Beruneshrepp og þ. 12/4'19 innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu bls. 78.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 16. júlí 1919

Sigurjón Markússon



Landamerkjaskrá
jarðarinnar Starmýri í Geithellahreppi.

Þetta er landeign Starmýrar: Úr Klifaþúfu sjónhending upp Kjölfellsröðul upp á egg. Í austur (hérumbil – ræður línun úr nýnefndri Klifaþúfu sjónhending yfir þveran suður Álftafjörð í Skipmannahólma, úr Skipmannahólma réttisýnis í Marksker, sum er utan á fjörurifinu í hérumbil rétt austur að sjá frá Skipmannahólma og í – hérumbil 80 til 120 faðma fjarlægð frá honum; þaðan beint til sjávar.

Fjörumarkið er: Markskerskollur ber á Múlabæinn eystri frá fjörunni að sjá. Tjörn á Starmýri frá nefndum Markskerskollu, miðuðum á Múlabæinn eystri, alla leið suður í Merkið, sem stendur á milli Geirshóla og Sjáfarhrauna. – Frá Merkið, í hvern að klappaður er stafurinn D. ræður sjónhending í Öskukarlshraun og er áhöggvin stafurinn S; úr Öskukarlshrauni réttisýnis upp í svo kallað Ölduskarð og er klöpp þar, austan megin Selár í hverja stafurinn R er klappaður. Þaðan ræður Selá landamerkjum alt þar til Lónsheiðará fellur í hana, rétt fyrir utan svo kallaðar Víðartungur; eftir það ræður Lónsheiðará merkjum alt upp á Lónsheiðarvörp til Sýslusteins svo alt hvað vötnum hallar að Lónsheiðará fyrir ofan fram með öllum Rjúpnadal, svo inn eftir eggjum alt á Kálfadalsvarp, þaðan úteftir eggjum alt út á Kjölfjall og svo niður af Kjölfjalli ofan í fyrnefnda Klifaþúfu.

Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni:

1. Vigur
2. Skarfakambar.
3. Ílsker.
4. Skipmannahólmi umflotinn um flæður.
5. Óseyjar, eigi umflotnar og
6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar.

Ítak. Samkvæmt Vilchins máldaga fyrir Þvottárkirkju anno 1397, á Starmýri skógarítak á Flugustaðadal, frá Mosvallarskriðu og fram til Jökulsgils.

Athugasemdir.

Hofskirkja á eftirfylgjandi ítök í Starmýrarlandareign:

- a. hálfan reka á Starmýrarfjöru.
- b. hálf afnot af Vigur og Óseyjum.

Árið 1835 mótmælti einn sameigandi Starmýrar ítakstilkalli Hofskirkju ~~sem~~^{en} með héraðsdómi uppkveðnum 16. júlí 1836 voru Hofskirkju dæmd ítökin.

Dóm þennan staðfesti Landsyferréttur 5. júní 1837, nema að því, er snertir afnot af eyjum og útskerjum. Ítök Þvottárkirkju í Starmýrarlandareign, svo sem hagaganga og viðarrif eru samkvæmt visitasiu Helga biskups Thordersens 1850, með samningi Þvottá frá komin.

Það af Króksbakka, sunnan Selár, er lendir austur fyrir réttisýnislínuna: Merkið er í Öskukarlshraun, fylgir jörðinni Hnaukum hér eftir sem hingað til, en það af



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Öskukarlsbökkum, er verður sunnan sömu merkilínu, en er austan Selár, fylgir Starmýri eins og verið hefur. Sökum farvegsbreytinga, er Selá auðveldlega gæti tekið, þótti nauðsyn til bera, að framanskriðuð örnefni væru stöfum merkt, til að fyrirbyggja allan vafa síðar meir.

Starmýri í Álftafirði 16. jan. 1883.

Ragnheiður Stefánsdóttir handsalað.

Guðmundur Eyjólfsson handsalað.

Hinsvegar rituðum landamerkjum er ég hvað ábýlisjörð mína snertir samþykkur.

Hnaukum 16. desbr. 1883.

Kr. Jónsson.

Hinsvegar rituðum landamerkjum er ég hvað ábýlisjörð mína snertir samþykkur.

Þvottá 16. desbr. 1883.

Sig. Björnsson.

Framanrituðum landamerkjum er ég hvað ábýlisjörð mína snertir samþykkur.

Flugustöðum 18. desbr. 1883

Ásmundur Jónsson.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir ábúendur jarðarinnar Bæjar í Bæjarhreppi, hvað þá jörð snertir samþykkir.

Bæ í Bæjarhreppi 29. apríl 1884.

Guðmundur Guðmundsson, Þorleifur Sigurðsson, Guðmundur Finnbogason, Stefán Jónsson, Eiríkur Jónsson.

Að þessi landamerkjaskrá sé rétt að mínu áliti hvað snertir jörðina Reiðará, vottast hérmeð. Sigurður Sigurðsson eigandi og ábúandi.

Framanskriðuðum landamerkjum er ég samþykkur fyrir ábýlisjörð mína.

Svínhólum 1. maí 1884.

Gísli Gíslason.

Sem beneficiarius, prestur Hofsprestakalls í Álftafirði er ég landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Hofi 20. jan. 1886

Br. Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi þ. 12. júlí 1919.

Sigurjón Markússon



Landamerki á milli Imastaða og Vaðla.

Árið 1912 – desember, var hreppstjóri Helgustaðahrepps ásamt Þorleifi Stefánssyni og Ásmundi Helgasyni staddir í Vöðlavík til þess að skipta landi á milli Imastaða og Vaðla, og voru skipti gjörð þannig.

Að utan frá Sullareyri í vörðu á milli [...]hrauna og þaðan í vörðu í Steinalleiti þaðan upp í tind.

Guðni Eiríksson umráðamaður jarðarinnar.

Þuríður Jónsdóttir ábúandi á Imastöðum.

Guðni Þórarinsson ábúandi á Vöðlum.

Ítök sem Ímastaðir eiga í Vaðlalandi: Ímastaðir eiga helming af reka fyrir Vaðlalandi, uppsátur fyrir 2 báta í Vaðlahöfn, einnig rétt til að byggja sjóbúð við höfnina, en á hinn bóginn fellur burtu réttur, ábúanda eða eiganda Vaðla gripagengi í Ímastaðalandi.

Karlskála 7. júlí 1920

Guðni Eiríksson

Þinglesið á manntalsþingi Helgustaðahrepps 17. júlí 1920.

Árið 1917 dag 26. maímánaðar vorum við undirritaðir staddir á Karlsstöðum og Imastöðum, til að skipta landi á milli nefndra jarða, þar sem þau áður voru svo óglögg.

Og voru landamerki gerð þannig:

Að neðan frá Kirkjubólssá, er varða hlaðin, sem er við keldu í bakka árinna, og þaðan beina línu upp í vörðu sem er upp við veginn, innan við keldu sem þar er, og þaðan beina línu í stein, sem merktur er h. og þaðan í Miðskessu upp á tind.

Guðni Eiríksson (umráðamaður jarðarinnar^{anna}).

Auðunn Jóhannesson ábúandi á Karlstöðum.

Þuríður Jónsdóttir Ímastöðum (handsalað Vilhjálmi Jónssyni)

Þinglesið á manntalsþingi Helgustaðahrepps 17. júlí 1920.



Ár 1895, mánudaginn 15. júlímán. var af oss undirskrifuðum, sem kvaddir voru til þess af sýslumanni, gjörð áreið á land Stórubreiðuvíkur, Stórubreiðuvíkurhjáleigu og Stórubreiðuvíkurstekks, til að skipta beitarlandinu milli þessara jarða. Jarðir þessar eru metnar að nýju mati St.Brvík með Stekk 21,00^{hndr} en StBrvíkurhjáleiga 12,60^{hndr}.

Landinu var síðan skipt þannig að beitolandi til:

Milli Breiðuvíkurstekks og StBreiðuvíkur ræður lína dregin frá grænu dýi utan til í hlíðinni í Eydalafjalli, og síðan niður eins og engjar Stekks ráða ofan í lækjardrag rjett utan við túnklett frá Brvstekki, sem kallaður er „Kirkja“.

Milli St.breiðuvíkur og Stbrv.hjáleigu, ræður að ofan lína dregin frá ytri brún á Haugaöxl, ofan á ytri brún á Efrivíkurmél, þaðan lína í fossinn í Kerlingará (í stefnu sunnan á Hólmatind) þaðan ræður Kerlingará til sjáfar, að undan tekur því að tún Brvíkurhjáleiga er innan við ána ásamt landspildu fyrir neðan það, og landspildu upp af sem gömul merki segja til, hver er.

Stórubreiðuvík á hagagöngu fyrir kúr fyrir utan Kerlingará fyrir neðan Víkurmél (og eru gömul munnmæli, að landspildan upp af túni hjáleigu með engjabletti, sem gefur af sjer á góðum árum, ef hann er allur slegin allt að 20 hestum, sje lögð frá StBrvík til Brvíkurhjáleigu fyrir kúabeitina)

Sama ár og dag sem að ofan greinir.

Andrés Eyjólfsson

Eiríkur Björnsson (handsala)

Viðstaddur skiptin samþykkur:

Jóhann L. Sveinbjarnarsen.

Þinglesið á mannt.þingi Helgust.hrepps 17. júlí 1920

Skrifst. Suður Múlasýslu 20. júlí 1920



Landamerki
milli kirkjujarðanna milli Hamars og Hamarssels.

Ár 1918, 22 dag maímánaðar varð það að samkomulagi með ábúendum Hamars og Hamarssels, að viðstöddum óvilhöllum vottum, þeim Sveini bónda Sveinssyni á Hofi og Helga bónda Einarssyni á Melrakknesi, að landamerki milli ofangreindra jarða – sem engin verið höfðu hértí, skyldi hérí frá vera þau er hér greinir:

Úr vörðu neðst í Refstaðatanga, beina stefnu í Tóugil og þaðan sjónhending í fjallseggjar (norður); úr nýnefndri vörðu í aðra vörðu (neðar) og úr henni sjónhending í Hamará (suður).

Landspilda (fjallendi í svokölluðum Skógum frá Steiná út að Skollabotnagili, upp til eggjar, skal héreftir verða algjör og óátalin eign jarðarinnar Hamars.

Að öðru leyti haldast landamerki milli nefndra jarða og jarðanna Háls, Veturhúsa og Bragðavalla óbreytt.

Landskiptingu þessari erum við undirritaðir ábúendur samþykkir.

Hamar og Hamarssel d.u.s.

Magnús Guðmundsson.

Stefán Sigurðsson.

Vottar:

Helgi Einarsson

Svein Sveinsson.

Þinglesið á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp 5. júlí 1920.



Landamerki

milli jarðanna Kambshjáleigu annarsvegar, Háls og Stekkjarhjáleigu hinsvegar allar í Geitvallarhreppi.

Landamerki milli Kambshjáleigu og Stekkjarhjáleigu eru sem hér greinir:

Úr Uppskipunarklöpp utan í Sigurnesi eftir vörðum í vörðu hjá svo nefndum Náttthagalæk. Þaðan beina leið um Hjallsker í vörðu niður af Háagili. Þaðan sjónhending í vörðu á Hálsbrúninni. – Þaðan aftur út í bæjargil og þaðan eftir vörðum í Teigarhorns landamerki.

Kambshjáleigu ber því land alt milli greindra landamerkja og landamerkja Búlandsness.

Stekkjjarhjáleiga ber land alt frá landamerkjum Kambshjáleigu og Stekkjarhjáleigu, áður greindum og inn að landamerkjum Strýtu, sjá landamerkjabréf Strýtu.

Háls hefir land alt frá landamerkjum Strýtu og inn í landamerki Hamars, þá ber Strýtu land inn í Hálsströnd sem landamerkjaskjal Strýtu greinir. Hálsland og Stekkjarhjáleiguland liggur saman hjá svo nefndri Nautalág. Landamerki þar á milli er eftir vörðum á melsbrún yfir Nautalág, sem vera má segja óslitið sjónhending í Djúpabotn.

Afréttarlandi þessara jarða er þannig skift: Kambshjáleiga hefir afrétt frá svo nefndu Klofskarðsgili, neðan frá á og upp í tinda og inn í svonefnda Mörgulæki, frá á og þvert sjónhending upp í tinda. Stekkjarhjáleiga hefir afrétt frá Mörgulækjum, land alt svo laⁿgt, sem dalurinn nær.

Afrétt Háls er Búlandsdalur allur að utan og inn í aðurnefnt Kolfaskarðsgil, þar með talið Hálsfjall.

Gjört í Kambshjáleigu 24. júlí 1920

Samþykktur fyrir Kambshjáleigu

Ólafur Stefánsson

Samþykktur fyrir Háls

Jón Stefánsson

Samþykktur fyrir Stekkjarhjáleigu

Sigurður Sigurðsson.

Samþykktur

Jón Finnsson

Sem umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Háls, er ég framanskráðum landamerkjum jarðarinnar samþykktur.

Jón P. Hall.

p.t. umsjónarmaður.

Þinglesið á manntalsþingi að Djúpavogi 14/7 1921.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 9/8 '21

M.G.



Landamerkjaskrá
jarðarinnar Flugustaða í Geithellahreppi.

Þetta er landareign jarðarinnar Flugustaða að sunnan og vestanverðu, gagnvart jörðinni Starmýri: Úr svonefndri Klifaþúfu, sem er á klettabungu hárrí, með grastorfu á þar sem bungan er hæst, ofan við svo nefnda Kringlu (flæðiengisþætti – ræður sjónhendingslína í Skipmannahólma á Starmýrarfjöru. – Sneið sú af nefndri Kringlu, sem lendir norðanvert við sjónhendingslínu þessa fylgir Flugustöðum hér eftir sem hingað til. Í fjall upp ræður sjónhendingslína úr nefndri Klifaþúfu upp Kjölfjallsröðul og þaðan svo með eggjum og tindum inn yfir Jökulfell á Flugustaðadal.

Milli jarðanna Hofs og Markúsarsels, með Tunguhlíð annarsvegar og Flugustaða hinsvegar ræður landskiftum að utan frá sjó, Kýll sá, er liggur milli Breiðengis og Flóðhólma að Ytra-Hrófi. Frá Ytra-Hrófi ræður suðurkvísl Hofsár fyrir sunnan Breiðengi og Breiðengishólma; og eru þessi landamerki jafnframt engjamörk Hofsjarðar og ofangreindum engjastykkjum, gagnvart engjum Flugustaða, sem sunnan við þessi takmörk eru. Engjastykki það milli Hofsánnar (syðri og nyrðri) sem nefnt er Oddar, fylgir kirkjújörðinni Markúsarseli með Tunguhlíð. Suðurkvísl Hofsár ræður merkjum milli jarðanna Flugustaða og Markúsarsels og Tunguhlíðar, alt til upptaka kvíslarinnar á Flugustaðadal.

Landamerkjaskrá þessi er skrásett 22 dag júnímánaðar árið 1920 af Jóni P. Hall (umsjónamanni Geithellahreppskjarða.

Samþykkur Jón P. Hall (eigandi að 7^{hndr} að f.m. í jörðinni Starmýri).

Samþykkur fyrir mína eign í Starmýri

Starmýri 29. júní 1920.

Guðm. Eyjólfsson.

Samþykk fyrir eign mína í Starmýri

Ragnheiður Sigurðsdóttir (handsalað)

Samþykkur fyrir eignarjörð mína Hof

Sveinn Sveinsson.

Samþykkur f.h. sveitasjóðs Geithellahrepps

Ol. Thorlacius

Samþykkur fyrir ábýlisjörð mína Markúsarsel og Tunguhlíð

Jón Sigurðsson.

Þinglesið í manntalsþingi að Djúpavogi 14/7 1921.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 9/8 1921.

M.G.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerkjaskrá
kirkjujarðanna Þvottár og Hnauka. Geithellahr.

Hlaupgeiri er klettur og grastorf uppá honum, sunnar er í miðjum Hvalsnesskriðum, úr honum er lína dregin upp miðja Hlaupgeirsholu, þaðan ræður fjallröðull og linda eftir miðjum Hvalsdalshálsi eftir því sem lindar og fjallsröðla eru hæstir, fyrir norð og norðvestan Hvalsdal, inn á Hvalsdalsvarp eftir það suður varpið á milli Hvalsdals og Lónsheiðar, eftir því sem melar og röðlar eru hæstir og vötnum eða lækjum hallar fyrir vestan Ljósárdal eða Ljósárdalshnjúk; þaðan eftir röðlinum beina leið að Sýslusteini sem stendur á miðju Lónsheiðarvarpi. – Þaðan ræður Lónsheiðará, alt þar til hún fellur í Selá fyrir utan Víðatungur úr því ræður Selá til Ölduskarðs úr Ölduskarði sjónhending í Öskukarls-hraun, og þaðan réttsýnis í Merkiklett, sem stendur á milli Geirshóls og Sjáfarhrauns, úr Merkikletti beint í sjo fram. Þaðan horn af Króksbakka í Haukslandi sunnan Selár, er lendir austur fyrir réttsýnislínuna: Merkiklettur í Öskukarls hraun, fylgir Hnaukum hér eftir sem hingað til, en það af Öskukarlsbökkum, er verður sunnan sömu sjónhendingslínu, en er austan Selár fylgir Starmýri, eins og verið hefur.

Starmýri í Geithellahr. 11. júní 1922

Jón P. Hall.

p.t. umsjónarm. Geithellahr. K.jarða.

Framan og ofanritaðri Landamerkjaskrá erum við hér undirritaðir eigendur og leiguliðar jarðarinnar Starmýri samþykkir.

Jón P. Hall

Guðm. Eyjólfsson

Guðjón Brynjólfsson

Hjörleifur Brynjólfsson.

Samþykk

Þvottá 21. júní 1922

Vilborg Antoniusdóttir.

Samþykkur Hnaukar 20. júní 1922

Árni Antoníusson

Þinglesið á manntalsþingi á Djúpavogi 24/6 1922 D.u.s.

Skrifstofa Suður-Múlasýslu

Magnús Gíslason



Ár 1922 1. júlí voru tilstaðar að Grófargerði úttekta og virðingarmenn Vallahrepps, Hallgrímur Þórarinsson og Guðmundur Kjerúlf ásamt hreppsstjóra Gunnari Pálssyni sem útnefndur var til þess að vera oddamaður, við landskifti á milli jarðanna Grófargerðis Arnkelsgerðis og Tunguhaga. Landaskiftanna óskaði Þórunn Bjarnadóttir með bréfi dags. 18. maí 1921.

Viðstaddir við landskiftin voru eigendur nærliggjandi jarða Nikulás Guðmundsson Arnkelsgerði, Sigurður Björnsson Tunguhaga og oddviti Skriðdalshrepps Jón Runólfsson Litla Sandfelli, ábúendur eru hinir sömu og eigendur, nema ábúandinn á eign Skriðdalshrepps Jón Sigvaldason var aðvaraður en mætti ekki. Einnig var viðstödd eigandi jarðarinnar Grófargerðis Þórunn Bjarnadóttir.

Landskiftin fóru sem hér segir:

Að utan ræður Miðgrófargrafningur frá Grímsá að merkjasteini sem er við Grafninginn. Úr merkjasteini í Klettinn í Lækjarholti. Þaðan beina línu í merkjavörðu við Stekkjalæk, þá Stekkjalækur upp í neðri brún á Stekkjabarða, þá barðabrúnirnar að Ytri Grófarlæk, þá lækurinn að varnargarði hinum forna, síðan garðurinn að Hátúnalæk, og þrjátíu föðmum frammar, og þaðan í Vöð í forustulækjum, svo ynnri Svuntulækur til Fjallsbrúna, og Frjallsbrúnirnar að Kálfa Vallará, þó ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá, síðan Gilsá í Grímsá að Miðgrófargrafningi.

Grófargerði á tiltölulegann hlut af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunguhaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttaland sitt.

Ábúandi Grófargerðis hefur rétt til að nota vatn til áveitu eins og verið hefur.

Beitahús þau sem nú eru frá Arnkelsgerði mega standa óhogguð fyrir landaskiftum þessum, þó nær kunni að vera en forn lögmæli fyrir.

Skiftagjörðinni lokið sama dag og áður greinir

Gunnar Pálsson, Hallgrímur Þórarinsson, Guðmundur Kjerulf, Þórunn Bjarnadóttir (handsalað), Nikulás Guðmundsson

Rétt afritað staðfestir

Gunnar Pálsson

Þinglesið á manntalsþingi á Ketilsstöðum 3/7 1923, og síðan innfært í landamerkjabók sýslunnar.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 30/7 1923

Magnús Gíslason



Skifting.

Fjallendis og afrjettarlanda milli jarðanna Þvottár og Hnauka í Geithellnahreppi.

Með því, að kirkjujarðirnar Þvottár og Hnaukar, voru sameiginleg eign Hofskirkju í Geithellnahreppi, alt til ársins 1922, að önnur jörðin (Þvottá) var seld núverandi eiganda húsrú Vilborgu Antoníusdóttur, en alt til þess tíma höfðu jarðirnar frá ómunatíð átt sameiginlegt og óskift afrjettar og beitarland til fjalls, þá verður, þar sala á annari jörðinni hefir átt sjer stað, lögum samkv. óhjákvæmilegt að skifta og skjalfesta fjallalandamörk nefndra jarða, til afrjettar og beitarafnota, svo og til fjalllögskila, í hlutfalli við landverðsdýrleika þeirra, samkv. Fasteignabók 1922.

Við undirrituð, jeg Vilborg Antoníusdóttir núverandi eigandi jarðarinnar Þvottár og jeg Árni Antoníusson, núverandi ábúandi kirkjujarðarinnar Hnauka, að viðstöddum meðundirrituðum umsjónarmanni Hnauka höfum því af fúsum og frjálsum vilja og eftir bestu þekkingu, samið með okkur um fjallmörkun milli ofangreindra jarða, svo sem hjer er frá greint:

Úr staursettri þúfu, sem er ofanvið aurgötuna milli Þvottár og Hnauka, ræður sjónhending í syðra horn „Svarthamra“, úr því eftir fjallseggjum, rjettsýnis í „Snjótind“, frá „Snjótindi“ sjónhending til „Lónsheiðarvarpa“ að „Sýslusteini“. Frá Sýslusteini ræður úr því landamerkjum milli Hnauka og Starmýrar, svo sem landamerkjaskrá Starmýrar frá 1883, þinglesin 1918 og 1922 greinir.

Rekatakörk milli jarðarinnar Starmýri og Hnauka, annarsvegar og Hnauka og Þvottár, hinsvegar eru sömu og verið hafa.

Aust norðaustan við framangreinda Staurmerktu þúfu og all nærri, eru 2 allstórir aurfastir grásteinar.

Það skal fram tekið, að landskifting þessi raskar eða brjalar á engan hátt, engja skiftum þeim, sem haldin hafa verið óátalin í ómunatíð milli jarðanna Þvottár og Hnauka.

Samning þennan staðfestum við undirrituð, með eiginhanda undirskriftum vorum.

Gert að Þvottá og Hnaukum 20. júní 1926

Vilborg Antoníusdóttir (handsalað Antoníusi Sigurðssyni)

Árni Antoníusson

Sem umsjónamaður kirkjujarðarinnar Hnaukar er jeg fjallaskiftum þessum samþykkur
Jón P. Hall hreppstjóri.

Vitundarvottar:

Björn Kristjánsson

Stefanía Brynjólfsdóttir.

Þinglesið á manntalsþingi að Djúpavogi 28. júní 1926. D.u.s.

Skrifst. S.Múlas.

Magnús Gíslason.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[á spássú:] Þinglýst á manntalsþingi að Djúpavogi 28.6. 1926. Innfært í Landamerkjabók
S.Múlasýslu
Eskif. 28-6-'26



Ár 1926, laugardaginn hinn 29. maí var hreppstjórinn í Fáskrúðsfjarðarhreppi, staddur á Hafranesi með úttektarmömmum hreppsins Guðmundi Þorgrímssyni á Brimnesi og Einari Stefánssyni Kappeyri til þess samkvæmt ósk Friðgeirs Hallgrímssonar kaupmanns á Eskifirði, sem hefir keypt hálfja jörðina Hafranes af Nielsi Finnssyni bónda á Hafranesi að skifta túni og engjum jaðarinnar í tvo jafna parta.

Mættir voru ábúendur og eigendur jarðarinnar Niels Finnsson og Einar Friðriksson og fyrir hönd kaupanda Friðgeirs Hallgrímssonar var mættur Sigurjón Gíslason bóndi í Bakkagerði í Reyðarfirði.

Jörðin Hafranes, sem er 18,9 hundruð eftir mati frá 1861, en 74 hundruð eftir mati frá 1922, liggur sunnan við Reyðarfjörð, milli Þernuness og Kolmúla.

Landamerkin milli Þernuness og Hafraness ræður Breiðdalsá úr Breiðdalsárskarði í Ljósfallskvísl. Eftir það ræður Ljósafjallskvísl, að upptökum sínum.

Milli Kolmúla og Hafraness eru landamerki úr svokallaðri Hafnarþúfu, við sjóinn, bein lína til fjalls í Grákamb.

Þá var tekið fyrir að skifta túni jarðarinnar og fjellu skifti þannig, að dregin skal bein lína frá merkistaur í Hafranestanga horni utan við gamla brunn í ytri staurinn í hliði því, sem vegurinn til Hrossadalsskarðs liggur um.

Tún það, sem liggur austan við nefnda línu ásamt óræktuðu landi innan girðingar skal hjer eftir vera eign Friðrikssonar, en tún það, sem liggur fyrir vestan línuna ásamt óræktuðu landi innan girðingar, skal hjer eftir vera eign Friðgeirs Hallgrímssonar, þó skal fjaran vð höfnina vera sameign beggja ásamt nægilegri breiðri rönd á bakkanum við hana svo að hægt sje að byggja þar sjóhús til afnota við fiskveiðar.

Þá skal svæði það, sem íbúðarhúsið, fjós, hesthús stendur á, sem er í austurhluta túnsins ásamt 5 metrum frá veggjum húsanna á alla vegu, vera óskipt sameign beggja.

Nú vill annarhvor jarðeigandi gera einhverjar þær jarðbætur á sínum hluta jarðarinnar, svo sem framræsluskurði, vatnsleiðslu og fleira, þá skal honum það heimilt átölulaust, enda gangi hann aftur frá landi hins svo að eigi sjeu skemdir að.

Engjum var skift þannig:

Hrafnaveita innan frá tungirðingu og út að vörðu á ytsta höfða, þaðan beina línu í vörðu undir Kúahjalla, skal vera eign Friðgeirs Hallgrímssonar, en frá nefndum vörðum út að Torfnésá, milli fjöru og Kúahjalla, skal vera eign Einars Friðrikssonar. Grænady, Blautamýri og Torfunes skal vera eign Friðgeirs Hallgrímssonar, þó skal mótekja í Torfunesi heimil sameignarmanninum enda eru til jafnaðar fyrir engjaspjöll, sem af mótekju leiðir lögð til Torfunessins Blautamýri og Grænady.

Engjar allar fyrir ofan Bröttubrekku milli Fells og Múla skal vera eign Friðgeirs Hallgrímssonar. En engjar milli Fells og Bæxla, skal vera eign Einars Friðrikssonar. Annað en það sem framan er sagt skal vera óskift beitoland eða slæjur eftir samkonulagi frá ári til árs.

Fleira var ekki skift og var því skiftum lokið sama ár og dag.

Páll Þorsteinsson

Fyrir hönd Friðgeirs Hallgrímssonar, Sigurjón Gíslason

Einar Friðriksson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guðmundur Þorgrímsson
Einar Stefánsson.

Staðfest eftirrit samkvæmt landamerkjabók. Fáskrúðsfjarðarhrepps.
Páll Þorsteinsson.

[á spassú:] Þinglýst á manntalsþingi á Búðum í Fáskrúðsfirði 24. júní 1926. Innfært í
Landamerkjabók sýslunnar á bls. 86.
Skrifst. S.Múlasýslu. Eskifj.



Landamerki milli Uppsala og Eyvindarár.

Við undirritaðir, jeg Sveinn Árnason eigandi Eyvindarár og ég Guðjón Þorsteinsson eigandi Uppsala gerum með okkur svofeldan samning, um landamerki milli jarðanna Uppsala og Eyvindarár.

Landamerki skulu vera þessi:

Að neðan ræður Uppsalaá, miðað við Uppsali inn að Krókalækjarós.

Upp til fjallsins er landamerkjálína úr Krókalækjarós, bein lína upp Bjargaraðir í Merkjavörðu á Björgum, þaðan bein lína í Bjargalæk, þá skálína í Merkistein suðvestan við Arnarhraun þaðan bein lína í grafing vestan við Lönguhlíðarhnaus, þá sjónhending í Beinavörðu og til heiðar.

Af samningi þessum eru tvo samhljóða eintök og heldur sinn aðili hvoru.

Eyvindará 26. júlí 1923.

Sveinn Árnason

Guðjón Þorsteinsson

Vitundarvottar:

Páll Magnússon handsalað

Helga Baldvinsdóttir



Afrit.

Vjer undirritaðir ábúendur kirkjujarðanna Háls, Kambshjáleigu og Stekkjarhjáleigu gefum hjer með samþykki vort til þess að landamerki jarðarinnar Strýtu, sem nú hefir sameignarland við ábýlisjarðir vorar verði ákveðin svo sem hjer á eftir segir, ef Strýta verður seld núverandi ábúanda Ólöfu Finnsdóttur.

Heimaland (beithagi og engjar) takmarkast þannig:

að utan Þúfuhraun og Ytri-Kambur upp í brún og þaðan sem stefnir eftir vörðum norður í Krosslágamynni.

Að innan Litlahraunið við Háslæk og eftir honum upp í Tobbygjótaskamb, þaðan eftir vörðum norður í stóran stein utan við Tobbygjótaskarlág.

Að norðan úr stóra steininum út í stein á hrauninu sunnan við Kambamýri, þaðan eftir vörðum norður í Koll utan við Nautalág, úr honum sunnan við Sveifarvatnið eftir vörðum og í Krosslágarmynnið.

Að neðan: úr neðri enda Litlahrauns eftir merkjum efst í Hafnarmelinn þaðan beina stefnu rjett ofan við símalínuna eftir merkjum þangað, sem hún sker ytri takmörkin, neðan við Þúfuhraunið.

Við sjóinn er dálítill sjerstakur blettur, takmörk hans er þessi: Að innan Hafnarlækurinn neðantil, svo eftir merkjum beint í hraunið, sem er innan við Hafnarmelinn (ytri). Að ofan úr umgetnu hrauni og út í miðjan melinn eftir vörðum.

Að utan. Hafnartanginn ytri og hraunið fyrir ofan og sú stefna þar til hún sker takmarkalínuna að ofan

Sjórin takmarkar að neðan.

Á Hálsströndinni tilheyrir Strýtu stykki með þessum takmörkum: Að innan úr Kambstanganum í Valtýskamb, þaðan í ytri enda Loðnahjalla og sama stefna þangað til hún sker ytri takmörkin, sem eru Stekkjatanginn og grjótaskarðurinn upp í Vondagilið ytra og eftir stefnu þess þangað til hún skerst. Engjar sjeu niðri: Þúfuhraunsmýri, Strýtumýri og Hestamýri og dálítill afmarkaður blettur ytra megin í Hafnarmýri, og uppi á hálsu: Kambsmýri, Tobbygjótaskarlág og smámýrar fyrir innan Tobbygjótaskarlágina. Afrijett er Flötufjöll: Fjörur eru Stekkjarfjaran og Höfnin. Þar er Hálsbónda heimilt uppsátur og tekur ábúandi Strýtu að sjer að girða fyrir þann hluta hafnarinnar sem liggur niður af Hálslandi ef núverandi ábúandi á hálsi girðir á sínum mörkum.

Skeljataka er óskift milli Háls og Strýtu og hafa jarðirnar hana hlutfallslega eftir jarðarmagni.

Hálsi, Stekkjarhjáleigu og Kambshjáleigu

15. Júlí 1916.

sign. Ólafur Stefánsson

sign. Þorvaldur Ólafsson

sign. Sigurður Sigurðsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Við undirritaðir Jón bóndi Björnsson á Starmýri og Sigurður bóndi Þórðarson á Dísastöðum (áður Borgargarði) sem dómkvaddir voru til að virða kirkjujörðina Strýtu í Geithellnahreppi, lýsum hjer með yfir því, að framanritað landamerki koma ekki að neinu leyti í bága við mat okka á jörðinni, sem skráð er í virðingargjörð dags. 25. Júní 1912, enda eru þau í öllum verulegum atriðum samhljóða þeim merkjum, sem sett eru í virðingargjörðinni.

Starmýri og Dísastöðum 25. júlí 1916.

sign. Sigurður Þórðarson

sign. Jón Björnsson.

Rjett eftirrit staðfestir 30. maí 1929.

St. Gunnlaugsson

Dómsogkirkjumálaráðuneytið.

L.S.

[á spássíu]: Skráð í Landamerkjaskrá Suður-Múlasýslu 21. ágúst 1930.

Gjald kr. 3.00

Stimpilgjald kr. 1.00

fjórar krónur borgað. kr. 4.00

M.G.



Landamerkjabrjef.

Landamerki milli Stöðvar og Hvalness í Stöðvarhreppi eru þessi:

Bein lína rjettsýnis frá sjó um merkjastaur á Stöðvaröldu, sunnan Kirkjuvaðs í ysta foss í Stöðvará, sem er innan við Stóralæk, eftir það ræður Stöðvará til fjalls. Þó skal svonefnt Hvalnessel sem línan liggur yfir, fylgja Hvalnesi.

Með landamerkjabrjefi þessu eru öll önnur landamerkjaskjöl milli Hvalness og Stöðvar úr gildi.

Stöð 23. september 1931.

Sigurbjörn Guttormsson – eigandi að 1/3 Stöðvar.

Benedikt Guttormsson eigandi að 2/3 Stöðvar.

Jón Björnsson umráðamaður Hvalness.

[á spássíu:] Innfært í Landamerkjaskrá sýslunnar hinn 11/12 1931. Verður þinglýst á næsta manntalsþingi.

D.u.s.

M.G.

Gjald – 4 – fjórar krónur.



Landamerki
milli Vallaness og Vallaneshjáleigu.

Miðvikudaginn 26. október voru gjörð þannig löguð landamerki milli prestssetursins í Vallanesi og hjáleigunnar Vallaneshjáleigu, en fullnaðar skifti fóru fram á túni og engjum en ekki þótti fært að skifta beitilandi milli jarðanna að svo stöddu.

Samkvæmt þessum skiftum verða tún og engjamörk milli téðra jarða sem hér segir:

Vallaneshjáleiga fær fremsta hlutann af túninu samfellt út að gömlum grónum Vallargarði, skamt fyrir framan Lambhús. Merkin eru þvert vestur af garðinum um klettanibbu, sem er í áframhaldandi garðsleifunum og þaðan áfram vestur í Ormamýri. Austur af fylgja mörkin fyrst garðinum, þangað til hann beygir út í túnið, þaðan fylgja mörkin beinni línu, suður í ytra og neðra nátthagahorn.

Engjarnar verða allar í einu lagi og liggja niður frá túninu. Að ofan ræður túnið og mörk þau, er að framan eru skráð um ytri enda túnsins. Úr nátthagahorninu ytra fylgja mörkin börðunum út að Þrætugarði. Síðan fylgja þau honum um Grænutóft í vörðu við Uxalæk. Þá ræður lækurinn inní Tjörn og síðan Tjörnin þar sem hún nær og loks lína úr framenda Tjarnarinnar upp í Mela, fylgir síðan endanum út í Uxalæk og áfram úti innra og neðra túnshornið.

Landskiftarmenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf

Sigurður Einarsson

Samþykkir ofanskráðum skiftum.

Fyrir Vallanes, Marino Kristinsson

Fyrir Vallaneshjáleigu, Sigfús Jóhannesson.

Innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 17. nóvbr. 1938.

Magnús Gíslason



Landamerki
milli Hvamms annarsvegar og Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga hinsvegar:

Samkvæmt áreið er gjörð var miðvikudaginn 26. október 1938 eru landamarki jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu ákveðin þannig:

Að sunnan lína frá vörðu hjá Illukeldu við Grímsá í Fremsta Stórhól, þaðan bein lína í Borgardalslæk við Fremsta-ás í stefnunni Fremstihóll-Grásteinn (landamerki Víkingsstaða halda áfram eftir þessari línu).

Að vestan Borgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína í innri endann á Uxalæk, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu.

Að norðan lína frá Einbúavörðu í innstu Þrívörðu, þaðan í Torfaslakk á Hvammsmelum og beint í Grímsá hjá Úlfstaðavaði.

Að austan ræður Grímsá.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf

Sigurður Einarsson.

Samþykkir ofangreindum landamerkjum.

Fyrir Hvamm, Þórður Helgason.

Fyrir Sauðhaga Sigurður Björnsson.

Fyrir Víkingsstaði, Magnús Jónsson.

Fyrir Vallanes, Maríno Kristinsson.

Innfært í landamerkjabók SuðurMúlasýslu 17. nóvbr. 1938.

Magnús Gíslason



Landamerki.

Milli Sauðhaga annarsvegar og Víkingsstaða og Hvamms hinsvegar.

Samkvæmt áreið er gjörð var þriðjudaginn 25. október 1938 eru landamerki jarðarinnar Sauðhaga í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu ákveðin þannig:

Að sunnan lína úr Merkilækjarósi í Spana, þaðan vestur Spanakletta í Skarðhryggslæk í vörðu í Kapladalsholti.

Að vestan Skarðhryggslækur frá Kapladalsholti í grafningenda á Bakka. Þaðan bein lína í stein í Illabuska í Svartafoss. Þaðan ræður Torfvallalækur (Skarðhryggslækur) í Helluvað, þaðan bein lína yfir Lækjarhlíð í Grástein.

Að norðan bein lína frá Grásteini í vörðu á Fremsta-Stórhól, þaðan í vörðu hjá Illukeldu við Grímsá.

Að austan ræður Grímsá.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal,

Jón G. Kerulf.

Sigurður Einarsson

Samþykkir ofangreindum landamerkjum:

Fyrir Sauðhaga, Sigurður Björnsson.

Fyrir Hvamm, Þórður Helgason.

Fyrir Víkingsstaði, Magnús Jónsson.

Fyrir Strönd, Dagur Gunnarsson.

Innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 17. nóvbr. 1938

Magnús Gíslason.



Landamerki.

Milli Víkingsstaða annarsvegar, Vallaness, Hvamms og Sauðhaga hinsvegar.

Samkvæmt áreið er gjörð var þriðjudaginn 23. október 1938 eru landamerki jarðarinnar Víkingsstaða í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu ákveðin þannig:

Að norðan: frá Einbúavörðu við Uxalæk bein lína yfir Stekkjarklett, við ytri endann á Ytri-Stekkjartjörninni, að vörðu við Lagarfljót, nokkuð fyriri utan Skjólkamb, svo Lagarfljót að vörðu á utanverðum Skjólkambi.

Að vestan: Bein lína frá vörðunni á Skjólkambi, inn yfir Merkjalá að Hlóðarsteini, þaðan yfir Stekkjarhraun að Grásteini.

Að sunnan: Bein lína frá Grásteini að Borgardalslæk, austan við Fremsta-ás í stefnunni Grásteinn-Fremsti-Stórhóll (landamerki Hvamms halda áfram eftir þessari línu).

Að austan: Borgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína yfir kerin í innri enda Uxalækjar, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf,

Sigurður Einarsson

Fyrir Víkingsstaði Magnús Jónsson

Fyrir Sauðhaga Sigurður Björnsson

Fyrir Hvamm Þórður Helgason.

Fyrir Vallanes: Marino Kristinsson.

Fyrir Strönd, Dagur Gunnarsson.

Innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu, 17. nóv. 1938.

Magnús Gíslason.



Landamerkjabréf Lágafells í Breiðdalshreppi.

- I. Að utan milli Óss og Lágafells:
Götugil, bein lína á Stórhól, þaðan Djúpadalsá í Krossskarð.
- II. Að innan milli Lágafells og Eyja:
Skolakýlsós, bein lína í Ytra Borgargil, þaðan Lágheiðarhryggur í Vatnsháls og Klukkutind.
- III. Heima við Lágafell: Að ofan, þjóðvegur. Að innan: Eyjaá, að neðan Breiðdalsá og að utan, úr Breiðdalsá bein lína um Ytra-Torfugil í vörðu við þjóðveg.

Gjört að Lágafelli 26/6 1943

Hjörtur Einarsson

Samþykkir ofanrituðu:

Sigurður Jónsson, Ósi.

Einar B. Björnsson Eyjum.

Stefán Magnússon Eydölum.

Móttekið h. 30.8. 1943 kl. 10 f.h. til innheftingar í veðmálabók Ltr.P. nr. 101 og þinglýsingu á næsta manntalsþingi á Breiðdalsvík

D.u.s.

Lúðvík Ingvarsson

(L.S.)

Gjald kr. 4.20-

Stgj. 1.40

kr. 5.60

fimm 60/100 krónur

Greitt/L.I.



Landmerkjaskýrsla

Landamerki jarðarinnar Skjöldólfsstaða í Breiðdalshreppi innan Suður-Múlasýslu eru þessi:

- a) millum Skjöldólfsstaða og Fagradals: Úr tjörn í Fagradalsskarði beina línu út svonefnda Skútu að innanverðu í vörðu á skútubrúninni fyrir utan og ofan svonefnda Hrútabotna, úr vörðunni bein lína í gil það, sem næst er Hrútabotnunum að utanverðu við þá. Síðan ræður gilið merkjum allt ofan í Fagradalsá. Eftir það er Fagradalsáin merki; þar til hún fellur í Breiðdalsá á eyrunum utan við Glúfrahylinn.
- b) En að utan millum Skjöldólfsstaða og Eyja er Skammadalsáin landmerkjalínan, þaðan sem hún hefur upptök sín í Skammadalsskarðinu utan við Hrossatindinn og þar til hún fellur í Breiðdalsána utan við Skjöldólfsstaðanesið.

Að neðan ræður Breiðdalsáin landmerkjum frá því Fagradalsá rennur í hana – eins og áður er sagt – og þar til Skammadalsá rennur í Breiðdalsá.

Það svæði að ofan, sem enn er ónefnd merkjalína að, frá upptökum Skammadalsár í Skammadalsskarði og í áðurnefnda tjörn á Fagradalsskarði, þar á millum ræður landmerkjum fjallgarðurinn Hrossatindur eftir því sem vötnum hallar.

Ofanrituðum landmerkjum erum vér undirritaðir í fyllsta máta samþykkir og til staðfestu eru nöfn vor og vitundavotta.

p.t. Eyjum, 25. maí 1914

Jón Ól. Brynjólfsson eigandi Fagradals

Kristján Þorsteinsson eigandi Skjöldólfsstaða

Ólafr. H. Brím eigandi Eyja.

Vitundavottar:

Guðm. Árnason

Pétur Þorsteinsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Breiðdalsvík 4. júní 1915

innfært afsals- og veðmálabók sýslunnar á bls. 208.

Skrifstofa S-Múlasýslu Eskifirði 7/12 1915

G. Eggerz.

Gj. – 2 – tvær krónur.

G.E.



Landamerki
jarðarinnar Ánastaðir í Breiðdalshreppi, S.Múl.

I. Milli Ánastaða og Þorgrímsstaða:

Úr Suðurfjalli um Rauðhrygg og Hesthálsgil í Breiðdalsá. Síðan ræður Breiðdalsá mörkum út að Skileyri. Þaðan bein lína í vörðu við girðingu neðan Þorgrímsstaða. Síðan línán með girðingunni útað horni hennar og frá því bein lína í vörðu við ána, austan við svonefndan Kýrbakka. Þaðan ræður svo Breiðdalsá mörkum út að mörkum Þorgrímsstaða og Höskuldsstaðasels.

II. Milli Ánastaða og Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels: Breiðdalsá áfram frá fyrrnefndum mörkum Þorgrímsstaða og Höskuldsstaðasels, þar til kemur á móts við svonefndan Járnhrygg í Suðurfjalli fyrir utan Álfhól, en um hann er merkjalínan allt á fjall upp. Þaðan ráða fjallseggjar inn að fyrstnefndri línu um Rauðhrygg.

Landamerkjabréf dags. 29/5 1883 fellur hér með úr gildi.

Breiðdalshreppi, 20. júní 1946.

Guðm. Jónsson Höskuldsstöðum.

Þórhildur Hjartardóttir Þorgrímsstöðum.

Hóseas Björnsson ábúandi á Höskuldsstaðaseli

Steingrímur Vigfússon Ánastöðum

Fyrirfram innfært til þinglýsingar á næsta manntalsþingi á Breiðdalsvík í afsals- og veðmálabækur sýslunnar Ltr. S. nr. 122.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 11. sept. 1946.

Kristinn Júlíusson

settur

Gjald kr. 6.-

stgj. kr. 2.-

kr. 8.-

– átta krónur –

KJ.



Landamerki Fells í Breiðdal samkvæmt byggingarbrefi Stefáni Guðmundssyni til handa dags, 17. sept. 1946.

„Úr Gunnarsskarði um Hjónagöng í Djáknagilsenda eftir Djáknagilsás í neðri enda hans. Úr djáknagilsásenda neðri Þverhamarskjól á Ríkisvegi. Eftir það ráði Þverhamarskjól og Grafarlækur í Kvísl og Kvísl í Leiru. Að utan Skógará og Fellsá = Kattmúsará.“

Ritað 28.6.1947

Lúðvík Ingvarsson.



Landamerki Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfjarðarhreppi.

Ár 1935 mánudaginn þann 2. sept. voru undirritaðir úttektarmenn Reyðarfjarðarhrepps staddir að Seljateigi og Seljateigshjáleigu til þess að skifta landi milli nefndra jarða samkvæmt bréfi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dags 27. júlí 1935.

Mættir voru við skiftin af landeigenda hálfu Ólafur Jónasson fyrir hönd Jónasar Eyjólfssonar, Seljateigshjáleigu og Ragnar Tryggvason fyrir hönd Útibús Landsbankans á Eskifirði. Einnig var viðstaddur ábúandinn að Seljateigi Jóhann L. Björnsson.

Landskiftin voru gjörð á því, sem hjer um getur:

Seljateigur á land frá Njörfadalsá að utan, alt austan túns Seljateigs, og inn með túninu alt að merkjalínu, sem gjörð er frá Seljateigstúni og í beinni línu að landamerkjum Sljettu. Merkjalína þessi sker Fagradalsbraut 28 mtr. fyrir austan Bæjarlæk þar sem hann rennur gegnum Fagradalsbraut. Þó tilheyrir Seljateigi bakkahorn sunnan Norðurár að stærð 1000 [fer]mtr. og gengur vestur fyrir nefnda merkjalínu.

Seljateigshjáleiga á land frá nefndri merkjalínu og inn að Geithúsaá að vestan.

Samkomulag varð um það með landeigendum og ábúendum að land fyrir vestan Geithúsaá en neðan Grænafeils skuli vera sameiginlegt beitoland fyrir báðar þessar jarðir með þeirri undantekningu þó að Kinnarbaliinn skiftist þannig milli jarðanna: Seljateigshjáleiga haldi þeim bletti sem nú er inngirtur á Kinnarbala og auk þess fylgi Seltjarnarhjáleigu móarnir austan girðingarinnar beina línu að Geithúsaá.

Gegn þeim hluta, sem Seljateigur á í þessum inngirta Kinnarbala, fær Seljateigur áður á minnst bakkahorn vestan merkjalínu jarðanna.

Seljateigur á land ofan vegar og vestan þeirrar girðingar, sem nú er á Kinnabala, og vestur að Puntbalalæk.

Kinnin sjálf skal óskift land.

Komi það fyrir að oskað verði eftir landi til ræktunar, leigu eða afnota í óskiftu landi jarðanna, þarf samþykki beggja jarðeigenda til þess að teljast gilt.

Svonefndur Þrætuhólmi, suður á Nesi, skal vera sameiginlegt beitoland beggja jarðanna og kemur ekki til skifta.

Oddur Bjarnason

Sigurjón Gíslason

Guðmundur Einarsson.

Fyrir hönd Útibús Landsbankans

Ragnar O. Tryggvason

Jóhann Björnsson ábúandi í Seljateigi.

Jónas Eyjólfsson Seljateigshjáleigu.



Landskipti
jarðarinnar Hlíðaren[d]a Breiðdalshreppi.

Ár 1939 laugardagurinn 23. september voru úttektarmenn Breiðdalshrepps Páll Guðmundsson og Guðmundur Árnason ásamt oddamanni Jóni Björgólfssyni, samkvæmt skipun frá sýslumanni Suður-Múlasýslu staddur á Hlíðarenda, til að skipta túni og engjum þeirrar jarðar til helminga milli eigenda hennar Sigurbjargar Erlendsdóttur og Ragnars Björgvinssonar, bæði búandi þar.

Mættir voru við skiptin af landeigenda hálfu Ragnar Björgvinsson og fyrir hönd Sigurbjargar, Gísli Björgvinsson.

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus og þinglesin á manntalsþingi í Breiðdalshreppi ár 1884.

Túni jarðarinnar var skipt þannig:

Ragnar Björgvinsson, hlaut ytri hluta túnsins, takmarkast hann af Bjarkarlæk að innan, ofan frá túngirðingu, niður að heimveg, ræður svo heimvegur út þar til fyrir verður hæll í neðri kanti hans, þaðan liggja svo merkin beina leið, eftir hælum, niður í túngirðingu, Sigurbjörg hlaut hitt stikkið fyrir innan greind takmörk. Einnig kom í hennar hlut, sem ræktanlegt land svokallaður Mýrbotn, utan túngirðingar. Takmarkast hann að neðan af kvísl sem rennur frá suðurhorni túngirðingar út hjá Svartabakka, þaðan eftir melaöldum upp undir reiðgötur, þaðan inn með reiðgötunni inn með túngirðingu. Þó skal undanskilin nægileg breidd fyrir heimveg upp, utan við túngirðingu. Þar á móti kom í hlut Ragnars ræktanlegt stikki innst og neðst í túngirðingunni. Takmarkast það af túngirðingunni að neðan og innan, upp að reiðgötum sem liggja úr hlaði inn í hlið, að utan ræður grafningur meðfram eldri túngirðingu niður þar til Bæjarlækur fellur í hann og lækurinn svo niður í girðingu.

Þessu þannig skipt vegna sáðreits.

Engjamörk eru ákveðin þannig:

Bæjarlækur frá túngirðingu upp í brún, neðan við ytra Vörðuhlíðarstikki. Þar er hlaðin varða, þaðan inn brúnina að vörðu, þaðan svo beina leið upp í Solveigargrjót. Hlaut Ragnar ytri hlutann, en Sigurbjörg hinn innri.

Sigurbjörg skal halda, til eignar, girtum bletti út hjá Gilsánni.

Nesið álítst bithagi þar til ábúendur kunna að taka það til ræktunar.

Viðhald túngirðingar annist ábúendur að jöfnu.

Aðrar landnytjar koma ekki til skipta.

Guðm. Árnason

Jón Björgvinsson.

Páll Guðmundsson

Ragnar Björgvinsson

fyrir hönd Sigurbjargar Erlendsdóttur, Gísli Björgvinsson.



Landskipti
milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu.

Ár 1942, þriðjudaginn 14. dag júlímánaðar vorum við undirritaðir úttektarmenn Sigurjón Gíslason bóndi að Bakkagerði og Oddur Bjarnason hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps ásamt búnaðarmálaráðunaut Eðvald B. Malmquist, sem með bréfi sýslumanns Suður-Múlasýslu dags. 1. júní 1942 skipaður formaður landskiptanefndar við skipti á landi milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu, mættir að Seljateigshjáleigu til þess þar og þá að framkvæma skipti lands milli nefndra jarða.

Við skiptin voru mættir: fyrir hönd Landsbankans Eskifirði og Útvegsbanka Íslands Seyðisfirði var mættur Benedikt Guttormsson bankastjóra á Eskifirði Ólafur og Garðar Jónassynir meðeigendur og ábúendur Seljateigshjáleigu og hluta úr Seljateigi, og ábúandi Seljateigs Jóhann L. Björnsson.

Formaður nefndarinnar lagði fram þessi skjöl:

1. Skipunarbréf frá sýslumanni dags. 1. júní 1942.
2. Bréf Benediktar Guttormssonar bankastjóra dags. 20/6 '42.
3. Bréf Stefáns Björnssonar prófests Suður-Múlasýsluumdæmis dags. 23/6 '42.
4. Bréf Garðars Jónassonar Seljateigshjáleigu dags. d.
5. Tillögur sama viðvikjandi skiptin.

Tekið var fyrst fyrir að lesa upp bréf Garðars Jónassonar Nr. 4.

Í sambandi við fyrsta lið þess bréfs lýsti bankastjóri Benedikt Guttormsson því yfir að landskipti þessi hefðu engin áhrif á lagalegan rjétt Seltjateigsábúanda um forkaupsrjétt í Seltjateigslandi eða hluta úr því, en þar sem, sá rjéttur heyrir til úrskurða dómstólanna ef til kemur, má ekki taka þessa yfirlýsingu sem álit hans um hverjir ábúenda hafi þann rjétt.

Frá 2. og 3. lið bréfsins fellur Garðar að svo stöddu.

Samþykkis framanskráðu:

Garðar Jónsson

Þá voru lesin upp bréf nr. 2, 3 og 5 og tekin til athugunar.

Í tilefni af bréfi prófast um skógarítak í landi jarðanna skal það tekið fram hjer, að verði landeigendur að kaupa skógarítakið ber eigendum beggja jarðanna að greiða sameiginlega andvirði ítaksins.

Landamerki á milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu og jarða þeirra er að þeim liggja eru ágreiningslaus og munu liggja skýrt fyrir í landamerkjabók.

Skifti á landi jarðanna eru þessi:

1. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna, og beint framhald af þeirri línu og suður að Seljateigi.



2. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru eða frá Njörfadalsá og 680 mtr. inn með Hálsinum þ.e. að læk sem rennur milli tveggja sáðgarða og ofan við túnin þaðan þvert yfir Seljateigsháls og framhaldandi upp Sellönd og skiftir þar löndum Miðsellanda lækur, innanvert við Þröskuldsmýri.
3. Seljateigsháleiga á land frá nefndum merkjum og inn að miðju mynni Geithúsaárgils að ofan. Efstu mörk miðast við línu frá Vatnslæk í Brúnir. Þaðan í Melshorn og beint framhald í Stuðlaá.
4. Seljateigur á land frá þessum mörkum, neðan Fagradalsvegur inn að Puntbalalæk, þaðan í næsta símastaur, austur Puntbala og framhaldandi beina línu í Stuðlaá.
5. Seljateigshjáleiga á land frá Puntbalalæk og þeim merkjum sem nefnd eru í 4. lið og inn að Skógarhöfðalæk (þ.e. læk austan við Skógarhöfða).
6. Seltjateigur á land frá Geithúsaá ofan Fagradalsbrautar og í vestur á móts við landamerki Seljateigshjál. og þaðan beina línu til fjalls innan við klettsendann eftir því sem girðingastæði þykir bezt á þessu svæði. Land fyrir innan nefndar merkjalínur skal sameiginlegt nytjaland beggja jarðanna.

Merkjavörður skal setja eftir þessum mörkum.

Landskiftum var þar með lokið.

Reyðarfirði 14. júlí 1942.

E.B. Malmquist

Oddur Bjarnason

f.h. Benedikts Guttormssonar, Sigurjón Gíslason

Jóhann Björnsson (e.u.) Garðar Jónsson.



Landamerki
milli Eyja og Lágafells.

Ár 1943, laugardaginn 26. júní vorum við undirritaðir: Stefán Stefánsson tilnefndir af Hirti Einarssyni og Sigurður Jónsson tilnefndur af Einari B. Björnssyni, ásamt hreppstjóra Breiðdalshrepps staddir að Eyjum og Lágafelli hér í hreppi, til þess að skifta Eyjalandi samkvæmt beiðni eigenda.

Nýbýlið Lágafell er byggt úr Eyjalandi og skal skifta því 1/3 – einum þriðja – hluta af landi Eyja, sem nú er eign Hjartar Einarssonar bónda á Lágafelli.

Við skiftin voru eigendur og ábúendur greindra jarða: Einar B. Björnsson Eyjum og Hjörtur Einarsson Lágafelli.

Landskiftalög nr. 46-1941 voru athuguð og landamerki sett svo bein sem unt var en algert samkomulagi hverrar jarðar fyrir sig var ekki unt að fá.

Landamerki við næstu jarðir eru ágreiningslaus, og þinglesin á manntalsþingi á Breiðdalsvík árið ...

Landamerki milli Eyja og Lágafells voru ákveðin þannig:

- I. Eyja á upp að þjóðvegi, þaðan þjóðvegur út að vörðu, sem sett verður í Ytra Torfugil og Breiðdalsá.
- II. Úr Skálakýlsós úr Breiðdalsá bein lína í ytra Borgargil, en ræður upp á brún, þaðan Lágheiðarhryggur í Vatnsháls og þaðan í Klukkutind. Lágafell á frá þessari línu og út að landamerkjum milli Óss og Eyja. Eyjar eiga stykki niður að Breiðdalsá og að þjóðvegi milli nefndra merkja.

Skálakýlsós – Borgargil.

Ytri Torfugil – varða við þjóðveg. Eyjaland ræður því þá merkjum Skjöldólfsstaða út að Eyjaá neðan þjóðvegur, en ofan þjóðvegur út að Ytra Borgargili og Lágheiðarhrygg. m.m. Svo og fyrgreint stykki neðan þjóðvegur.

Skifti þessi ná til túns, engja og beitolands.

Skiftingu húsa hafa eigendur komið sér saman um, og er það afgert mál.

Fleira kom ekki til athugunar og skiftum lokið.

Breiðdalshreppi 26/6 1943.

Páll Guðmundsson

Sigurður Jónsson

Stefán Stefánsson.

Einar B. Björnsson.

Hjörtur

Einarsson.



Landsskiftagjörð
milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu

Ár 1944, fimmtudaginn 21. sept. komu undirritaðir saman að Búðareyri við Reyðarfjörð í tilefni af yfirmati á landskiftum milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfjarðarhreppi.

Landskifti þessi höfðu til að byrja með farið fyrir röskum tveim árum síðan eða 14. júlí 1942, og framkvæmd af úttektarmönnum Reyðarfjarðarhrepps undir forustu ráðunauts Búnaðarsambands Austurlands, og vísast til hennar í Landskiftabók.

Einn af eigendum Seljateigshjáleigu tjáði sig óánægðan með skiftagerð þessa og áfrýjaði henni með bréfi d.s. 11. des. 1942.

Frekari aðgerðir í þessu máli höfðu svo legið niðri um hríð, þar til sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu með bréfi d.s. 15. sept. þ.á. skipaði sem formann yfirlandskiftanefndar Þórhall Jónasson hreppstjóra á Breiðavaði ásamt þessum dómkvöddu mönnum: Birni Sveinssyni oddvita Eyvindará, Davíð Árnasyni útvarpsstöðvarstjóra Eiðum, Jóhanni P. Jóhannssyni bónda Finnsstöðum og Þórhalli Helgasyni bónda á Ormsstöðum til að gera yfirmat á áminnt landskifti milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu og haga því samkvæmt landskiftalögum nr. 46. 27. júní 1941.

Þessi skjöl voru til afnota fyrir nefndina:

1. Skipunarbréf sýslumanns d.s. 15. sept. áður getið.
2. Afrit af afryjunarbréfi Ólafs bónda Jónssonar í Seljateigshjáleigu d.s. 11. des. 1942.
3. Útskrift af landamerkjalyýsingu við nágannajarðir.
4. Tvö bréf Benediktar Guttormssonar bankastjóra á Eskifirði, annað d.s. 20. júní 1942 og hitt 20. sept. þ.á.
5. Afrit af bréfi prófests Stefáns Björnssonar á Eskifirði d.s. 23. júní 1942.
6. Landskiftalög nr. 46. 27. júní 1941.
7. Landskiftabók fyrir Suður-Múlasýslu löggilt 18. ág. 1938.

Nefndin athugaði skjöl þessi, og aflaði sér frekari upplýsinga. Fór um land jarðanna og hafði til hliðsjónar uppdrátt herforingjaráðsins 1-100.000, blað 104 (Fljótsdalshérað) og 114 (Gerpir). Ennfremur kynnti nefndin sér afstöðu eigendanna eftir föngum.

Þetta skal tekið fram sem forsendur að niðurstöðum.

1. Árið 1861 er Seljateigur metinn á 6 hundruð og Seljateigshjáleiga á 4 hundruð. Samkvæmt síðari mati mun Seljateigur hafa verið metin á 10 hundruð og 19 álnir á landsvísu, en Seljateigshjáleiga á 6 hundruð 96 álnir. Úr jörðinni Seljateigi eru bændur Seljateigshjáleigu taldir eiga 224 álnir samkvæmt þessu mati þ.e. fullan 1/6 hluta hennar, sem hefur verið skift ur túni Seljateigs og sameinað túni Seljateigshjáleigu. Hér er þá um að ræða skifti milli Seljateigshjáleigu og 1/6 hluta Seljateigs annarsvegar og 5/6 hluti Seljateigs hins vegar (sbr. Jarðarmati 1861) þá verða hlutföllin sem skifta ber eftir þessi: Seljateigur 6 hundruð – 1 hundrað = 5 hundr. Seljateigshjáleiga 4 hundruð + 1 hundrað = 5 hundruð. Þ.e. 1 á móti 1 = jöfn skifti.



2. Landskiftalög kveða svo á, að skifti miðist sem mest við nytjaland, þ.e. tún, engi og gróið beitiland. Beinar merkjalínur eftir því sem við verður komið, og sem mest samhengi í hverri landeign.
3. Tún jarðanna eru samliggjandi og merkin milli þeirra ágreiningslaus enda þótt þau séu krókótt – og að því er virðist mjög óhentug, því má alltaf kyppa í lag með frjálsu samkomulagi eða einfaldri mælingu.
4. Stæði bæjanna er þannig, að skifti á landinu frá Njörfadalsá að Geithúsaár marka sig að mestu sjálf vegna legu og líkra landsgæða eftir hlutföllum. Þó fær Seljateigshjáleiga meira skógland, en Seljateigur nokkru minna land sem bæta verður upp með landi innan Geithúsaár. Hins vegar eru eðlilegir möguleikar á að land Seljateigshjáleigu verði samfellt.
5. Landamerki við nágrannajarðir eru ágreiningslaus, og liggja skýrt fyrir í Landamerkjabók.

Niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

- A. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna og beint framhald af þeirri línu suður að Sléttulandi.
- B. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru, eða Njörfadalsá, og 680 metra inn með hálsinum þ.e.a. læk sem rennur milli tveggja sáðgarða ofan við túnin þaðan þvert yfir Seljateigsháls, og framhaldandi upp Sellönd, skiftir þar löndum Miðsellandslækur innan vert við Þröskuldsmýri.
- C. Seljateigshjáleiga á land frá nefndum merkjum, að efstu mörkum er miðist við línu um Brúnir, Vatnslæk, suður með gili Geithúsaár að mynni þess. Þaðan sem stytst er að Fagradalsvegi, sunnan hans, að merkjasteini sem er 2 ½ metir frá rennu Puntbalalækjar. Verða þá merkin að vestan úr áður nefndum steini við Puntbalalæk, um símastaur í melnum utan við Puntbalann. Þaðan í jarðfastan stein á slétta mónum austan við Puntbalann og sjónhending í Stuðlaá (bein lína).
- D. Seljateigur á land vestan Geithúsaár ofan Fagradalsvegar, og ræður vestur lína skógargirðingarinnar landamerkjum þar. Sunnan Fagradalsvegar á Seljateigur land frá nefndum mörkum Seljateigshjáleigu, austan Puntbala að rennu Fagradalsvegi, sem er upp af vesturenda Skógarhöfða og sjónhending í foss sem ber yfir Stuðlabæ.
- E. Vestan og ofan framanskráðra merkja er sameiginlegt óskift beitiland.

Seljateigur svari til ítaks Hólmakirkju í skógarteig þeim sem áður er nefndur og girtur var s.l. sumar.

Mannvirki öll eru eign viðkomandi lands s.br. framangreind landskifti.

Á vesturlínu Seljateigshjáleigulands, sunnan Faagradalsvegar eru merki, á þrem stöðum, með ljósri málningu.

Á vesturlínu Seljateigslands er merki með eins málningu á rennu í Fagradalsvegi.

Eigendur jarðanna setji upp varanlegri merki samkv. 15. gr. Landskiftalaganna.

Af sérstökum ástæðum var ekki hægt að ljúka matsgerð þessari fyr en í dag þann 6. júní 1945.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Formanni matsnefndar er falið að gefa reikning um kostnað er leiðir af matsgerð þessari:
st. Reyðarfirði 6. júní 1945.

Þórhallur Jónasson

Davíð Árnason

Þórhallur Helgason

Jóhann P. Jóhannsson

Björn Sveinsson.

Sjá V:255.



Landskiftagjörð
milli jarðanna Fells og Eydala í Breiðdalshreppi.

Ár 1946, 4. dag aprilmánaðar, voru úttektarmenn Breiðdalshrepps: Páll Guðmundsson Gilsárstekk og Björgvin Magnússon Skriðu, ásamt skipuðum oddamanni: Jóni Björgólfss. Þorvaldsstöðum, staddir að Felli, til að skifta landi Fells úr Eydalatorfunni, að fyrirlagi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins mætti við skiftin sr. Robert Jack, ábúandi Eydala.

Ennfremur mætti Stefán Guðmundsson ábúandi Fells.

Við skiftin voru þessi skjöl til afnota:

1. Bréf doms- og kirkjumálaráðuneytisins til hreppstjóra Breiðdalshrepps dagsett 7. febr. s.l.
2. Skipunarbréf Jóns Björgólfssonar dags. 15/3 s.l.
3. Bréf frá ábúanda Fells til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 16. marz 1942.
4. Byggingarbréf útgefið 7. júní 1901 af séra Þ. Þórarinssyni til handa Guðm. Arasyni með áritun sr. P. Þorsteinssonar dags. 1. maí 1918 til handa Stefáni Guðmundssyni fyrir ½ jörðinni.
5. Jarðmatsbók frá 1861.
6. Jarðmatsbók frá 1922.
7. Landamerkjabréf Eydala dags. 29. apríl 1884.
8. Landskiftalög nr. 46. 27. júní 1941.
9. Landskiftabók Suður-Múlasýslu.

Eftir að hafa athugað landið, rætt málið við ábúendur umræddra jarða, athugað fyrnefnd skjöl, ákveðast landamerki Fells, sem hér greinir.

- I. Að innan, milli Fells og Eydala, utan línu, sem hugsast dregin úr Gunnarsskarði um svonefnd Hjónagöng í Langhömrum þaðan beina línu í Djáknagilsá, utan við Djáknagil, þaðan niður Þverhamarskjól, þar til vörður vera saman er hlíða skal:

Ein 50 metra neðan við hala Guðrúnarhrauns og önnur út og suður við Kvísl, niður af innri enda Smárabrekku, og skal ein hliðin í beinni línu þar á milli, til frekari glöggvunar þessir staðir: Við hala Guðrúnarhrauns og kvíslina, voru merktir með hælum í viðurvist ábúenda beggja.

Frá vörðunni við kvíslina ræður svo bein lína út að Leiru – sem taka skal á Hafnarey, þar sem hún ber best hæst, og kofinn stendur nú.

Að utan, milli Fells annarsvegar, og Ormsstaða og Þverhamars hinsvegar, eru merki óbreytt þannig: Skógará, frá upptökum þar til hún fellur í Fellsá (Kattmúsará), síðan ræður hún Leiru, og Leira síðan að fyrmældri línu.

Formanni matsnefndar falið að senda reikning vegna kostnaðar við matsgerð þessa. Breiðdalshreppi. Felli 4/4 1946.

Jón Björgólfsson

Björgvin Magnússon

Páll Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Robert Jack.



Landskiftagerð milli Dísastaða og Dísastaðasels. Breiðdalshr.

Árið 1946, 2. dag ágústmánaðar, var hreppstjóri Breiðdalshrepps, Páll Guðmundsson ásamt Sigurpáli Þorsteinssyni Hóli f.h. dómsmálaráðuneytisins, Halldóri P. Jónssyni Ásunnarstöðum f.h. eiganda Dísastaða Magnusar Þórarinssonar og Jóni Björgólfssyni Þorvaldsstöðum, f.h. eiganda Dísastaðasels, þeirra Helgu B. Jónsd. og Arnabj. Jónssonar, staddir að Hóli til að skifta landi Dísastaðasels útúr Dísastaðatorfunni. Einnig óskaði eigandi Dísastaða að sínu landi væri skift útúr torfunni jafnframt.

Skifti þessi voru hugsuð samkvæmt 16. gr. landskiftalaganna, þ.e. frjáls skifti eftir samkomulagi.

Við skiftin voru þessi skjöl til afnota:

- I. Símskeyti dómsmálaráðuneytisins til Sigurpáls Þorsteinssonar að mæta f.h. ríkisins.
- II. Umboð til Halldórs P. Jónssonar frá eiganda Dísastaða.
- III. Umboð til Jóns Björgólfssonar frá eiganda Dísastaðasels.
- IV. Jarðamatabók frá 1861.
- V. Jarðamatabók frá 1922.
- VI. Landamerkjabref Dísastaða dags. 20/6 1884.
- VII. Landskiftalög nr. 46. 27. júní 1941.
- VIII. Landskiftabók Suður-Múlasýslu.

Þess ber að gæta að í jarðamatabókum sjast ekki rétt eignahlutföll, en samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanni Suður Múlasýslu er hlutföllin þessi.

Hóll $\frac{1}{2}$ Dísastaðir $\frac{1}{4}$ Dísastaðasel, en að fornu mati væru Dísastaðir allir 20 hundr. Landamerki við nærliggjandi jarðir eru ágreiningslaus.

Þar sem engin breyting er hugsuð á skiftum á tünum og engjum, frá því, sem hefðbundið er orðið, þá er aðeins um að ræða að setja beinar línur milli í sameiginlegum bithaga, enda verða tún og engi hvers býlis innan þeirra lína. Eftir að matsmenn höfðu farið um landið, athugað það, rætt málið, voru eftirgreind merki ákveðin.

- I. Milli Hóls og Dísastaðasels:

Frá vörðu, sem hlaðin var utan við efri Skollagilsenda sjónhending að annari vörðu er sett var innan við lækinn, sem fellur niður gamla bæjartúnið á Dísastaðaseli, þaðan bein lína í neðri enda ytra Nóngils, síðan Nóngil uppa Miðhjallabrún þaðan ræður klettabrún neðan Miðhjalla hring Fellsenda að merkjum Hóls og Ásunnarstaða.

- II. Milli Dísastaða og Dísastaðasels.

Frá fyrst nefndri vörðu við efri enda Skollagils niður á skollahlíðarbrún, sem síðan ræður, að mörkum Kleifar og Dísastaða, og skal hlaða þar vörðu.

- III. Milli Dísastaðasels og Kleifar:

Frá síðastnefndri vörðu, gamla merkjalínan í lækjarós, utan við Sandeyri og Skógarhól.

- IV. Milli Dísastaðasels og Hlíðarenda.

Norðurdalsá, frá nefndum lækjarós, inn þar til kemur á móts við Skarðsáraur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

V. Milli Dísastaðasels og Tóarsels:

Frá Norðurdalsa, vörður, Skarðsáraur og Skarða að vatnsupptökum á Jórvíkurskarði, og síðan norðurbrún eftir því sem vötnum hallar, og vörður suður yfir Fellið á suðurbrún, milli Dísastaðasels og Ásunnarstaða.

Þá voru tekin fyrir landskifti Dísastaða:

Milli Hóls og Dísastaða: Bein lína úr Suðurdalsá milli túnanna uppí gilið, þaðan bein lína uppá Sjónarhraun, þar sem það ber hæst, þaðan lína í Haahraun, og í vörðu sem hlaðin var út og suður af axlartóftum, og áfram í aðra vörðu, sem hlaðin var austur af nefndum tóftum, og síðan að vörðunni við efri enda Skollagils.

Engjamörk haldast að öllu leyti. Að öðru leyti er merkin, eins og segir í II kafla milli Dísastaða og Dísastaðasels, og í samræmi við landamerkjabréf dags. 20. júní 1884, gagnvart Kleifarlandi og öðrum nærliggjandi löndum.

Skiftagjörð lokið

Páll Guðmundsson.

F.h. dómsmálaráðuneytisins. Sigurpáll Þorsteinsson e.u.

F.h. eiganda Dísastaða: Halldór P. Jónsson. e.u.

F.h. eiganda Dísastaðasels. Jón Björgólfsson. e.u.



Landskiftagjörð

jörðin Eyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi skift milli ábúenda.

Ár 1951 mánudaginn 28. maí, var prófasturinn í Suður-Múlasýsluprófastsdæmi, séra Haraldur Jónsson á Kolfreyjustað, staddur á Eyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi ásamt Valgeiri Einarssyni bónda á Höfðahúsum og Ragnari Björgvinssyni bónda í Víkurgerði, til þess að skifta landi milli ábúendanna á Eyri Karls Indriðasonar og Jóns Úlfarssonar, samkvæmt bréfi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dagsettu 19. maí 1951 og simskeyti dagsettu 26. maí 1951.

Samkomulag varð milli ábúanda um það, að skifta túni eins og verið hefir, og er ábúendunum leyfilegt að inngirða með lögmætri girðingu hver sinn hluta.

Vegastæðið var ákveðið milli túngirðingar og Innri-Eyrarár, frá þjóðveginum og upp með ánni.

Engjar tilheyrandi ábúð Karls Indriðasonar séu fyrir austan línu, sem hugsast dregin frá merktum kollóttum steini í Mosfelli, en engjar tilheyrandi ábúð Jóns Úlfarssonar séu fyrir vestan áðurgreinda línu.

Hagagirðing Karls Indriðasonar sé sú sama og hann hefir nú inngirt.

Hagagirðing Jóns Úlfssonar sé frá Hagahorni í beina línu á Mosfell, að merktum kollóttum steini. Þaðan beina línu neðan við vað á Stekkjalæk. Þaðan að neðri hliðarstaur á austurhlið á hagagirðingu Karls Indriðasonar.

Karl Indriðason hafi vetrararbeit fyrir austan línu, sem hugsast dregin frá merktum kollóttum steini í Mosfell en Jón Úlfarsson fyrir vestan Innri-Eyrará. Stykkið þar á milli, sem ógirt á að vera, að öðru leyti en að framan greinir, sé sameiginleg vetrararbeit.

Skiftagjörðinni var lokið sama dag og ár og að framan greinir.

Jón Karl Úlfsson.

Karl Indriðason.

Haraldur Jónasson.

Ragnar Björgvinsson

Valgeir Einarsson.



Skiftagjörð

á landi Dala í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Ár 1951, laugardaginn 7. júlí, var prófasturinn í Suður-Múlaprófastsdæmi séra Haraldur Jónasson á Kolfreyjustað, staddur í Dölum í Fáskrúðsfjarðarhreppi ásamt Gunnari Pálssyni hreppstjóra í Tungu og Guðmundi Þorgrímssyni bónda á Brimnesi, til þess að skipta landi milli ábúendanna í Dölum, Sigmars Magnússonar og Steins Steinssonar, samkvæmt bréfi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dagsettu 20. júní 1951.

Með því að ekki vannst tími til á þessum degi, að ljúka skiptum, var þeim frestað um óákveðin tíma.

Ár 1951 laugardaginn 14. júní, var skiptagjörðinni haldið áfram af fyrrgreindum mönnum og voru ábúendur viðstaddir.

Ábuendurnir fallast á, að tún jarðarinnar skiptist þannig:

Ábúð Sigmars Magnússonar fylgir:

1. Tún norðan götu, sem liggur frá austri til vesturs í gegn um túnið, allt að suðvesturhorni á grunni hins gamla íbúðarhúss. Að austan takmarkast túnið af beinni línu, sem hugsast dregin frá suðvesturhorni hins gamla íbúðarhúss í flatan stóran stein sunnan Dalsár. Að öðru leyti takmarkast það af Dalsá og gaddavírgirðingu.
2. Hinn hluti túnsins fylgir ábúð Steins Steinssonar.

Ábúendum er heimilt að girða hver sinn hluta túnsins með lögmætri girðingu.

Heimilt er að útihús þau, er fylgja ábúð Steins Steinssonar, standi í bæjarþorpinu í 15 ár, og skal hann hafa aðgang að þeim um veg frá gamla íbúðarhúsið standi á lóð bæjarþorpsins þangað til það verður fellt. Flutning húsanna ber eiganda að kosta.

- I. Ræktanlegt land tilheyrir ábúð Sigmars Magnússonar takmarkast af Dalsá að sunnan, Þverá að vestan, fjallsrótum að norðan að vörðu; að austan bein lína frá vörðunni í norðvesturhorn nýræktargirðingar hans. Þá tekur nýræktargirðing við að norðan og austan og vesturhlið túngirðingarinnar.
- II. Ræktanlegt land tilheyrir ábúð Steins Steinssonar takmarkast að vestan af túngirðingu, að norðan af akvegi, að austan Hrossadalsá og sunnan Dalsá. Ennfremur takmarkast það að austan af línu sem hugsast dregin frá Traðarhöfða þverbeint niður á veginn til Stuðlaheiðar. Þá ræður austur- og norðurhlið nýræktargirðingar Sigmars Magnússonar. Þá lína frá norðvesturhorni teðrar nýræktargirðingar í vörðu við fjallsrætur.

Ábúendunum er heimilt að umgirða hver sinn hluta af ræktanlegu landi eða hlura af því. – Engjar tilheyrandi ábúð Sigmars Magnússonar skulu vera fyrir norðan línur, sem hugsast dregnar frá stórum steini austan við Hrutarnes að stórum steini efst á Engjahól og þaðan að Ytri-Réttarlæk norðan línu, sem hugsast dregin frá stórum steini efst á Engjahól í stefnu á stóran stein norðan til á Þverarholtinu. Hinn hluti engjanna tilheyrir ábúð Steins Steinssonar.

Sumar- og vetrararbeit skal vera sameiginleg fyrir bæði býlin.

Dölum, 14. júlí 1951.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Haraldur Jónasson

Gunnar Pálsson

Guðmundur Þorgrímsson.



Landamerkjasamningur:

Við undirrituð höfum komið okkur saman um að þessi skulu vera landamerki milli Borgar og Birkihlíðar.

Niður við Múlá skiptir Árnatóftarlækur síðan eftir melbrún upp að túnhliði á vegi og þaðan bein lína upp fyrir utan Háamel og Þrívörðumel í röð utan við Fannabotn og upp á brún.

Þar sem land Birkihlíðar stækkar falla niður beitarréttindi í Borgarlandi í áður útgefnu kaupbréfi.

Borg 23. júní 1963.

Björn Bjarnason (sign.)

Kristín Árnadóttir (sign.)

Ragnar Bjarnason (sign.)



Landamerkjasamningur:

Við undirrituð höfum komið okkur saman um að þessi skulu vera landamerki Hjarðarhlíðar.

Að framan skiptir Þverá landi milli Hjarðarhlíðar og Stefánsstaða, en að utan skurður utan við túnið í Hjarðarhlíð og úr honum bein lína upp í gegnum miðja Hrútabotna upp á brún.

Borg 23. júní 1963.

Bergþór Bjarnason (sign.)

Kristín Árnadóttir (sign.)

Ragnar Bjarnason (sign.)



Landamerkjalyásing eyðibýlisins Borga:

Að austan á merkjum Hólma og Borga ræður lína, sem hugsast dregin frá stórstraumsfjöruborði um stóran stein neðan gamla vegarins og beint til fjalls. Steinn þessi er gegnt íbúðarhúsinu Skuld í Eskifjarðarkauptúni. Í steininn er höggvinn stafurinn A.

Merki Borga gagnvart jörðinni Eskifirði eru þessi:

Um stóran stein í Borgarkróksfjöru merktan stafnum A og beina línu inneftir, þar sem nú er landamerkjagirðing um tvo steina merka I og G og inn í Langabarðslæk.

Gagnvart Bygðarholti ræður Langabarðslækur frá hornstaur að neðan og upp undir túngirðingu. Síðan ræður lína úr enda Grafningsins beina stefnu í grænt dý í Borgarskriðum og síðan sjónhending frá dýinu í Borgaskriðugil.

Ofangreindum landamerkjum halda eigendur við.

Eskifirði, hinn 12. marz 1968

Eigandi Bygðarholts

Ólafur Pálsson.

Eigandi Eskifjarðar

Bergur Björgólfsson.

F.h. eigenda Borga

Sigurjón Ólafsson sveitarstjóri.

Umboðsmaður ríkisjarða í S-Múlasýslu

Valtýr Guðmundsson.



Ár 1968, þriðjudaginn 3. desember var sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu staddur í Fáskrúðsfirði til þess að meðal annars að athuga og ganga á landamerki eyðibýlisins Kirkjubóls og Gestsstaða í Fáskrúðsfirði, en ágreiningur virtist vera um það, hvar merkin væru.

Samkvæmt landamerkjalytingu, dagsettri hinn 15. júní 1885 og lögfestu frá 15. maí 1834, þinglýstri hinn 27. maí 1884, eru landamerkin úr Hoffellsgjá í Höfðarúfu. Vafi lék aðeins á því, hvar umrædd Höfðarúfa væri.

Uppi á Höfðanum er þúfa eða gömul varða, auðsjáanlega gerð af mannahöndum. Samkvæmt samhjóða álitum þeirra Einars Sigurðssonar í Odda og Guðmundar Þorgrímssonar í Brimnesi, sem báðir eru komnir yfir sjötugt, en voru nákunnugir þessum merkjum á yngri árum, voru mörkin ákveðin beina stefnu úr Hoffellsgjá niður í umrædda þúfu (Höfðarúfu) og þaðan beina stefnu í merkjalínu Tungu og Kirkjubóls.

Landeigendur skuldbinda sig til að steinsteypa verulegan landamerkjastein á oft umræddri þúfu á vori komanda.

Fáskrúðsfirði hinn 3.12. 1968

Ábúendur Gestsstaða.

Jónas Einarsson, Sigmundur Eiríksson

Sveitastjóri Búðahrepps

Jón Guðmundsson.

Valtýr Guðmundsson



Undirritaðir aðilar, Sigfús Þorsteinsson, Skálateigi II, og Karl Marteinnsson, Skálæigi I, gerum með okkur svofelldan

samning:

1. gr.

Hornskák sú, er liggur milli Bæjarlæks úr Svartafossi og ónefnds lækjar þar austan við, og nýtt hefir verið undanfarið af Sigfúsi skal héðan í frá verða óskift eign hans, þannig að landamerki fylgi girðingu við núverandi farveg hins síðarnefnda læks. Að öðru leyti gildi þau mörk sem verið hafa.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að land það, sem tilheyrir Skálateigsbæjunum, og er norðan núverandi girðinga, sé óskift sameign allra bæjanna.

3. gr.

Að öðru leyti skulu þau mörk, sem gilt hafa milli bæjanna I og II, haldast óbreytt hvort sem girt hefir verið á mörkum eða ekki.

4. gr.

Aðilar hafa æf umferðarrétt um land hvors annars sem hér segir.

Karl hefir einn umferðarrétt um brú á Bæjarlæk til vesturs frá Skálateigi I. Þaðan hefir Karl umferðarrétt eftir núverandi vegi að landi sínu á Krummaþúfu. Óski Karl eftir er honum heimilt að leggja nýjan veg um land Sigfúsar norðan við bæjarhús Sigfúsar og norðar en núverandi vegur liggur, sem næst í beinni línu milli hliða við Bæjarlæk og Krummaþúfu.

Sigfús hefir umferðarrétt af landi sínu umhverfis bæjarhús Skálateigs II á vegi í landi Karls á Krummaþúfu og yfir brú á Hrossagilslæk. Síðan eins og slóð nú liggur með skurðum að brú á landamerkjaskurði vestan lands Karls.

5. gr.

Vegur skal vera 8 m. breiður innan girðinga, þó þannig, að breidd vegar telst vera frá miðjum skurði þar sem vegur liggur á skurðbakka.

Hvor aðila um sig kosti og annist viðhald vega á landi hins. Þó skal Karl einn annast viðhald brúa yfir bæjarlækinn og Hrossagilslæk, en Sigfús einn annast brú yfir merkjaskurðinn.

6. gr.

Hvor aðila girði veg á sínu landi og annist viðhald þeirra girðinga. Girðingar þessar skulu vera löggirðingar. Gripheldir skurðir við veg jafngilda girðingum í þessu tilliti.

Hvor aðila um sig á rétt til að setja hlið á vegagirðingar í landi sínu þar sem umferðarnauðsyn krefst.

Girðingar með vegum skv. ofanrituðu skulu fullgerðar fyrir 1. júlí 1973.



7. gr.

Óheimilt er aðilum að krækja í eða tengja sínar girðingar við girðingar hins um land sitt án samráðs og samþykkis.

Valdi annar aðila tjóni á girðingum eða mannvirkjum hins, skal sá er tjóni veldur bæta það eftir almennum skaðabótareglum.

8. gr.

Kartöflugeymsla ofan bæjarhúsa að Skálateigi I skal vera kvaðalaus eign Karls.

9. gr.

Aðilar skulu halda búpeningi sínum til haga á þann veg, að tryggt sé, að ekki valdi ágangi á landi hins.

10. gr.

Með samningi þessum eru öll samskipti aðila vegna Skálateigt I og II að fullu útkljáð og uppgerð og á hvorugur aðili kröfu á hinn.

11. gr.

Samningi þessum skal þinglýst þegar í stað og fær hvor aðili eitt eintak af honum.

Skálateigi 29. júlí 1972.

Karl Marteinsson

Dagmar Óskarsdóttir

Óskar Karlsson

Sigfús Þorsteinsson

Einar Sigfússon

Vottar:

Einar Árnason

Ragnar Aðalsteinsson.

Móttekið hinn: 31/7 1972 kl. 10:00 til innheftingar í afsals og veðmálabók L.t.r. 00. Nr. 989 og þinglýsingar á næsta manntalsþingi að (Norðfirði) Skorrastað

D.u.s.

Gísli Einarsson

fr.

L.S.

Gjald kr. 50.-

stimpilgj. _____

kr. 50.-

G.E.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Undirritaðir aðilar, Sigfús Þorsteinsson, Skálateigi II eð eigandi að 3,5 hundruðum jarðarinnar Hólar í Norðfjarðarhreppi og Karl Marteinnsson, Skálateigu I, eigandi að 2,0 hundruðum sömu jarðar, gerum með okkur svofelldan

samning

1. gr.

Eignarhluti Karls Marteinnssonar í jörðinni Hólum Norðfjarðarhreppi afmarkast þannig að vestan: Bein lína úr landamerkjavörðu í girðingunni fyrir innan og ofan gömlu bæjarrústirnar í landamerkjastein, sem steypur var eftir mælingu, sem gerð var 13. sept. 1967, en steinninn stendur við suðurgirðingu um það bil 7 m. austan eystri hliðstólpa utan innri Beljandalækja. Lína þessi liggur til fjallseggja í norður og í beina stefnu í Miðteigsgjá til suðurs.

Að austan skulu mörkin vera samsíða 300 m. austan við fyrnefnda línu og markast þar af steinum þeim, er steypfir voru eftir fyrnefnda mælingu 13. sept. 1967, svo og girðingu á þeirri línu um það bil 10 m. austan við húsið. Eftir línu þessari liggja mörkin til norðurs til fjallseggja, en til suðurs að Norðfjarðará.

2. gr.

Eignarhluti Sigfúsar Þorsteinssonar er allt land til Hóla norðan Norðfjarðarár, austan við land Karls skv. síðastgreindri landamerkjalinu.

3. gr.

Allt land Sigfúsar og Karls sunnan Norðfjarðarár skal vera sameiginlegt og óskipt nýtjaland þeirra í réttum eignarhlutföllum.

4. gr.

Karli skal skylt að leggja til land undir skurð sín megin girðingar meðfram mörkum lands hans og Sigfúsar. Karl skal grafa skurð þennan á sinn kostnað strax og skurðgrafa fæst í Norðfjarðarhrepp.

Fyrir nefnd merkjagirðing er eign Karls og er honum skylt að halda henni við á sinn kostnað.

5. gr.

Hlaða sú, sem er í landi Sigfúsar en eign Karls, skal verða kvaðalaus eign Sigfúsar við undirritun sammings þessa enda greiði hann þá kr. 10.000.- fyrir hana.

6. gr.

Með samningi þessum eru öll samskipti aðila vegna Hóla að fullu útkljáð og uppgerð og á hvorugur aðila kröfu á hinn.

7. gr.

Samningi þessum skal þinglýst þegar í stað og fær hvor aðili eitt eintak af honum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skálateigi 29/7 1972.

Karl Marteinnsson

Dagmar Óskarsdóttir

Óskar Karlsson

Sigfús Þorsteinsson

Einar Sigfússon

Samþykki ofanritað fyrir mitt leyti, sem einn eigenda Hóla.

D.u.s.

Ormur Sveinsson, Sigurður Sveinsson.

Vottar:

Einar Árnason

Ragnar Aðalsteinsson

Mótttekið hinn 31/7 1972 kl. 10.00 til innheftingar í afsals og veðmálabók l.tr. 00 988 og þinglýsingar á næsta manntalsþingi að (Norðfirði) Skorrastað.

D.u.s.

Gísli Einarsson.

fr.

L.S.

Gjald kr. 50.-

stimpilgj. _____

kr. 50.-

G.E.



Ár 1978 föstudaginn 29. september var sýslumaður Suður Múlasýslu Bogi Nilsson, staddur í Breiðdal, til þess meðal annars að ganga á merki Lágafells og Eyja samkvæmt beiðni Bergþórs Jóns Guðmundssonar, eiganda Eyja í bréfi dagsettu 15. september 1978. Tilkvaddir eru úttektarmenn hreppsins Baldur Pálsson hreppstjóri og Björgvin Magnússon, bóndi, Höskuldsstaðaseli. Mættir eru eigendur jarðanna Jón Guðmundsson Eyjum og Hjörtur Einarsson, Lágafelli. Til staðar er endurrit úr landskiptabók frá 26. júní 1943.

Jón óskar eftir því að skýrð verði upp merki á stykki neðan þjóðvegjar sem takmarkast samkvæmt skiptagerðinni:

Skolakýlsós – Borgargil.

Ytra-torfugil – varða við þjóðveg.

Gengið var á merkin og þau skýrð þannig:

- I. Að utan hugsast dregin bein lína úr Skolakýlsós við Breiðdalsá í hvítan ~~blett í Borgargili~~ blett í kletti í Ytra-Borgargili. Við þjóðveginn er lína þessi stillt innan við ræktun Lágafells ~~og skv.~~ en utan við tvær vörður á klettum ofan þjóðvegjar.
- II. Að innan verðu hugsast dregin bein lína úr vörðu við þjóðveg, sem reist verður á mel örstutt innan við ræsi sem er á þjóðveginum ~~um vörðu~~ niður með Ytra-Torfugili um vörðu, sem reist verður á mel ca. 2 metrum innan við horn túngirðingar, ^{áfram} um vörðu sem reist verður við símastaur nokkru ofan við Breiðdalsá við Ytra-Torfugil og í Breiðdalsá.

Hægt er fyrir eigendur jarðanna að reisa framanskráðar vörður varanlegar.

Upplesið og viðurkennt:

Bergþór Jón Guðmundsson Eyjum

Hjörtur Einarsson Lágafelli

Björgvin Magnússon

Baldur Pálsson

Bogi Nilsson



Ár 1979 þriðjudaginn 4. september var Bogi Nilsson, sýslumaður í Suður Múlasýslu, staddur í Fáskrúðsfirði, til þess m.a. að ganga á merki Kirkjubóls annars vegar og Gestsstaða og Höfðatúns hins vegar. Hinn 3. desember 1968 var gengið á sömu merki og þau fest, en samhliða breytingu á mörkum Fáskrúðsfjarðar- og Búðahreppa hefur verið samþykkt af öllum, sem hagsmuni af eiga, að breyta merkjum þeim sem fest voru hinn 3. desember 1968 og áður var getið.

Landamerki Kirkjubóls annars vegar og Gestsstaða og Höfðatúns hins vegar verða nú:
Bein lína úr Hoffellsgjá um þúfu á Höfðatá í Dalsá.

Til vettvangsgöngu eru mættir Jón Sigurðsson, sveitastjóri Búðahrepps og Þorsteinn Bjarnason, oddviti Búðahrepps vegna eiganda Kirkjubóls, Sigmundur Eiríksson Gestsstöðum, Jónas Eiríksson, Höfðatúni, Gunnar Pálsson, hreppstjóri Tungu og Sigmar Magnússon, Döllum (~~hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðahrepps~~).

Hæll í merkjavörðu, sem reist var eftir vettvangsgöngu hinn 3. desember 1968 var færður út á Höfðatá og settur þar niður í þúfu á túni og skulu þar verða merki jarðanna. Skuldbinda aðilar sig til þess gera varanlegt merki á þessum stað þegar á þessu hausti. Er nú dregin bein lína úr Hoffellsgjá um merkið á Höfðatúni og beina stefnu áfram í Dalsá. Skuldbinda aðilar sig til þess að gera varanlegt merki á línunni í námunda við Dalsá, en áður skal línan ákveðin með mælitækjum.

Samkomulag er um, að Búðahreppur haldi áfram rétti til malartekju í farvegi Dalsár á svæði því, sem samkvæmt nú gerðri lýsingu fellur til Höfðatúns og Gestsstaða, en taldist til Kirkjubóls samkvæmt gerðinni frá 3. desember 1968.

Fáskrúðsfirði hinn 4. sept. 1979.

Eigendur Gestsstaða og Höfðatúns
Jónas Eiríksson, Sigmundur Eiríksson

Sveitastjóri Búðahrepps:
Jón G. Sigurðsson.

Oddviti Búðahrepps:
Þorsteinn Bjarnason.

Bogi Nilsson
Gunnar Pálsson
Sigmar Magnússon



Endurrit úr þingbók Héraðsdóms Austurlands.

Ár 1992, laugardaginn 3. október, er dómþing Héraðsdóms Austurlands sett að Skólavegi 53, Fáskrúðsfirði, og háð þar af Júlíusi Magnússyni dómara skv. umboðsskrá og meðdómsmönnum Árna Jónssyni, fyrrverandi Landsnámsstjóra ríkisins og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Fyrir er tekið:

Héraðsdómsmálið nr. 2/1992

Friðmar Gunnarsson og Sigmundur Eiríksson vegna Tungu og Gestsstaða gegn

Búðahreppi vegna Kirkjubóls og Búða.

Skjöl málsins nr. 1-30, ásamt endurritum fyrri þinghalda liggja frammi.

Dómari leggur fram:

Nr. 31. Sáttartillögu m/viðfestum upprætti.

Nr. 32. Bréf héraðsdómara á [...] landi.

Nr. 33. Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Nr. 34. Umboðsskrá.

Skjölin fylgja.

Mættir eru Friðmar Gunnarsson og Sigmundur Eiríksson ásamt lögmanni sínum, Bjarna Björgvinsyni hdl. og sveitastjóri Búðahrepps, Þröstur Sigurðsson ásamt lögmanni hreppsins Vilhjálmi Árnasyni hrl.

Lögmaður hreppsins leggur fram:

Nr. 35. Samþykktir hreppsnefndar Búðahrepps dags. 28.07.199[...]

Nr. 36. Samþykktir hreppsnefndar Búðahrepps dags. 25.09.1992.

Skjölin fylgja.

Dómurinn ásamt aðilum og lögmönnum þeirra fór á stað við Dalsá, þar sem er punktur sem nefndur er í gr. í skjali nr. 31, er þar járnstika í ánni. Aðilar lýstu ágreiningslaust hvar sá punktur væri.

Þessu næst var farið í Kirkjubólshes og mældi þar dómurinn 50 m. í norður í samræmi við gr. 2 í dskj. nr. 31. og setti þar niður stiku í hæl.

Þessu næst var rétturinn fluttur á lögreglustöðina að Skólavegi 53, Fáskrúðsfirði.

Þröstur Sigurðsson, sveitastjóri Búðahrepps, óskar eftir því að eftirfarandi verði bókað:

„Í framhaldi af nýgerðri sátt í máli eigenda Tungu og Gestsstaða og Búðahrepps lýsi ég yfir þeim skilningi á 1. lið sáttarinnar að samkomulag á milli eigenda Tungu og Gestsstaða um landamörk sín á milli, hafi engin áhrif á landamörk eða réttindi Búðahrepps.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þá vil ég áréttta, sbr. dskj. nr. 35. og 36., að það er skilningur hreppsnefndar Búðahrepps, að Búðahreppi beri ekki að greiða fyrir malartekju úr þeim geira lands sem féll til Gestsstaða úr Kirkjubólslandi sbr. dskj. nr. 25.“

Sigmundur Eiríksson óskar eftir því að bókað verði vegna bókunar Þratar Sigurðssonar, sveitastjóra, varðandi dskj. nr. 35. og 36. að hann telji mig óbundinn að skilningi sveitastjórnar Búðahrepps, varðandi gjaldtöku fyrir malarnám á fyrr nefndum geira á mörkum Gestsstaða og Kirkjubólslands.

Skv. ábendingu skal hér leiðrétt ónákvæmni í bókun í þinghaldi 7. október 1991. Það var Vilhjálmur Árnason hrl. sem lagði fram dskj. nr. 13-18, en ekki Bjarni Björgvinsson hdl. eins og bókað hafði verið.

Upplesið, játað rétt bókað:

Sigmundur Eiríksson

Bjarni G. Björgvinsson

Friðmar Gunnarsson

Vilhjálmur Árnason

Þróstur Sigurðsson.

Rétti slitið

Júlíus Magnússon

Stefán M. Stefánsson

Árni Jónsson



Ár 1997 föstudaginn 2. maí var fulltrúi sýslumanns í Suður Múlasýslu, Friðrik Pétursson staddur í Breiðdal til þess að ganga á merki jarðanna Lágafells og Óss. Samkvæmt beiðni Vilborgar Hjartardóttur eiganda Lágafells í bréfi dagsettu 28. febrúar 1997. Tilkvaddir eru Baldur Pálsson hreppstjóri og Ómar Bjarnþórsson skólastjóri. Mættir eru eigendur jarðanna Vilborg Hjartardóttir og Pétur Sigurðsson.

Til staðar eru endurrit úr Landamerkjabók frá 16. júní 1883, 27. apríl 1884 og 26. júní 1943. Eigendur eru sáttir við að varða sem hlaðin verður við núverandi girðingarhorn við stórhól ráði mörkum við Djúpadalsá. Síðan verður endurhlaðin varða við Götugil. Merki eru þá bein lína milli þessara tveggja punkta. Samkomulag er um, að girðing sé ekki nákvæmlega á merkjum. Lagt er fyrir eigendur að reisa framangreindar vörður varanlega.

Upplesið og viðurkennt.

Pétur Sigurðsson

Vilborg Hjartard.

Baldur Pálsson

Ómar Bjarnþórsson

Friðrik Pétursson



Landskiptagerð 21. febrúar 1998

Ár 1998, laugardaginn 21. febrúar, er fundur haldinn í matsnefnd, að Vogalandi 4, Djúpavogi, af Gísla M. Auðbergssyni, oddamanni og úttektarmönnum Djúpavogshrepps, Magnúsi Hreinssyni hreppstjóra og Flosa Ingólfssyni. Fyrir eru tekin landskipti jarðanna Kross, Krosshjáleigu, Krossgerðis I og Krossgerðis II. Er nú á fundinum kveðinn upp eftirfarandi landskiptagerð.

I.

Rekstur málsins:

Oddamaður er skipaður af sýslumanninum á Eskifirði, með bréfum dagsettum 21. október 1996 og 18. júní 1997. Skv. þeim er verkefni matsnefndar að skipta óskiptu landi jarðanna; Krossgerðis I, Krossgerðis II, Kross og Krosshjáleigu, í Djúpavogshreppi Suður Múlasýslu.

Með bréfi til sýslumannsins á Eskifirði dags. 23. ágúst 1996 fór Rósa Gísladóttir eigandi jarðarinnar Krossgerði II fram á landskiptin milli jarðanna Krossgerðis I og II í Djúpavogshreppi.

Sýslumaðurinn skipaði með bréfi dagsettu 21. október 1996 Gísla M. Auðbergsson til að vera oddamaður í landskiptanefnd sem talið var að annast skipti þau sem Rósa hafði beðið um.

25. október 1996 óskaði matsnefndin eftir samþykki til hinna fyrnefndu skipta frá Jarðanefnd Suður-Múlasýslu, Djúpavogshreppi og Landbúnaðarráðuneyti sbr. 3. mgr. 12. gr. jarðlaga nr. 65 frá 1976. Sama dag, var eigendum þessara jarða, Rósu Gísladóttur og Ingólfi Árnasyni, sent bréf og þau boðuð til fundar þann 16. nóvember s.á. Að ósk beggja aðila var hins vegar horfið frá því að halda fund á þessum tíma og ákveðið að bíða fram á vorið með það.

Með bréfi dagsettu 8. nóvember 1996 samþykkti jarðanefndin landskiptin, og sama gerði Djúpavogshreppur með bréfi dags. 27. nóvember s.á. Frá Landbúnaðarráðuneytinu fengust hins vegar þau svör að ráðuneytið túlkaði jarðlöginn þannig að staðfestingar þess á landskiptum ætti að afla þegar skiptagerð lægi fyrir en ekki fyrir.

Þann 25. febrúar 1997 skrifaði sveitarstjóri Djúpavogshrepps matsnefndinni bréf þar sem sagði að samþykki sveitarfélagsins fyrir skiptum hefði verið byggð á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik og því tæki hreppstjórinn sér „lengri tíma til að skoða málið út frá öllum sjónarmiðum áður en hún gefur leyfi sitt og dregur fyrri bókun sína til baka.“ Sama dag og bréf þetta barst oddamanni var því svarað að hálfu matsnefndarinnar og þess óskað að endanleg afstaða sveitarfélagsins fengist sem allra fyrst auk þess sem lýst var efasemdum með að afturköllun á samþykki sveitarfélagsins fengi staðist ákvæði stjórnarsýslulaga. Þetta var ítrekað að hálfu matsnefndarinnar með öðru bréfi til hreppsins, dags. 8. mars 1997. Þann 8. mars 1997 óskaði matsnefndin eftir greinagerð skiptabeidanda, Rósu Gísladóttur, um málið auk loftmyndar af jörðunum og bárust þau gögn oddamanni þann 1. apríl 1997.



Þann 16. apríl 1997 óskaði matsnefndin eftir greinagerð eiganda Krossgerðis I um skiptin og barst hún þann 15. maí s.á. Áður hafði Sigurður Ingólfsson sent umboð frá Ingólfi til Þórs og Arnar. Í tilv. greinagerð er landskiptum m.a. mótmælt vegna þess að samþykki Djúpavogshrepps hafði verið afturkallað.

Með bréfi dags. 22. apríl 1997 til oddamanns og sýslumannsins á Eskifirði, fór Helgi Jensson fram á það að jarðirnar Kross og Krosshjáleiga yrðu teknar inn í skiptin, þar sem hann kvað allar fjórar jarðirnar vera eina óskipta heild. Þann 18. júní 1997 skipti sýslumaður Gísli M. Auðbergsson sem oddamaður við landskipti og fól nefndinni að skipta öllum jörðunum.

Þegar þessi afstaða sýslumanns lá fyrir óskaði matsnefndin með bréfi dags. 9. júlí 1997, eftir því við Helga Jensson að hann legði fram greinagerð í málinu og barst hún nokkru síðar, dags. 23. júlí 1997.

Þann 9. ágúst 1997 boðaði matsnefndin málsaðila til fundar sem haldinn var í Hamraborg í Berufirði og mættu þangað fulltrúar Krossgerðis I og Kross/Krosshjáleigu. Í kjölfarið var farið og landið skoðað auk þess sem nefndarmenn hittu á vettvangi eiganda Krossgerðis II.

Sigurður Björgvinsson sendi nefndinni bréf, dags. 13. september 1997, þar sem hann færir rök að því að landinu verði skipt milli Krossgerðis I og II annars vegar og Kross og Krosshjáleigu hins vegar.

17. september 1997 barst matsnefndinni greinagerð eiganda Krossgerðis I. Þar kom m.a. fram sú krafa að nefndin myndi vísa þætti Kross og Krosshjáleigu frá skiptum.

1. október 1997 barst nefndinni bréf Sigurðar Björgvinssonar þar sem sett er fram enn frekari útlistun á málstað Krossgerðis II. 7. október 1997 ritar fulltrúi eiganda Kross og Krosshjáleigu sérstaka greinagerð um frávisunarkröfuna og færir fram rök gegn henni. Á fundi sveitastjórnar Djúpavogshrepps þann 6. nóvember 1997 voru formlega samþykkt landskipti milli allra fjögurra jarðanna, sama gerði jarðanefnd með bréfi dags. 8. desember 1997.

Þann 23. desember 1997 barst oddamanni afrit af bréfi Þórs og Arnar Ingólfssona til sýslumanns á Eskifirði, þar sem þess var krafist að landskiptanefndin yrði leyst frá störfum og ný skipuð. Sama dag sendi matsnefnd sýslumanni sjónarmið sín þar sem mótmælt var umræddri kröfu. Ekki hefur heyrst frá sýslumanni vegna þessa.

Í janúarlök 1998 barst bréf Sigurðar Björgvinssonar sem hefði að geyma yfirlýsingar þriggja staðkunnugra manna þess efnis að landamerki hafi verið milli Krossgerðis I og II annars vegar og Kross og Krosshjáleigu hins vegar, þau hafi verið neðan frá sjó innst á Gvendarhóli og þaðan sjónlínu beint í svonefnt Hjáleigugil. Málsaðilar voru boðaðir til fundar sem var haldinn þann 21. febrúar 1998, en ekki var mætt að hálfu neins þeirra. Í fundarboði sagði að nefndin myndi telja að aðilar hefðu ekkert frekar fram að færa nema það kæmi fram fyrir fundinn. Barst ekkert nýtt í tilefni að þessu.

II.

Krafa eiganda Krossgerðis I um að vísað verði frá skiptum þætti Kross og Krosshjáleigu.

Að hálfu Krossgerðis I hefur verið gerð sú krafa að matsnefndin vísi frá kröfu eiganda Kross og Krosshjáleigu um að þær jarðir verði teknar undir skiptin. Ágreiningslaust verði að telja að



landamörk séu gagnvart Krossi og Krosshjáleigu frá innanverðum Gvendarhóli við sjó og þaðan í beinni línu um innanverðan Öldu og upp í Hjáleigukamb.

Fyrir áratugum hafi landinu verið skipt án þess að þeim skiptum væri þinglýst, „bindandi samningur um skipti milli jarðanna hefur því stofnast með einum eða öðrum hætti.“ Bent er á að landamörkin, séu skýrlega afmörkuð, girt og að aldrei hafi komið fram ágreiningur um þau skipti. Þeim sé lýst í ritinu „Sveitir og jarðir í Múlaþingi“. Við landskipti 1979 milli Kross og Krosshjáleigu hefi því verið lýst yfir að hálfu gagnaðila að skil þeirra jarða gagnvart öðrum jörðum séu ágreiningslaus og með því hafi verið gefið bindandi loforð um að svo sé.

Mörkunum sé einnig lýst í örnefnaskrá fyrir jarðirnar og hafi jarðeigendur aðstoðað við samningu hennar. Þá er bent á að eigendur Kross og Krosshjáleigu hafi aldrei haft afskipti af nýtingu Krossgerðishlutans t.d. af malarnámi í Krossá.

Á skiptafundi var bókað að ekki sé fallist á eignarhlutföll þau, sem eigandi Kross og Krosshjáleigu vilji byggja á. Í greinagerð sem síðar kom frá Krossgerði I, segir að grundvallarágreiningur sé um eignarhlutföll, og því sé ekki unnt að framkvæma landskipti. Kross og Krosshjáleiga telji sig eiga 5/7 flatatmáls. Fornu hundruðin hafi hins vegar ekki verið eignarhlutföll, heldur mat á markaðsverði lands út frá gæðum landsins. Þar sem þessi ágreiningur sé, þá sé skv. 3. mgr. 3. gr. landskipalaga nr. 46 frá 1941, ekki grundvöllur til að skipti fari fram.

Í bréfi til sýslumannsins á Eskifirði í desember 1997 lýsa umboðsmenn eiganda Krossgerðis I þeirri skoðun sinni að þegar Kross og Krosshjáleiga komu fyrst inn í málið hafi matsnefndin skv. 9. gr. landskiptalaganna átt að vísa ágreiningi um landamerki til sýslumanns, sem þá hafi átt að taka ágreininginn fyrir skv. landamerkjälögum.

Afstaða Krossgerðis II til frávísunar.

Af hálfu Krossgerðis II var að mestu leyti tekið undir rök Krossgerðis I fyrir frávísun. Bent er á að skriflegar ótvíræðar heimilidir liggi fyrir um skiptingu sem sé aldagömul. Í því sambandi var bent á „Sveitir og jarðir í Múlaþingi“ of örnefnaskrá. Lögð voru fram gögn sem sýndu afgreiðslu matsnefndar eignarnámsbóta varðandi malartöku úr Krossá, þar sem Krossgerðisbæirnir áttu aðild en ekki Kross og Krosshjáleiga. Þá voru lögð fram vottorð manna sem vel hafa þekkt til á þessum bæjum undanfarna áratugi um að litið hafi verið á línuna C (sjá innfærslu á loftmynd) sem landamerki og að afnot og arður af landinu hafi skipts út frá því.

Málatilbúnaður eiganda Kross og Krosshjáleigu varðandi frávísunarkröfuna.

Eigandi Kross og Krosshjáleigu heldur því fram að skv. landamerkjälýsingu frá 23. júní 1884 og jarðamati frá 1861, sé land jarðanna fjögurra óskipt, og frá þeim tíma hafi ekkert breyst, hvorki eignarhlutföll né skipting verið framkvæmd.

Hann kveður að girðingin frá Gvendarhóli og í stefnu að Hjáleigugili (merkt sem lína C á korti matsnefndar) sé alls engin landimerkjagirðing, heldur einungis fjárgirðing. Hann hafi sjálfur unnið við að setja upp hluta þessarar girðingar, það hafi verið gert til að auðvelda bændum að halda fé sínu aðgreindu, en alls ekki sem landskipti.

Engin skipti hafi farið fram á landi jarðanna. Lýsingar í örnefnaskrá og ritinu „Sveitir og jarðir í Múlaþingi“ á landamörkum séu byggðar á miskilningi og hafi enga sjálfstæða þýðingu



sem sönnunargögn í þessu efni. Landskiptin frá 1979 megi heldur ekki líta á sem landamerkjalyfingu eða landskiptagerð gagnvart Krossgerðisbæjunum og því síður sem bindandi yfirlýsingu af hálfu landeiganda sem hafi verið ósáttir við bókanir þeirrar landskiptanefndar og neitað að undirrita þær. Því er einnig mótmælt að eigendur Krossgerðis hafi unnið einhvern rétt með hefð og vísað til 3. mgr. 10. gr. landskiptalaganna því til stuðnings.

Að hálfu Kross og Krosshjáleigu er bent á að þó 16. gr. landskiptalaganna heimili aðilum að skipta landi sín á milli sjálfir, þá skuli það gert á ákveðinn hátt sbr. 15. og 16. gr., með atbeina úttekta- eða matsmanna, og gagnaðilar hafi ekki sýnt fram á slíkt.

Eigandi Kross og Krosshjáleigu heldur því fram að matsmenn geti framkvæmt landskiptin þó deilt sé um hvaða eiganrhutföll skuli miða við og hvaða jarðmat skuli nota, og vísar því til stuðnings til Hrd. 1988, 1683. Auk þess séu mótmæli gagnaðila varðandi eiganrhutföll órökstudd.

III.

Sjónarmið upphafslegs skiptabeiddanda Krossgerðis II, um hvernig skipta beri landinu.

Kröfur og óskir þær sem eigandi Krossgerðis II hefur sett fram varðandi skiptin milli Krossgerðisbæjanna tveggja, eru eftirfarandi: Að land Krossgerðis II verði samfellt og sem heildstæðast og settar eru fram á uppdrætti tillögur í þessa veru. Að skiptingin verði jöfn milli Krossgerðis I og II, því eiganrhutföllin milli þessara bæja séu jöfn. Þess er óskað að landið ofan gamla þjóðvegur verði áfram óskipt sameign jarðanna. Gerð er krafa um að sameiginleg heimreið að bæjunum verði hindrunarlaus, svo og gamli þjóðvegurinn. Gerð er krafa um 50% rétt til nýtingar á eignarheimildum Krossgerðisjarðanna í Krossá, þ.á m. efnistöku. Þá lýsir eigandi Krossgerðis II því að nauðsynlegt sé að bæirnir hafi gagnkvæman rétt til aðgangs að neysluvatni í landi því sem hinn fái út úr skiptunum, þ.e. til uppsetningar og notkunar vatnsbóls og vatnslagna.

Að hálfu eiganda Krossgerðis II er lögð rík áhersla á að skiptin nái fram að ganga, þar sem miklir erfiðleikar hafi verið í samskiptum aðila vegna sameignar sinnar.

Þess er krafist að hálfu Krossgerðis II, að skipti verði skv. jarðamati J. Johnsens frá 1847 en ekki jarðmati frá 1861. Skv. eldra matinu sé jörðin Kross metin sem 14 hundruð en 15 hundruð skv. matinu frá 1861. Mat hinna jarðanna sé hið sama í báðum heimildum. Að auki kemur fram það sjónarmið að ef skipt verði eftir jarðmati frá 19. öld þá skuli miðað við búnaðar-, hlunninda- og fiskveiðaforsendur þess tíma, en ekki núverandi.

Málatilbúnaður eiganda Krossgerðis I varðandi skiptingu lands milli jarðanna.

Eigandi Krossgerðis I mótmælti eindregið að skipti færu fram milli Krossgerðis I og Krossgerðis II, þar sem skiptin myndu kippa fótum undan búskap í Krossgerði I.

Af hálfu Krossgerðis I hefur á öllum stigum skiptameðferðarinnar verið lögð mikil áhersla á að Djúpavogshreppur samþykki ekki landskiptin og því eigi þau ekki að ná fram að ganga. Umboðsmaður eigandans fór fram á það við Djúpavogshrepp með bréfi dags. 30. desember 1996, að sveitafélagið myndi mæta með innlausn hans á eignarhlut Rósu Gísladóttur í Krossgerði, m.ö.o. innlausn á Krossgerði II. Á grundvelli lögfræðilegrar álitsgerðar Bernhards



Bogasonar hdl., sem Djúpavogshreppur aflaði sér, virðist hreppurinn hafa ákveðið að taka það til frekari skoðunar hvort hann myndi samþykkja landskiptin eða ekki.

Um skiptingu lands milli Krossgerðis I og Krossgerðis II hefur af hálfu Krossgerðis I verið gerð tillaga, sem gerir ráð fyrir að land Krossgerðis II skiptist í tvo aðgreinda hluta, utan og innan við land Krossgerðis. Fallist er á að land ofan gamla þjóðveggar verði óskipt áfram. Lagt er til að réttur til malartöku, veiði o.þ.h. í Krossá skiptist jafnt milli jarðanna. Lagt er til að hvor jörð um sig útvegi sér neysluvatn. Farið er fram á að skiptin fari fram í hlutföllunum 50% - 50% sem séu eignarhlutföll jarðanna í óskiptu landi þeirra.

Á fundi þann 9. ágúst 1997 var því lýst yfir af hálfu Krossgerðis I að reynt yrði að ná sáttum við eiganda Krossgerðis II um skiptingu lands milli þessara tveggja jarða.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Þess er krafist að ef Kross og Krosshjáleiga verða tekin undir skiptin, þá verði skiptin engu að síður dregin um línuna C (sjá innfærslu á loftmynd). Er þetta rökstutt með því að langlíklegast sé að aðilar séu búnir að semja um þetta svona. Auk þess hafi unnist hefð á þeirri skiptingu sem nú viðgengst.

Kröfur Kross og Krosshjáleigu um hvernig skiptingu verði háttáð milli jarðanna.

Jarðirnar Kross og Krosshjáleiga eru í eigu sama manns og er því ekki farið fram á að skipt verði landi á milli þeirra jarða, heldur verði það ein heild, enda líti hann á Krosshjáleigu sem hluta af jörðinni Krossi.

Sett er fram krafa að skiptingunni, verði hagað skv. jarðamatinu frá 1861, enda hafi eigendur Krossgerðisbæjanna ekki getað sýnt fram á önnur eignarhlutföll. Kross fái 12/21 hluta, Krosshjáleiga 3/21 og Krossgerðisbæirnir skipti með sér 6/21.

Eigandi Kross og Krosshjáleigu telur að miða beri við verðmæti lands og landsgæða í dag, en skipta skv. gömlu hlutföllunum og telur Hrd. 1993, 1061 rökstyðja það.

Tekið er fram að nýting landsins síðustu ár hafi að mestu miðast við girðingu þá sem merkt er sem lína C (sjá innfærslu á loftmynd). Skv. mælingu telur eigandi Kross að það land sem Kross og Krosshjáleiga hafi haft skv. þessu séu 90 hektarar á mót 141,2 ha. sem Krossgerðisbæirnir hafi haft. Settar eru fram tvær tillögur um skiptingu, báðar miði við að Kross og Krosshjáleiga haldi því landi sem er utan við línuna C, en fái að auki annaðhvort landið milli Krossár og Leitislækjar eða allt landið neðan núv. Þjóðveggar. Fyrri tillagan felur í sér að land Kross og Krosshjáleigu verði ekki samfellt og er fallist á að skiptingunni verði háttáð þannig. Fallist var á að skiptin nái aðeins til láglandisins neðan gamla þjóðveggar.

Varðandi kostnað af skiptunum var þess krafist að hann skiptist þannig að kostnaður sem til var orðin áður en eigandi Kross og Krosshjáleigu gerðist aðili að skiptunum skiptist milli Krossgerðis I og II, svo og kostnaður vegna frávísunarkröfu Krossgerðisbæjanna, en annar kostnaður sem síðar kom til skiptist milli allra jarðanna í eignarhlutföllum.

IV.

Álit matsnefndar.

Fyrir liggur að þegar jarðamat 1861 fór fram var land jarða þeirra sem hér um ræðir óskipt og einnig þann 23. júní 1884 þegar landamerkjum þeirra var þinglýst á manntalsþingi að



viðstöddum eigendum og ábúendum. Talsverðar líkur hafa aftur á móti verið leiddar að því að landskipti hafi farið fram milli Kross og Krosshjáleigu annars vegar og Krossgerðisbæja hins vegar. Matsnefndin telur þó ekki unnt að horfa framhjá þessum gögnum, nema fullar sönnur verði færðar á síðari skipti. Kemur þetta því ekki í veg fyrir að skipti fari fram milli allra jarðanna.

Matsnefndin getur ekki fallist á að fyrir hendi sé slíkur ágreiningur um eignarhlutföll jarðarinnar að ákvæði 3. mgr. 3. gr. landskiptalaga standi í vegi fyrir skiptum, því að taka verði lögin þannig að ekki sé nægilegt að einhver aðili lýsi því yfir að ágreiningur sé um þetta, heldur verði að vera einhver raunverulegur vafi um hver eignarhlutföllin séu. Í þessu máli virðist ljóst að skipt skuli skv. jarðamati frá 1861 og ekkert vera í vegi fyrir því að svo sé gert.

Matsnefnd telur ákvæði 9. gr. landskiptalaganna, um að ágreiningi um landamerki skuli vísa til sýslumanns, ekki eiga við í þessu máli. Hér er ekki deilt um hver landamerki séu, heldur um það hvort þau séu yfirhöfuð fyrir hendi, þ.e. um hvort landið sé skipt eður óskipt.

Skv. framansögðu ber því að taka allt land Krossgerðisbæja, Kross og Krosshjáleigu til skipta sem óskipt.

Sem fyrr segir ber skv. 1. mgr. 2. gr. landskiptalaganna að skipta skv. jarðmatinu frá 1861. Skv. því er Kross 12 hundruð, Krosshjáleiga 3 hundruð og Krossgerði 6 hundruð. Í þessu mati er Krossgerði ein jörð, en lagt skal til grundvallar að hún skiptist að jöfnu milli Krossgerðis I og Krossgerðis II enda eru eigendur þeirra jarða sammála um að svo sé. Matsnefndin leggur því til grundvallar þau skiptahlutföll, að Kross og Krosshjáleiga fái í sinn hlut 5/7 hluta heildarlandsins, Krossgerði I fái 1/7 hluta og Krossgerði II fái 1/7 hluta.

Við ákvörðun um skiptinguna hefur matsnefndin haft í huga sjónarmið og óskir aðila, reynt að hafa land jarðanna sem heildstæðast og þannig að þær haldi sem allra mestu af þeim svæðum sem þær hafa nýtt fram að þessu. Þetta er þó ekki unnt nema með því að skipta landi Kross og Krosshjáleigu í tvo aðgreinda hluta, en eigandi þeirra jarða hefur samþykkt slíka skiptingu. Enginn málsaðila óskar eftir því að fjallendinu ofan gamla þjóðvegur verði skipt, þannig að nefndin ákveður að það land skuli áfram vera í óskiptri sameign jarðanna. Er þá miðað við land ofan gamla þjóðvegur, nema yst í landinu er miðað við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur ofar en gamli þjóðvegurinn.

Fram hefur komið að erfitt sé að fá neysluvatn fyrir Krossgerðisbæina, og líklega þurfi annarhvor bæjanna að fá að hafa vatnsból í landi hins eða vatnslagnir. Nefndin ákveður því að bæirnir eigi gagnkvæman rétt til þess að leggja vatnsleiðslur og útbúa vatnsból í landi hins, gerist þess þörf. Þó auðvitað þannig að sem allra minnst hagsmunaröskun fylgi fyrir hinn. Sameiginleg heimreið er að Krossgerði I og Krossgerði II, og verður svo áfram. Skipting landsins skal verða sem hér segir: Dregin er lína frá gamla þjóðvegi og niður í sjó. Efst liggur línan í svokölluðum Leitislæk, en heldur síðan áfram við rætur klettabeltis sem er innan við þann læk, að sjó. Lína þessi er merkt A á loftmynd sem skoðast sem hluti af niðurstöðu nefndarinnar. Kross og Krosshjáleiga eiga það land sem verður innan við línuna. Dregin er lína frá gamla þjóðveginum niður heimreiðina að Krossgerðisbæjunum og áfram niður eftir heimreiðinni þaðan niður á nýja þjóðveg, síðan eftir honum inneftir u.þ.b. 550 m. að afleggjara sem þar er af þjóðvegi og niður á neðra land, og þaðan bein lína að höfða eða kletti við sjó. Lína þessi er merkt B á loftmyndinni. Krossgerði I á það land sem liggur á milli línanna A og B. Dregin er lína frá innanverðum Gvendarhóli við sjó, þaðan beint upp í



Hjáleigugil. Er hún merkt C á nefndri loftmynd. Krossgerði II á landið milli línanna B og C, en Kross og Krosshjáleiga landið utan við línuna C. Loks er dregin lína við brekkurætur eftir gamla þjóðveginum að mestu, nema yst eftir nýja þjóðveginum á þeim kafla þar sem hann liggur ofar í landinum en gamli þjóðvegurinn. Landið ofan þessarar línu er óskipt. Lagt er fyrir landseigendur að setja upp glögg merki fyrir skiptunum.

Varðandi kostnað af skiptunum verður að fara eftir 2. mgr. 6. gr. landskiptalaganna, og skipta honum milli aðila í sömu hlutföllum og landinu. Í þessu sambandi skal tekið fram að nefndin telur að sú vinna sem unnin hafi verið áður en eigandi Kross og Krosshjáleigu gerðist aðili að skiptunum, hafi að öllu verulega nýst í þágu skipta á öllum jörðunum. Skv. þessu skal eigandi Kross og Krosshjáleigu bera 5/7 hluta kostnaður og eigendur Krossgerðis I og II 1/7 hluta hvor.

Niðurstaða.

Frávísunarkröfu eigenda Krossgerðis I og Krossgerðis II á því að Kross og Krosshjáleigu komi undir skiptin, er hafnað.

Í hlut Kross og Krosshjáleigu kemur svæðið milli Krossár og línu A og svæðið utan við línuna C.

Í hlut Krossgerðis I kemur svæðið milli línanna A og B.

Í hlut Krossgerðis II kemur svæðið milli línanna B og C.

Landsvæði það sem er ofan við línu mekta D er óskipt sameign allra jarðanna.

Heimkeyrsla heim að bæjunum Krossgerði I og Krossgerði II er sameiginleg.

Jarðirnar Krossgerði I og Krossgerði II hafa heimild til að taka neysluvatn úr landi hvor annarra og leggja leiðslur í því skyni, þó þannig að valdi sem minnstri röskun.

Kostnaður af skiptum þessum skiptist þannig að Kross/Krosshjáleiga greiði 5/7 hluta, Krossgerði I greiði 1/7 hluta og Krossgerði II greiði 1/7 hluta.

Lagt er fyrir landeigendur að setja upp merki fyrir skiptunum.

Gísli M. Auðbergsson (sign)

Magnús Hreinsson (sign)

Flosi Ingólfsson (sign).

Innfært 4. mars 1998.



Ár 1996, fimmtudaginn 30. maí kl. 9:00 kemur saman að Skólavegi 53 á Fáskrúðsfirði, landskiptanefnd Steinaborgar og Fossgerðis í Djúpavogshreppi. Á fundinum eru mættir Gísli M. Auðbergsson, Magnús Hreinsson og Dagbjartur Harðarson.

Lögð eru fram eftirtalin gögn:

Nr. 26. Loftmynd af jörðunum.

Nr. 27. Reikningur Landmælinga Íslands

Nr. 28. Bréf nefndarinnar til Jarðanefndar Suður-Múlasýslu, dags. 10. maí 1996.

Nr. 29. Bréf Jarðanefndar Suður-Múlasýslu dags. 12. maí 1996.

Er nú samþykkt svofelld;

Skiptagerð

Skiptabeiðandi, Kristmann Jónsson, kt. 190915-2399, Hofslundi 4, Garðabæ, óskaði eftir skiptum þessum með bréfi dags. 30. júlí 1995, til sýslumannsins á Eskifirði. Kristmann er þinglesinn eigandi jarðarinnar Steinborgar. Skiptaþolar eru Þorgerður Þorleifsdóttir kt. 280628-2639, Huldubraut 1, Kópavogi, Sigurður Þorleifsson kt. 181130-3939, Karlsstöðum, Djúpavogshreppi og Ragnhildur Þorleifsdóttir, kt. 160443-3249, Bergholti 8, Mosfellsbæ, sem eru sameiginlega eigendur jarðarinnar Fossgerðis.

Þar sem lögfest skipti á landi jarðanna hafa aldrei farið fram, verður að telja að skipti séu kræf, sbr. 1.tl. 1. gr. landskiptalaga nr. 46 frá 1941. Býlin Steinaborg og Fossgerði eru frá fornu fari ein og sama jörðin. Í jarðamati frá 1861 er býlið Steinaborg metið á 128 ríkisbankadali og jörðin Fossgerði á 126 ríkisdali.

Af hálfu beggja málsaðila, var því lýst yfir á fundi með landskiptanefnd þann 30. september sl. að svo lengi sem þeir myndu eftir, og a.m.k. lengur en tuttugu ár, hafi verið talið að eignahlutföll jarðanna væru jöfn, og að vilji þeirra væri sá, að skipt gerði skv. því. Með vísan til 2. gr. sérstaklega 4. mgr. landskiptingalaganna er því gengið út frá því í landskiptingagjörð þessari, að hinu óskipta landi jarðanna verði skipt þannig að 50% komi í hlut Fossgerðis.

Í landskiptinganevnd sitja Magnús Hreinsson hreppstjóri Djúpavogshrepps, Dagbjartur Harðarson varaúttektarmaður Djúpavogshrepps í forföllum Unnþórs Sæbjörnssonar úttektarmanns, og Gísli M. Auðbergsson lögfræðingur, sem með bréfi sýslumannsins á Eskifirði, dags. 23. ágúst 1995.

Hvorugur aðila máls þessa varð við áskorun nefndarinnar um að senda inn skriflega kröfugerð í málinu, rökstuðningur fyrir kröfum og gögnum máli sínu til stuðnings. Af hálfu beggja aðila var hins vegar gerð ítarlega grein fyrir kröfunum og röksemdum þeirra, á fundum með landskiptingarnefnd 7. og 30. september 1995.

Málatilbúnaður skiptabeiðanda:

Skiptabeiðandi óskar eftir að skipt verði óskiptu landi býlanna neðan við klettarætur, en að þar fyrir ofan, og í Krossdal verði land jarðanna áfram í óskiptri sameign.



Skiptabeiddandi óskar eftir að skipt verði þannig að í hans hlut falli skiptanlegt land og klettur, tún, engjar, land að sjó og melar, hann óskar eftir að brekkur ofan Þjóðvegur, upp af Steinaborg falli í sinn hlut, og tún umhverfis bæinn, og óræktað land neðan Mótorfu.

Auk þess gerir hann kröfu um að fá að útbúa sér heimreið heim að Steinaborga bænum nokkurn veginn beint neðan af núverandi Þjóðvegi. Hann krefst þess að loks að sér verði tryggður umferðaréttur í Krossdal.

Skiptabeiddandi fellst á að í hlut skiptapola falli svokallað Fossgerðistún, Mótorfa og brekkur ofan Fossgerðisbæjarins.

Málatilbúnaður skiptapola:

Af hálfu skiptapola er þess óskað að í hlut Fossgerðis falli Fossgerðistún, brekkur ofan Fossgerðisbæjarins og Mótorfa.

Skiptapoli mómælir því að brekkur ofan Steinaborgarbæjarins falli í hlut Steinaborgar, og vill að þær verði óskiptar eða a.m.k. að hann eigi þar umferðarrétt milli Fossgerðis og Karlsstaða.

Skiptapoli kveðst ekki geta fallist á að landi Fossgerðis verði skipt í tvo aðgreinda hluta, nema þá þannig að einhvert landandanna fylgi til að tengja hlutana.

Landamerki þess svæðis sem skipta á, gagnvart aðliggjandi jörðum, eru óumdeild. Ekki er kunnugt um að aðrir eru landeigendur eigi réttindi yfir sameignarlandinu.

Niðurstaða landskiptingarnefndar:

Landskipti þessi eru afar vandasöm. Ræður þar mestu um að hús, ræktað og ræktanlegt land jarðarinnar eru í sama horni þeirra.

Nefndin telur ekki stætt á, vegna mótmæla skiptapola að skipta landinu þannig að í hlut Fossgerðis fari tveir aðgreindir partar, yst og innst í landinu, þrátt fyrir að slík skipting sé að mörgu leiti hagkvæm.

Nefndin byggir á þeim sjónarmiðum, að skipta sem jafnast bæði m.t.t. flatarmáls, og þannig að skipting á ræktanlegu landi, landi að sjó, klettum o.s.frv. verði sem jöfnust. Einnig verður að taka tillit til óska aðila og þess að skiptingin verði sem einföldust og hagkvæmust.

Báðir aðilar eru sammála um að í hlut Fossgerðis falli Fossgerðisbærinn, tún umhverfis hann, brekkur ofan hans, svo svokallaðrar Mótorfu.

Aðilar eru sammála um að í hlut Steinaborgar falli bærinn og túnin þar umhverfis og niður af. Landskiptingarnefnd miðar niðurstöður sínar við að skipt verði skv. þessum sameiginlegu óskum aðila. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess hvernig draga beri mörkin milli jarðarpartanna.

Niðurstaðan meirihluta nefndarinnar er færð á loftmynd á skjali 26, sem skoðast sem hluti landskiptingargerðar þessarar.

Skiptingin er þá þessi:

Í hlut Fossgerðis fellur land utan/austan við línur A, auk lands neðan/sunnan við línu C á meðfylgjandi loftmynd, niður að núverandi Þjóðvegi. Fossgerði fær land innan/vestar við línu D að landamörkum Karlsstaða. Neðan Þjóðvegur fær Fossgerði land innan/vestan við ræsi sem merkt er E á loftmyndinni. Lína C er mæld 50 metrar frá núverandi Þjóðvegi, og liggur samsíða honum.



Fossgerði fær og sker merkt F á loftmynd.

Steinaborg fær í sinn hlut landsvæði það sem afmarkast innan línanna A, B, C og D, og auk þess land neðan núverandi þjóðvegi, sem afmarkast af ræsi, merktu E og úteftir/austur að Krossá. Eyjar og sker merkt G á loftmynd falla í hlut Steinaborgar.

Steinaborg á rétt til að gera heimreið á einum stað frá þjóðvegi að línu C, gegnum land Fossgerðis. Steinaborg á umferðarrétt upp í Krossdal, gegnum land Fossgerðis, en þeirri umferð ber að hafa þannig að sem allra minnstri röskun valdi á hagsmunum eigenda Fossgerðis.

Álit minnihluta nefndarinnar, Gísla M. Auðbergssonar:

Ég er sammála meirihluta nefndarinnar um línur A og B.

Frá skurðarpunkti línanna B og C hefði ég viljað draga línu að punkti sem hugsast dreginn nálægt því svæði sem merkt er H á loftmyndinni, og þaðan af annari línu sem dregin yrði frá H og niður að línu E þar sem hún kemur að sjó.

Fossgerði fengi land utan/austan þessara línu, og Steinaborg innan/vestan þeirra.

Eyjar G fengi Fossgerði, og Steinaborg sker merkt F.

Ég er sammála meirihluta nefndarinnar um að umferðaréttur Steinaborgar að Krossdal og rétt til heimreiðar.

Aðilar óskuðu báðir eftir að skipt yrði skv. uppdrætti. Landskiptingarnefnd telur ekki þörf á að leggja fyrir aðila að setja upp merki fyrir skiptunum.

Aðilar beri kostnað af skiptunum að jöfnu.

Skiptagerð þessari skal færð í landskiptingarbók Suður-Múlasýslu og þinglýst.

Magnús Hreinsson

Dagbjartur Harðarson

Gísli M Auðbergsson.

Nefndin felur Gísla M. Auðbergssyni að koma skiptagerð þessari á framfæri við landeigendur og sýslumann, og að ganga frá reikningum vegna starfa nefndarinnar.

Fundi slitið kl 14:03

Gísli M. Auðbergsson

Dagbjartur Harðarson

Magnús Hreinsson.

Innfært 30. okt. '98.



Bók þessi, sem hefir að geyma eitt hundrað fjórtíu og níu tölusett blöð, og sem er gegnum dregin og útbúin með innsigli Norður- og austur-amsins löggildist hérmeð sem landamerkjabók fyrir Suðurmúlasýslu samkvæmt 6. gr. í landamerkjalögum 17. marz 1882.

Skrifstofu Norður-og austur-amsins 31. marz 1883.

JHavsteen

settur.